

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Inflectra 100 mg stofn fyrir innrennslisþykkni, lausn.

2. INNIHALDSLÝSING

Eitt Inflectra hettuglas inniheldur 100 mg af infliximabi*. Eftir blöndun inniheldur hver ml 10 mg af infliximabi.

* Infliximab er blendings manna-músa IgG1 einstofna mótefni sem er myndað í músa blendingsæxlisfrumum með DNA samrunaerfðatækni.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stofn fyrir innrennslisþykkni, lausn (stofn fyrir þykkni).

Stofninn er hvítur.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Iktsýki

Ábendingar fyrir Inflectra gefið samhliða metotrexati eru að draga úr einkennum og bæta jafnframt líkamlegt ástand hjá:

- fullorðnum sjúklingum með virkan sjúkdóm þegar svörun við öðrum gigtarlyfjum sem draga úr sjúkdómseinkennum (sjúkdómstemprandi gigtarlyfjum - DMARDs), þar með talið metotrexat, hefur ekki verið fullnægjandi.
- fullorðnum sjúklingum með alvarlegan, virkan og versnandi sjúkdóm sem hafa ekki áður verið meðhöndlaðir með metotrexati eða öðrum gigtarlyfjum (sjúkdómstemprandi gigtarlyfjum).

Hjá þessum hópi sjúklinga hefur verið sýnt fram á með röntgenmyndum að það hægist á framvindu liðskemmda (sjá kafla 5.1).

Crohns sjúkdómur hjá fullorðnum

Ábendingar fyrir Inflectra eru:

- meðferð við miðlungs virkum eða mjög virkum Crohns sjúkdómi hjá fullorðnum sjúklingum sem hafa ekki svarað þrátt fyrir fullnægjandi barkstera- og/eða ónæmisbælandi lyfjameðferð; eða hjá sjúklingum sem ekki þola þá meðferð eða slík meðferð er ekki viðeigandi af læknisfræðilegum ástæðum.
- meðferð við fistilmyndandi, virkum Crohns sjúkdómi hjá fullorðnum sjúklingum sem hafa ekki svarað þrátt fyrir fullnægjandi hefðbundna lyfjameðferð (þar með talið sýklalyf, afrennsli (drainage) og ónæmisbælandi lyfjameðferð).

Crohns sjúkdómur hjá börnum

Ábendingar fyrir Inflectra eru meðferð við alvarlegum virkum Crohns sjúkdómi hjá börnum og unglingum 6 til 17 ára sem hafa ekki svarað hefðbundinni meðferð þar með talið með barksterum, ónæmismótandi lyfjameðferð og næringarmeðferð; eða hjá sjúklingum sem ekki þola eða eru með frábendingar fyrir þannig meðferðum. Infliximab hefur eingöngu verið rannsakað í samsettri meðferð með hefðbundinni ónæmisbælandi meðferð.

Sáraristilbólga

Inflectra er ætlað til meðferðar við miðlungs virkri eða mjög virkri sáraristilbólgu (ulcerative colitis) hjá fullorðnum sjúklingum sem hafa ekki fengið nægilega góða svörun við hefðbundinni meðferð (að meðtöldum barksterum og 6-merkaptópúríni (6-MP) eða azatíopríni (AZA) og hjá sjúklingum sem ekki þola þá meðferð eða slík meðferð er ekki viðeigandi af læknisfræðilegum ástæðum.

Sáraristilbólga hjá börnum

Inflectra er ætlað til meðferðar við mjög virkri sáraristilbólgu (ulcerative colitis) hjá börnum og unglingum á aldrinum 6 til 17 ára sem hafa ekki fengið nægilega góða svörun við hefðbundinni meðferð að meðtöldum barksterum og 6-merkaptópúríni (6-MP) eða azatíopríni (AZA) og hjá sjúklingum sem ekki þola þá meðferð eða slík meðferð er ekki viðeigandi af læknisfræðilegum ástæðum.

Hryggikt

Ábending fyrir Inflectra er meðferð við alvarlegri, virkri hryggikt hjá fullorðnum sjúklingum sem hafa ekki svarað hefðbundinni meðferð á fullnægjandi hátt.

Sóraliðagigt

Ábending fyrir Inflectra er meðferð við virkri og framsækinni sóraliðagigt hjá fullorðnum sjúklingum, þegar ekki hefur fengist fullnægjandi svörun við fyrri sjúkdómstemprandi gigtarlyfjameðferð.

Inflectra á að gefa

- í samsettri meðferð með metotrexati
- eða eitt og sér hjá sjúklingum sem þola ekki metotrexat eða hjá sjúklingum sem eiga ekki að nota metotrexat vegna frábendinga.

Sýnt hefur verið fram á að infliximab eykur hreyfigetu sjúklinga með sóraliðagigt og dregur úr framgangi skemmda í útlægum liðum samkvæmt röntgenmyndum af sjúklingum sem hafa samhverfa fjölliðagigt sem er undirtegund af sjúkdómnum (sjá kafla 5.1).

Sóri

Ábending fyrir Inflectra er meðferð við miðlungs alvarlegum eða alvarlegum skellusóra hjá fullorðnum sjúklingum sem svara ekki, mega ekki fá eða þola ekki aðra meðferð sem tekur til alls líkamans, þar með talið ciklósporín, metotrexat og psoralen útfjólubláir geislar af gerð A (PUVA) (sjá kafla 5.1).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Inflectra meðferð á að hefja og vera undir eftirliti sérhæfðs læknis sem hefur reynslu í greiningu og meðferð iktsýki, bólgusjúkdóma í ristli, hryggiktar, sóraliðagigtar og sóra. Inflectra á að gefa í bláæð. Gjöf Inflectra innrennsli á að vera í höndum hæfs heilbrigðisstarfsfólks sem er þjálfað í að taka eftir vandamálum í tengslum við innrennsli. Afhenda skal sjúklingum sem eru í meðferð með Inflectra, fylgiseðil og áminningarkort fyrir sjúkling.

Meðan á meðferð með Inflectra stendur, ætti að vanda sérstaklega skömmtun annarra lyfja sem notuð eru samtímis t.d. barkstera og ónæmisbælandi lyfja.

Skammtar

Fullorðnir (≥ 18 ára)

Iktsýki

3 mg/kg gefið sem innrennsli í bláæð fylgt eftir með 3 mg/kg viðbótar innrennslisskammti, 2 og

6 vikum eftir fyrsta innrennslið, síðan 8. hverja viku þar á eftir.

Gefa verður Inflectra með metotrexati.

Fyrirliggjandi upplýsingar benda til að klínísk svörun náist yfirleitt innan 12 vikna meðferðar. Ef svörun sjúklings er ófullnægjandi eða gengur til baka að þeim tíma liðnum, má hugsanlega auka skammtinn um u.þ.b. 1,5 mg/kg í þrepum að hámarki 7,5 mg/kg á 8 vikna fresti. Annar hugsanlegur kostur er að gefa 3 mg/kg á allt að fjögurra vikna fresti. Náist fullnægjandi svörun á sjúklingurinn að halda áfram á sömu skömmtum eða skammtatíðni. Endurskoða ætti vandlega hvort meðferð skuli haldið áfram hjá sjúklingum sem ekki sýna ávinning af meðferð fyrstu 12 vikur meðferðar eða eftir að skömmtum hefur verið breytt.

Miðlungs virkur eða mjög virkur Crohns sjúkdómur

5 mg/kg gefið sem innrennsli í æð og síðan 5 mg/kg í innrennsli 2 vikum eftir fyrstu gjöfina. Ef sjúklingur sýnir ekki svörun eftir 2 skammta, á ekki að gefa áframhaldandi meðferð með infliximabi. Fyrirliggjandi upplýsingar styðja ekki frekari meðferð með infliximabi hjá þeim sjúklingum sem svara ekki meðferð innan 6 vikna frá fyrsta innrennsli.

Hjá sjúklingum sem svara meðferðinni eru eftirfarandi valkostir á meðferðarúrræði:

- Viðhaldsmeðferð: Viðbótar innrennsli af 5 mg/kg 6 vikum eftir upphafsskammt, fylgt eftir með innrennsli 8. hverja viku eða
- Endurtekin gjöf: Innrennsli af 5 mg/kg ef einkenni sjúkdómsins taka sig upp (sjá „Endurtekin gjöf“ að neðan og kafla 4.4).

Þótt samanburðarniðurstöður vanti benda takmarkaðar upplýsingar til þess að sumir sjúklingar sem svöruðu 5 mg/kg í upphafi en hættu svo að sýna svörun við meðferðinni, geti aftur sýnt svörun ef skammturinn er aukinn (sjá kafla 5.1). Íhuga skal vandlega hvort halda eigi áfram meðferð hjá sjúklingum sem sýna engan árangur af meðferð eftir að skömmtum hefur verið breytt.

Fistilmyndandi, virkur Crohns sjúkdómur

5 mg/kg gefin með innrennsli í bláæð og síðan 5 mg/kg skammtur gefinn aftur sem innrennsli 2 og 6 vikum eftir fyrsta innrennsli. Ef sjúklingur svarar ekki meðferðinni eftir þessa 3 skammta, ætti ekki að gefa viðbótar meðferð með infliximabi.

Hjá sjúklingum sem svara meðferðinni eru eftirfarandi meðferðarúrræði:

- Viðhaldsskammtur: Viðbótar innrennsli af 5 mg/kg 8 hverja viku eða
- Endurtekin gjöf: Innrennsli af 5 mg/kg ef einkenni sjúkdómsins taka sig upp og síðan 5 mg/kg á átta vikna fresti (sjá „endurtekin gjöf“ að neðan og kafla 4.4).

Þótt samanburðarniðurstöður vanti benda takmarkaðar upplýsingar til þess að sumir sjúklingar sem svöruðu 5 mg/kg í upphafi en hættu svo að sýna svörun við meðferðinni, geti aftur sýnt svörun ef skammturinn er aukinn (sjá kafla 5.1). Vandlega skal íhuga hvort halda eigi áfram meðferð hjá sjúklingum sem sýna engan árangur af meðferð eftir að skömmtum hefur verið breytt.

Varðandi Crohns sjúkdóm, er takmörkuð reynsla af endurtekinni gjöf ef einkenni sjúkdómsins taka sig upp og samanburðargögn vantar um hag/áhættu á þessum valkostum á áframhaldandi meðferð.

Sáraristilbólga

5 mg/kg gefin sem innrennsli í bláæð og fylgt eftir með viðbótar 5 mg/kg innrennisliskammti 2 og 6 vikum eftir fyrsta innrennslið, síðan 8. hverja viku.

Fyrirliggjandi upplýsingar benda til þess að klínísk svörun náist yfirleitt innan 14 vikna frá upphafi meðferðar, þ.e. með þremur skömmtum. Taka á áframhaldandi meðferð til rækilegrar endurskoðunar hjá sjúklingum þar sem engar vísbendingar um meðferðarávinning koma fram innan þess tíma.

Hryggikt

5 mg/kg gefið sem innrennsli í bláæð fylgt eftir með viðbótar 5 mg/kg innrennisskammti 2 og

6 vikum eftir fyrsta innrennsli, síðan 6. til 8. hverja viku. Ef sjúklingur svarar ekki meðferðinni eftir 6 vikur (þ.e. eftir 2 skammta), skal ekki gefa viðbótarmeðferð með infliximabi.

Sóraliðagigt

5 mg/kg gefin sem innrennsli í bláæð og fylgt eftir með viðbótar 5 mg/kg innrennisskammti 2 og 6 vikum eftir fyrsta innrennsli, síðan 8. hverja viku.

Sóri

5 mg/kg gefin sem innrennsli í bláæð og fylgt eftir með viðbótar 5 mg/kg innrennisskammti 2 og 6 vikum eftir fyrsta innrennsli, síðan 8. hverja viku. Ef sjúklingur sýnir enga svörun eftir 14 vikur (þ.e. eftir 4 skammta), skal ekki gefa viðbótarmeðferð með infliximabi.

Endurtekin gjöf við Crohns sjúkdómi og iktsýki

Ef einkenni sjúkdómsins taka sig upp að nýju, má gefa infliximab aftur innan 16 vikna frá síðasta innrennsli. Í klínískum rannsóknum hafa síðkomin ofnæmisviðbrögð verið sjaldgæf og hafa komið fram eftir styttra en 1 árs infliximab meðferðarhlé (sjá kafla 4.4 og 4.8). Öryggi og verkun við endurtekna gjöf eftir meira en 16 vikna infliximab meðferðarhlé hefur ekki verið staðfest. Þetta á bæði við um sjúklinga með Crohns sjúkdóm og iktsýki.

Endurtekin gjöf við sáraristilbólgu

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun endurtekinna meðferða annarra en 8. hverja viku (sjá kafla 4.4 og 4.8).

Endurtekin gjöf við hryggikt

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun endurtekinna meðferða annarra en 6. til 8. hverja viku (sjá kafla 4.4 og 4.8).

Endurtekin gjöf við sóraliðagigt

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun endurtekinna meðferða annarra en 8. hverja viku (sjá kafla 4.4 og 4.8).

Endurtekin gjöf við sóra

Takmörkuð reynsla af endurmeðferð með einum stökum skammti af infliximabi við sóra eftir 20 vikna hlé bendir til minnkaðrar verkunar og hærri tíðni vægra eða miðlungs mikilla innrennislisviðbragða samanborið við byrjunarmeðferð (sjá kafla 5.1).

Takmörkuð reynsla á endurmeðferð, eftir að sjúkdómurinn blossar upp aftur og meðferð er hafin á ný með innleiðsluskömmtum, bendir til hærri tíðni innrennislisvæðinga viðbragða, m.a. alvarlegra, samanborið við viðhaldsmeðferð á átta vikna fresti (sjá kafla 4.8).

Endurtekin gjöf (allar ábendingar)

Ef truflun hefur orðið á viðhaldsmeðferð, þannig að nauðsynlegt er að hefja meðferð aftur, eru innleiðsluskammtar ekki ráðlagðir (sjá kafla 4.8). Í þeim tilvikum er ráðlagt að byrja með stakan skammt af infliximabi sem fylgt er eftir með ráðlögðum viðhaldsskammti eins og lýst er hér að ofan.

Sérstakir sjúklingahópar

Aldraðir

Sértækar rannsóknir á infliximabi hjá öldruðum hafa ekki farið fram. Í klínískum rannsóknum kom hvorki fram verulegur aldurstengdur munur á úthreinsun né dreifingu. Ekki er þörf á að breyta skömmtum (sjá kafla 5.2). Fyrir frekari upplýsingar um öryggi infliximabs hjá öldruðum (sjá kafla 4.4 og 4.8).

Nýrna- og/eða lifrarskerðing

Infliximab hefur ekki verið rannsakað hjá þessum sjúklingahópum. Ekki er hægt að ráðleggja skammta

(sjá kafla 5.2).

Börn

Crohns sjúkdómur (6 til 17 ára)

5 mg/kg gefið sem innrennsli í bláæð og síðan 5 mg/kg skammtur gefinn aftur sem innrennsli 2 og 6 vikum eftir fyrsta innrennsli, síðan á 8 vikna fresti. Fyrirliggjandi upplýsingar styðja ekki frekari meðferð með infliximabi hjá börnum og unglingum sem svara ekki meðferð innan 10 vikna frá fyrsta innrennsli (sjá kafla 5.1).

Hjá sumum sjúklingum getur þurft að hafa styttra á milli lyfjagjafa til að viðhalda klínískri svörun, en hjá öðrum getur nægt að hafa lengra á milli lyfjagjafa. Hjá sjúklingum þar sem tímalengd á milli lyfjagjafa hefur verið styttr niður í minna en 8 vikur getur verið augin hættu á aukaverkunum. Íhuga skal vandlega hvort halda eigi áfram meðferð með styttra á milli lyfjagjafa hjá þeim sjúklingum sem sýna engar vísbendingar um viðbótarárangur af meðferð eftir að tíma milli lyfjagjafa hefur verið breytt.

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun infliximabs hjá börnum yngri en 6 ára með Crohns sjúkdóm. Fyrirliggjandi upplýsingar um lyfjahvörf eru tilgreindar í kafla 5.2 en ekki er hægt að ráðleggja ákveðna skammta handa börnum yngri en 6 ára á grundvelli þeirra.

Sáraristilbólga (6 til 17 ára)

5 mg/kg gefið sem innrennsli í bláæð og síðan 5 mg/kg skammtur gefinn aftur sem innrennsli 2 og 6 vikum eftir fyrsta innrennsli, síðan á 8 vikna fresti. Fyrirliggjandi upplýsingar styðja ekki frekari meðferð með infliximabi hjá börnum og unglingum sem svara ekki meðferð innan 8 vikna frá fyrsta innrennsli (sjá kafla 5.1).

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun infliximabs hjá börnum yngri en 6 ára með sáraristilbólgu. Fyrirliggjandi upplýsingar um lyfjahvörf eru tilgreindar í kafla 5.2 en ekki er hægt að ráðleggja ákveðna skammta handa börnum yngri en 6 ára á grundvelli þeirra.

Sóri

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun infliximabs hjá börnum og unglingum yngri en 18 ára við ábendingunni sóra. Fyrirliggjandi upplýsingar eru tilgreindar í kafla 5.2 en ekki er hægt að ráðleggja ákveðna skammta á grundvelli þeirra.

Liðagigt hjá börnum (juvenile idiopathic arthritis), sóraliðagigt og hryggigt

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun infliximabs hjá börnum og unglingum yngri en 18 ára við ábendingunni liðagigt hjá börnum, sóraliðagigt og hryggigt. Fyrirliggjandi upplýsingar eru tilgreindar í kafla 5.2 en ekki er hægt að ráðleggja ákveðna skammta á grundvelli þeirra.

Barnaiktsýki (juvenile rheumatoid arthritis)

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun infliximabs hjá börnum og unglingum yngri en 18 ára við ábendingunni barnaiktsýki. Fyrirliggjandi upplýsingar eru tilgreindar í kafla 4.8 og 5.2 en ekki er hægt að ráðleggja ákveðna skammta á grundvelli þeirra.

Lyfjagjöf

Infliximab á að gefa í bláæð á 2 klst. Fylgjast skal með öllum sjúklingum sem fá infliximab í að minnsta kosti 1-2 klukkustundir eftir innrennslisgjöfina, vegna hættu á bráðum innrennslistengdum viðbrögðum. Tæki og lyf til bráðaaðgerða, s.s. adrenalín, andhistamín, barksterar og barkarennar, verða að vera tiltæk. Veita má sjúklingum lyfjaforgjöf með andhistamíni, hýdrókortisóni og/eða parasetamóli og hægja má á innrennslishraðanum til að draga úr hættu á innrennslistengdum viðbrögðum, einkum ef innrennslistengd viðbrögð hafa komið fyrir áður (sjá kafla 4.4).

Styttur innrennslistími fyrir ábendingar hjá fullorðnum

Hjá vandlega völdum fullorðnum sjúklingum sem hafa þolað að minnsta kosti 3 fyrstu 2-klst. innrennslisgjafirnar af infliximabi (innleiðslufasa) og eru á viðhaldsmeðferð, má íhuga að gefa síðari innrennslisgjafir á að lágmarki 1 klst. Ef innrennslisviðbrögð koma fram í tengslum við styttn innrennslistíma, má íhuga að gefa innrennslið hægar við síðari innrennslisgjafir, ef meðferð skal haldið áfram. Styttur innrennslistími skammta sem eru > 6 mg/kg hefur ekki verið rannsakaður (sjá kafla 4.8).

Sjá leiðbeiningar í kafla 6.6 um blöndun lyfsins fyrir gjöf.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu, öðrum músapróteínum eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

Sjúklingar með berkla eða aðrar alvarlegar sýkingar eins og blóðsýkingu, ígerð og tækifærissýkingar (sjá kafla 4.4).

Sjúklingar með meðal til alvarlega hjartabilun (NYHA flokkur III/IV) (sjá kafla 4.4 og 4.8).

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Rekjanleiki

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja skal heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er vera skráð með skýrum hætti.

Innrennslistengd viðbrögð og ofnæmi

Bráð innrennslistengd viðbrögð, þ. á m. ofnæmislost, og síðkomin ofnæmisviðbrögð hafa tengst gjöf infliximabs (sjá kafla 4.8).

Bráð innrennslistengd viðbrögð þar með talið bráðafnæmi geta komið fram meðan á innrennsli stendur (innan sekúnda) eða innan nokkurra klukkustunda. Ef bráð innrennslistengd viðbrögð koma fram verður að stöðva innrennslið strax. Neyðarútbúnaður eins og adrenalín, andhistamín, barksterar og barkarennar verða að vera til staðar. Veita má sjúklingum lyfjaforgjöf með t.d. andhistamíni, hýdrókortisóni og/eða parasetamóli til að koma í veg fyrir vægar og skammvinnar aukaverkanir.

Mótefni gegn infliximabi geta myndast og hafa verið tengd við aukna tíðni innrennslistengdra viðbragða. Alvarleg ofnæmisviðbrögð voru lítill hluti innrennslistengdu verkananna. Einnig hafa sést tengsl á milli myndunar mótefna gegn infliximabi og styttingar tímans sem svörun varði. Tengsl eru á milli samtímis gjafar ónæmismótandi lyfja og minni myndunar mótefna gegn infliximabi og lækkunar á tíðni innrennslistengdra viðbragða. Áhrif sem samtímis ónæmismótandi meðferð hafði var skilvirkari hjá sjúklingum sem voru í tímabundinni meðferð en hjá sjúklingum í viðhaldsmeðferð. Sjúklingar sem hætta á ónæmisbælandi lyfjameðferð fyrir eða meðan á meðferð með infliximabi stendur eru í meiri hættu að mynda þessi mótefni. Ekki er alltaf hægt að finna þessi mótefni í sermi. Ef til alvarlegra viðbragða kemur, ætti að grípa til meðferðar eftir einkennum og stöðva frekari gjöf infliximabs (sjá kafla 4.8).

Í klínískum rannsóknum hefur verið tilkynnt um síðkomin ofnæmisviðbrögð. Fyrirliggjandi upplýsingar benda til þess að hætta á síðkomnu ofnæmi aukist eftir því sem infliximab meðferðarhlé er lengra. Ráðleggja skal sjúklingum að leita sér læknishjálpar strax ef þeir verða fyrir síðkomnum aukaverkunum (sjá kafla 4.8). Ef meðferð er endurtekin eftir langan tíma, er nauðsynlegt að fylgjast vel með einkennum síðkomins ofnæmis.

Sýkingar

Fylgjast skal náið með sjúklingum m.t.t. sýkinga að berklum meðtöldum fyrir, á meðan og eftir meðferð með infliximabi. Þar sem brotthvarf infliximabs getur tekið allt að sex mánuði, ætti að fylgjast með sjúklingunum í þann tíma. Frekari meðferð með infliximabi má ekki fara fram ef sjúklingur fær alvarlega sýkingu eða blóðsýkingu.

Gæta skal varúðar þegar meðferð með infliximabi er íhuguð hjá sjúklingum með langvinna sýkingu eða sögu um endurteknar sýkingar, m.a. samhliða ónæmisbælandi meðferð. Upplýsa á sjúklinga um mögulega áhættuþætti sýkinga og þeir ættu að forðast þá eins og við á.

TNF $_{\alpha}$ veldur bólgum og temprar ónæmissvörun frumnanna. Rannsóknargögn hafa sýnt að TNF $_{\alpha}$ er nauðsynlegt til að halda innanfrumusýkingum í skefjum. Klínísk reynsla sýnir að varnir einstakra sjúklinga gegn sýkingum sem meðhöndlaðir eru með infliximabi skerðast.

Tekið skal fram að bæling á TNF $_{\alpha}$ getur dulið einkenni sýkingar eins og hita. Það hefur úrslitaþýðingu að bera snemma kennsl á klínísk einkenni um ódæmigerðar (atypical) alvarlegar sýkingar og á klínísk einkenni um dæmigerðar mjög sjaldgæfar og óvenjulegar sýkingar svo að sem minnstar tafir verði á greiningu og meðferð.

Sjúklingar sem fá TNF-hemla eru næmari fyrir alvarlegum sýkingum.

Berklar, bakteríusýkingar, m.a. blóðsýking og lungnabólga, ífarandi sveppa-, veiru- og aðrar tækifærissýkingar hafa sést hjá sjúklingum meðhöndluðum með infliximabi. Sumar þessar sýkingar hafa leitt til dauða. Algengustu tækifærissýkingarnar sem greint hefur verið frá þar sem dánartíðni er > 5% eru m.a. lungnabólga af völdum *Pneumocystis jiroveci*, hvítsveppasýking, súrheysveiki (listeriosis) og ýrummygla (aspergillosis).

Fylgjast skal náið með sjúklingum sem fá nýja sýkingu meðan á meðferð með infliximabi stendur og gera þarf nákvæmt greiningarmat á þeim. Ef sjúklingur fær nýja alvarlega sýkingu eða blóðsýkingu skal hætta gjöf infliximabs og hefja viðeigandi sýkla- eða sveppalyfjameðferð þar til náðst hefur stjórn á sýkingunni.

Berklar

Greint hefur verið frá virkum berklum hjá sjúklingum sem fengu infliximab. Í flestum tilvikum var þó um berkla utan lungna að ræða, sem voru annaðhvort staðbundnir eða dreifðir.

Áður en meðferð með infliximabi hefst, verður að meta alla sjúklinga m.t.t. virkra og óvirkra („duldra“) berkla. Matið ætti að fela í sér nákvæma sjúkrasögu þar sem fram kemur hvort sjúklingur hefur haft berkla eða umgengist fólk með berkla og fyrri og/eða yfirstandandi ónæmisbælandi lyfjameðferð. Framkvæma ætti viðeigandi rannsókn hjá öllum sjúklingum, (t.d. húðberklapróf, röntgenmynd af lungum og/eða IGRA (Interferon Gamma Release Assay)) (samkvæmt ráðleggingum á hverjum stað). Mælt er með að niðurstaða þessara prófa sé skráð á áminningarkort sjúklings. Þeir lækningar sem ávísa lyfinu eru minntir á hættu á fölskum neikvæðum niðurstöðum berklahúðprófs sérstaklega hjá þeim sjúklingum sem eru alvarlega veikir eða ónæmisbældir.

Ef virkir berklar eru greindir á ekki að byrja meðferð með infliximabi (sjá kafla 4.3).

Ef grunur leikur á duldrum (latent) berklum, skal leita álits læknis með sérþekkingu á berklameðferð. Í eftirtöldum tilvikum skal íhuga mjög vandlega ávinning/áhættu sjúklings af meðferð með infliximabi.

Ef óvirkir („duldir“) berklar eru greindir ætti að hefja meðferð við þeim, berklameðferð, áður en meðferð með infliximabi er hafin og í samræmi við ráðleggingar á hverjum stað.

Hjá sjúklingum sem hafa marga eða mikilvæga áhættuþætti berkla og neikvætt próf fyrir duldrum berklum, skal íhuga berklameðferð áður en meðferð með infliximabi er hafin.

Notkun meðferðar gegn berklum skal einnig íhuga áður en meðferð með infliximabi er hafin hjá sjúklingum sem hafa sögu um dulda eða virka berkla þegar ekki er hægt að staðfesta að þeir hafi fengið fullnægjandi meðferð.

Greint hefur verið frá nokkrum tilfellum um virka berkla hjá sjúklingum sem fengu meðferð með infliximabi og eftir meðferð við duldu berklum.

Ráðleggja skal öllum sjúklingum að leita ráða hjá lækni ef merki/einkenni sem minna á berkla koma í ljós (t.d. stöðugur hósti, rýrnun/þyngdartap, hitavella) meðan á meðferð með infliximabi stendur og eftir að henni lýkur.

Ífarandi sveppasýkingar

Hjá sjúklingum sem fá infliximab skal íhuga að um ífarandi sveppasýkingar gæti verið að ræða, svo sem ýrummygli (aspergillosis), hvítsveppasýkingu, lungnabólgu af völdum *Pneumocystis jiroveci*, váfumygli (histoplasmosis), þekjummygli (coccidioidomycosis) eða sprotamygli (blastomycosis), ef þeir verða alvarlega veikir og leita skal álits hjá lækni með sérfræðipækkingu á greiningu og meðferð ífarandi sveppasýkinga strax á fyrstu stigum rannsókna á þessum sjúklingum.

Ífarandi sveppasýkingar geta komið fram sem dreifður frekar en staðbundinn sjúkdómur og mótefnavaka- og mótefnapróf geta reynst neikvæð hjá sumum sjúklingum með virka sýkingu. Íhuga skal viðeigandi sveppalyfjameðferð til reynslu meðan á greiningu stendur og taka skal tillit bæði til hættu á alvarlegri sveppasýkingu og áhættu sveppalyfjameðferðar.

Hjá sjúklingum sem hafa búið á eða ferðast til svæða þar sem ífarandi sveppasýkingar svo sem váfumygla (histoplasmosis), þekjummygla (coccidioidomycosis) eða sprotamygla (blastomycosis) eru landlægar, ætti að íhuga vandlega ávinning og áhættu meðferðar með infliximabi áður en meðferð með infliximabi er hafin.

Fistilmyndandi Crohns sjúkdómur

Sjúklingar með fistilmyndandi Crohns sjúkdóm með bráða graftarfistla mega ekki byrja á meðferð með infliximabi fyrr en uppspretta hugsanlegrar sýkingar, einkum ígerðar, hefur verið útilokuð (sjá kafla 4.3).

Endurvirkjun lifrabólgu B (HBV)

Endurvirkjun lifrabólgu B hefur komið fyrir hjá sjúklingum sem eru langvinnir berar veirunnar og nota TNF-hemla, þ.m.t. infliximab. Sum tilvik hafa verið banvæn.

Sjúklinga á að prófa fyrir lifrabólgu B sýkingu áður en meðferð með infliximabi er hafin. Mælt er með að sjúklingar sem greinast með lifrabólgu B sýkingu leiti ráða hjá lækni með sérfræðipækkingu í meðferð á lifrabólgu B. Fylgjast skal náið með HBV berum sem þurfa meðferð með infliximabi, hvað varðar einkenni virkrar HBV sýkingar, allan meðferðartímann og í nokkra mánuði eftir að meðferð lýkur. Ekki liggja fyrir nægilega miklar upplýsingar um meðferð sjúklinga sem eru HBV berar, með veirulyfjum samhliða meðferð með TNF-hemlum, til að hindra endurvirkjun HBV. Eigi endurvirkjun HBV sér stað skal hætta meðferð með infliximabi og hefja viðeigandi veirulyfjameðferð og stuðningsmeðferð eftir því sem við á.

Lifrar- og gallsjúkdómar

Tilvik gulu og lifrabólgu án sýkingar, sum með einkennum sjálfsnæmis lifrabólgu hafa komið fram eftir að infliximab var markaðssett. Einangruð tilvik lifrabilunar sem leiddu til lifrarigræðslu eða dauða hafa komið fram. Sjúklinga með einkenni eða merki um truflanir á lifrarstarfsemi skal meta með tilliti til lifrarskaða. Ef gula og/eða ALT hækkun ≥ 5 sinnum efri eðlileg mörk kemur fram, skal hætta notkun infliximab og gera ítarlega rannsókn á frávikinum.

Samhliða gjöf TNF-alfa-hemla og anakinra

Alvarlegar sýkingar og dauðfyrningafæð sáust í klínískum rannsóknum við samtímis notkun anakinra og annars TNF α -hemils, etanercepts, án aukningar á klínískum ávinningi samanborið við etanercept eitt sér. Vegna eðlis aukaverkana sem sáust við samsetningu etanercepts og anakinra meðferða, geta svipuð eitúráhrif einnig komið fram við samsetningu anakinra og annarra TNF α -hemla. Því er ekki mælt með samsetningu infliximabs og anakinra.

Samhliða gjöf TNF-alfa-hemla og abatacepts

Í klínískum rannsóknum hefur samhliða gjöf TNF-hemla og abatacepts verið tengd aukinni hættu á sýkingum, m.a. alvarlegum sýkingum, samanborið við TNF-hemla eina og sér, án klíníks ávinnings. Ekki er ráðlagt að gefa infliximab og abatacept saman.

Notkun samhliða öðrum lífefnalyfjum

Engar fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir um notkun infliximabs samhliða öðrum lífefnalyfjum sem notuð eru til meðferðar við sömu sjúkdómum og infliximab. Samhliða notkun infliximabs með þessum lífefnalyfjum er ekki ráðlögð þar sem hugsanlega er aukin hættu á sýkingum og öðrum mögulegum lyfjafræðilegum milliverkunum.

Skipt á milli líffræðilegra sjúkdómstemprandi gigtarlyfja

Gæta skal varúðar og halda áfram að fylgjast með sjúklingunum þegar skipt er frá einu lífefnalyfi til annars, þar sem skörun á lífvirkni getur aukið ennfrekar hættu á aukaverkunum, þ.m.t. sýkingum.

Bólusetningar

Áður en meðferð með Inflectra er hafin er ráðlagt að sjúklingar séu bólusettir í samræmi við nógildandi leiðbeiningar um bólusetningar, þegar það er hægt. Sjúklingar á meðferð með infliximabi mega fá bólusetningar samhliða, nema þegar um lifandi bóluefni er að ræða (sjá kafla 4.5 og 4.6).

Í undirhópi 90 fullorðinna sjúklinga með iktsýki úr ASPIRE rannsókninni var svipað hlutfall sjúklinga í hverjum meðferðarhóp (metotrexat ásamt: lyfleysu [n=17], 3 mg/kg [n=27] eða 6 mg/kg infliximab [n=46]) sem náði árangursríkri tvöfaldri aukningu í titrum eftir fjölgilt pneumokokkabóluefni, sem gefur til kynna að infliximab hafi ekki áhrif á T-frumu-óháð vassabundið ónæmissvar. Hinsvegar benda rannsóknir í birtum vísindagreinum til þess að við ýmsar ábendingar (t.d. iktsýki, sóra, Crohns sjúkdóm) geti bólusetningar með bóluefni sem ekki er lifandi meðan á and-TNF meðferð stendur, þar með talið infliximab, framkallað lægra ónæmissvar en hjá sjúklingum sem ekki fá and-TNF meðferð.

Lifandi bóluefni/sýkingavaldar ætlaðir til meðferðar (therapeutic infectious agents)

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um svörun við bólusetningu með lifandi bóluefnum eða smit vegna lifandi bóluefna hjá sjúklingum sem fá and-TNF meðferð. Notkun lifandi bóluefna getur leitt til klínískra sýkinga, þ.m.t. útbreiðslu sýkinga. Gjöf lifandi bóluefna samhliða infliximabi er ekki ráðlögð.

Ungbörn útsett í móðurkviði

Greint hefur verið frá banvænum tilvikum vegna dreifðrar Bacillus Calmette-Guérin (BCG) sýkingar í kjölfar BCG bólusetningar eftir fæðingu hjá ungbörnum sem útsett eru fyrir infliximabi í móðurkviði. Ráðlagt er að bíða í tólf mánuði eftir fæðingu uns lifandi bóluefni er gefið ungbörnum sem hafa verið útsett fyrir infliximabi í móðurkviði. Ef þéttni infliximabs er ógreinanleg í sermi hjá ungbarni eða gjöf infliximabs var takmörkuð við fyrsta þriðjung meðgöngu gæti gjöf lifandi bóluefnis komið til greina fyrir ef skýrt er að viðkomandi ungbarn hafi klínískan ávinning af því (sjá kafla 4.6).

Ungbörn útsett með brjóstamjólki

Bólusetning brjóstmylkinga með lifandi bóluefni meðan móðirin fær infliximab er ekki ráðlögð nema sermisþéttni infliximabs hjá ungbarni sé ekki greinanleg (sjá kafla 4.6).

Sýkingavaldar sem ætlaðir eru til meðferðar

Önnur notkun sýkingavalda sem ætlaðir eru til meðferðar svo sem veiktra baktería (t.d. BCG ídreypingarvökva fyrir þvagblöðru til meðferðar við krabbameini) getur leitt til klínískra sýkinga, þ.m.t. útbreiðslu sýkinga. Ráðlegt er að gefa ekki sýkingavalda ætlaða til meðferðar samhliða infliximab.

Sjálfsnæmisferli

Hlutfallslegur skortur á TNF_{α} sem verður vegna and- TNF_{α} meðferðarinnar, getur sett af stað sjálfsnæmisferli. Ef sjúklingar fá einkenni sem minnir á heilkenni rauðra úlfa eftir meðferð með infliximabi og eru jákvæðir fyrir mótiefnum gegn tví-strengja DNA, verður að stöðva frekari meðferð með infliximabi (sjá kafla 4.8).

Taugasjúkdómar

Notkun TNF -hemla, m.a. infliximab, hefur verið tengd tilvikum nýtilkominna eða versnandi klínískra einkenna og/eða niðurstöðum úr myndgreiningu um afmýlandi kvilla í miðtaugakerfi, þar með talið heila- og mænusigg og útlægan afmýlandi sjúkdóm, þar með talið Guillain-Barré heilkenni. Hjá sjúklingum sem eru með afmýlandi kvilla fyrir eða nýtilkominn, skal íhuga vandlega ávinning og áhættu af and- TNF meðferð áður en meðferðin með infliximabi hefst. Hugsanlega þarf að hætta meðferð með infliximabi ef þessar raskanir koma fram.

Illkynja sjúkdómar og eitilfrumumein

Í samanburðarluta klínískra rannsókna á TNF -hemlum, hafa fleiri tilfelli illkynja breytinga fundist þar með talið eitilæxli meðal sjúklinga sem fá TNF -hemla en hjá sjúklingum í samanburðarhópi. Meðan á klínískum rannsóknum á öllum samþykktum ábendingum stóð var tíðni eitilæxla hjá sjúklingum sem fengu infliximab meðferð hærri en vænta má hjá almennu þýði, en tilvik eitilæxla voru mjög sjaldgæf. Eftir markaðssetningu var greint frá hvítblæði hjá sjúklingum sem fengu TNF -hemla. Aukin grunnáhætta er á eitilæxlum og hvítblæði hjá sjúklingum með iktsýki með langvarandi, mjög virkan bólugsjúkdóm sem gerir áhættumat flóknara.

Í klínískri rannsókn til að meta notkun infliximabs hjá sjúklingum með miðlungs alvarlegan eða alvarlegan langvinnan teppusjúkdóm í lungum (COPD), var tilkynnt um fleiri illkynja sjúkdóma meðal sjúklinga sem fengu infliximab meðferð samanborið við viðmiðunarsjúklinga. Allir sjúklingarnir voru með sögu um miklar reykingar. Gæta skal varúðar þegar íhuga á meðferð hjá sjúklingum í aukinni hættu á illkynja sjúkdómi af völdum mikilla reykinga.

Miðað við núverandi þekkingu er ekki hægt að útiloka hættu á myndun eitilæxla eða annarra illkynja sjúkdóma hjá sjúklingum sem eru meðhöndlaðir með TNF -hemli (sjá kafla 4.8). Gæta skal varúðar þegar gefa á sjúklingum sem hafa sögu um illkynja sjúkdóma TNF -blokkandi meðferð eða þegar íhuga á áframhaldandi meðferð hjá sjúklingum með illkynja sjúkdóma.

Einnig skal gæta varúðar hjá sjúklingum með sóra og sjúkrasögu um yfirgripsmikla ónæmisbælandi meðferð eða langvinna PUVA meðferð.

Greint hefur verið frá illkynja sjúkdómum, þar á meðal banvænum hjá börnum, unglingum og ungu fólki (allt að 22 ára) sem fengu TNF -hemla (upphafsmeðferð ≤ 18 ára) þar með talin meðferð með infliximabi eftir markaðssetningu. Um það bil helmingur tilvikanna voru eitilæxli. Hin tilvikin voru ýmsir illkynja sjúkdómar m.a. sjaldgæfir illkynja sjúkdómar sem vanalega tengjast ónæmisbælingu. Ekki er hægt að útiloka áhættu fyrir myndun illkynja sjúkdóma hjá sjúklingum sem fá TNF -hemla.

Eftir markaðssetningu hefur verið greint frá T-frumu eitilæxli í lifur og milta (hepatosplenic T-cell lymphoma (HSTCL)) hjá sjúklingum sem hafa verið meðhöndlaðir með TNF-hemlum, þar á meðal infliximab. Þessi sjaldgæfa tegund T-frumu eitilæxlis hefur mjög hraðan sjúkdómsgang og er yfirleitt banvæn. Næstum allir þessir sjúklingar höfðu verið á samhliða meðferð með AZA eða 6-MP eða verið í slíkri meðferð rétt áður en infliximab meðferð hófst. Meirihluti infliximab tilfella áttu sér stað hjá sjúklingum með Crohns sjúkdóm eða sáraristilbólgu og flestir þeirra voru unglingsstrákar eða ungir karlmenn. Íhuga ætti því vandlega mögulega áhættu tengda samsetningu AZA eða 6-MP og infliximabs. Ekki er hægt að útiloka hættu á myndun T-frumu eitilæxlis í lifur og milta hjá sjúklingum sem fá meðferð með infliximabi (sjá kafla 4.8).

Greint hefur verið frá sortuæxli og bjálkakrabbameini (Merkel cell carcinoma) hjá sjúklingum sem hafa fengið meðferð með TNF-hemlum, þ.m.t. infliximabi (sjá kafla 4.8). Ráðlagt er að framkvæma húðskoðun reglulega, einkum hjá sjúklingum sem eru með áhættuþætti fyrir húðkrabbameini.

Í afturskygggnri hóprannsókn á þýði þar sem gögn frá sænskum sjúkrakráum voru notuð kom fram aukin tíðni leghálskrabbameins hjá konum með iktsýki sem fengu infliximab borið saman við þýði sem ekki höfðu fengið lífefnalyf eða almenning, þ.m.t. þær sem voru yfir 60 ára. Reglubundin skimun ætti að vera haldið áfram hjá konum sem fá infliximab, þ.m.t. þeim sem eru yfir 60 ára.

Allir sjúklingar með sáraristilbólgu sem eru í aukinni hættu á misvexti (dysplasia) eða ristilkrabbameini (t.d. sjúklingar með langvinna sáraristilbólgu eða frumkomna, herslismyndandi gallrásabólgu (sclerosing cholangitis)) eða með fyrri sögu um misvöxt eða ristilkrabbamein eiga að gangast undir kembirannsókn á misvexti með reglulegu millibili fyrir meðferð og allan tímann meðan sjúkdómurinn varir. Þetta mat á að taka til ristilspeglunar og vefsýnatöku í samræmi við gildandi leiðbeiningar. Núverandi upplýsingar benda ekki til að infliximab meðferð hafi áhrif á hættu á að fram komi misvöxtur eða ristilkrabbamein.

Þar sem ekki hefur verið gengið úr skugga um hugsanlega aukna hættu á krabbameinsmyndun hjá sjúklingum með nýgreindan misvöxt sem fá infliximab, ætti læknirinn að íhuga gaumgæfilega áhættu og ávinning áframhaldandi meðferðar fyrir hvern sjúkling fyrir sig.

Hjartabilun

Nota verður infliximab með varúð hjá sjúklingum með væga hjartabilun (NYHA flokkur I/II). Meðan á meðferð stendur skal fylgjast náið með ástandi sjúklinga og hætta skal meðferð með infliximabi ef í ljós koma hjá sjúklingum ný einkenni hjartabilunar eða ef einkenni hjartabilunar versna (sjá kafla 4.3 og 4.8)

Áhrif á blóð

Greint hefur verið frá blóðfrumufæð, hvítfrumufæð, daufkyrningafæð og blóðflagnafæð hjá sjúklingum sem fengu TNF-hemla, þ.m.t. infliximab. Benda skal sjúklingum á að leita tafarlaust læknis við einkenni blóðsjúkdóma (t.d. viðvarandi hiti, mar, blæðing, fölví). Ef mjög óeðlileg blóðgildi hafa verið staðfest þarf hugsanlega að hætta meðferð með infliximabi.

Annað

Taka verður tillit til hins langa helmingunartíma infliximabs ef skurðaðgerð er fyrirhuguð. Fylgjast verður náið með sjúklingi sem þarf á skurðaðgerð að halda, með tilliti til fylgikvilla með og án sýkinga og grípa skal til viðeigandi aðgerða (sjá kafla 4.8).

Ef sjúklingur svarar ekki meðferð við Crohns sjúkdómi gæti það bent til fastra trefjaþrenginga (fixed fibrotic stricture) sem geta þarfnast skurðaðgerðar. Engar vísbendingar benda til að infliximab valdi versnun á né valdi trefjaþrengingum.

Sérstakir sjúklingahópar

Aldraðir

Tíðni alvarlegra sýkinga hjá sjúklingum sem fengu infliximab var hærri hjá þeim sem voru 65 ára og eldri en hjá þeim sem voru yngri en 65 ára. Sumar þeirra leiddu til dauða. Hafa skal sérstaklega í huga hættuna á sýkingu við meðferð hjá öldruðum (sjá kafla 4.8)

Börn

Sýkingar

Í klínískum rannsóknum hefur verið greint frá herra hlutfalli sýkinga hjá börnum samanborið við hjá fullorðnum sjúklingum (sjá kafla 4.8).

Bólusetningar

Ef þess er kostur er ráðlagt að börn hafi fengið allar þær bólusetningar sem eru í samræmi við gildandi viðmiðunarreglur áður en meðferð með infliximabi hefst. Börn í meðferð með infliximabi mega fá bólusetningar samhliða, að frátöldum lifandi bóluefnum (sjá kafla 4.5 og 4.6).

Illkynja sjúkdómar og eitilfrumumein

Greint hefur verið frá illkynja sjúkdómum, sumum banvænum, hjá börnum, unglingum og ungu fólki (allt að 22 ára) sem fengu TNF-hemla (upphafsmeðferð ≤ 18 ára) þar með talin meðferð með infliximabi, eftir markaðssetningu. Um það bil helmingur tilvikanna voru eitilæxli. Hin tilvikin voru ýmsir illkynja sjúkdómar m.a. mjög sjaldgæfir illkynja sjúkdómar sem vanalega tengjast ónæmisbælingu. Ekki er hægt að útiloka hættu á myndun illkynja sjúkdóma hjá börnum og unglingum sem fá TNF-hemla.

Eftir markaðssetningu hefur verið greint frá T-frumu eitilæxli í lifur og milta (hepatosplenic T-cell lymphoma (HSTCL)) hjá sjúklingum sem hafa verið meðhöndlaðir með TNF-hemlum, þar á meðal infliximabi. Þessi sjaldgæfa tegund T-frumu eitilæxlis hefur mjög hraðan sjúkdómsgang og er yfirleitt banvæn. Næstum allir þessir sjúklingar höfðu verið á samhliða meðferð með AZA eða 6-MP eða verið í slíkri meðferð rétt áður en meðferð með TNF-hemli hófst. Mikill meirihluti tilfella átti sér stað hjá sjúklingum á infliximab meðferð með Crohns sjúkdóm eða sáraristilbólgu og flestir þeirra voru unglingsstrákar eða ungir karlmenn. Íhuga ætti því vandlega mögulega áhættu tengda samsetningu AZA eða 6-MP og infliximabs. Ekki er hægt að útiloka hættu á myndun T-frumu eitilæxlis í lifur og milta hjá sjúklingum sem fá meðferð með infliximabi (sjá kafla 4.8).

Natríuminnihald

Inflectra inniheldur minna en 1 mmól af natríum (23 mg) í hverjum skammti, þ.e.a.s. er nær laust við natríum. Inflectra er hins vegar leyst upp í 9 mg/ml (0,9%) natríumklóríð innrennslislausn. Þetta skal hafa í huga hjá sjúklingum sem eru á natríumskertu mataræði (sjá kafla 6.6).

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hafa verið gerðar neinar rannsóknir á milliverkunum.

Rannsóknir á sjúklingum með iktsýki, sóraliðagigt og sjúklingum með Crohns sjúkdóm gefa til kynna að samtímis notkun metotrexats og annarra ónæmismótandi lyfja dragi úr myndun mótefna gegn infliximabi og auki styrk infliximabs í plasma. En niðurstöðurnar eru óljósar vegna takmarkana á aðferðinni við að greina infliximab og mótefni þess í sermi.

Barksterar virðast ekki hafa klínískt marktæk áhrif á lyfjahvörf infliximabs.

Samsett meðferð með infliximabi og öðrum lífefnalyfjum sem notuð eru til meðferðar við sömu sjúkdómum og infliximab, þ.m.t. anakinra og abatacept, er ekki ráðlögð (sjá kafla 4.4).

Mælt er gegn því að lifandi bóluefni séu gefin samtímis infliximabi. Það er einnig mælt gegn því að gefa ungbörnum sem hafa verið útsett fyrir infliximabi í móðurkviði lifandi bóluefni í 12 mánuði eftir fæðingu. Ef þéttni infliximabs er ógreinanleg í sermi hjá ungbarni eða gjöf infliximabs var takmörkuð við fyrsta þriðjung meðgöngu gæti gjöf lifandi bóluefnis komið til greina fyrr ef skýrt er að viðkomandi ungbarn hafi klínískan ávinning af því (sjá kafla 4.4).

Bólusetning brjóstmylkinga með lifandi bóluefni meðan móðirin fær infliximab er ekki ráðlögð nema sermisþéttni infliximabs hjá ungbarni sé ekki greinanleg (sjá kafla 4.4 og 4.6).

Ekki skal gefa sýkingavalda sem ætlaðir eru til meðferðar samhliða infliximabi (sjá kafla 4.4).

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Konur á barneignaraldri

Konur á barneignaraldri eiga að hafa í huga notkun öruggrar getnaðarvarnar til að koma í veg fyrir þungun og halda notkuninni áfram að minnsta kosti í 6 mánuði eftir að infliximab meðferð lýkur.

Meðganga

Þær allnokkru upplýsingar, sem var safnað með framsýnum hætti frá þungunum þar sem infliximab hafði verið notað og leiddu til lifandi fæddra barna með þekktri útkomu, að meðtöldum u.þ.b.

1.100 þungunum með útsetningu fyrstu þrjá mánuðina, benda ekki til aukinnar tíðni vanskapana hjá nýburum.

Byggt á áhorfsrannsókn frá Norður Evrópu kom aukin hætta (heildaráhætta, 95% CI; p-gildi) á keisaraskurði (1,50; 1,14-1,96; $p = 0,0032$), fyrirburafæðingu (1,48; 1,05-2,09; $p = 0,024$), léttburafæðingu (SGA (small for gestational age)) (2,79; 1,54-5,04; $p = 0,0007$) og lítilli fæðingarþyngd (2,03; 1,41-2,94; $p = 0,0002$) í ljós hjá konum sem fengu infliximab á meðgöngu (með eða án ónæmistemprandi lyfja/barkstera, 270 þunganir) miðað við konur sem fengu eingöngu ónæmistemprandi lyf og/eða barkstera (6.460 þunganir). Hvort þessar niðurstöður séu hugsanlega vegna útsetningar fyrir infliximabi og/eða alvarleika undirliggjandi sjúkdóms er enn ekki ljóst.

Vegna blokkunar lyfsins á TNF_{α} gæti infliximab sem er gefið á meðgöngu haft áhrif á eðlilega ónæmissvörun nýburans. Í eiturverkanarannsókn á músum, þar sem notað var hliðstætt mótefni sem hemur sérhæft virkni TNF_{α} í músum, komu ekki fram neinar vísbendingar um eiturverkanir á móður, fóstur eða vansköpun fósturs (sjá kafla 5.3).

Klínísk reynsla sem er fyrir hendi er takmörkuð. Infliximab á aðeins að nota á meðgöngu ef brýn nauðsyn krefur.

Infliximab fer yfir fylgju og hefur greinst í sermi hjá ungbörnum í allt að 12 mánuði eftir fæðingu. Eftir útsetningu fyrir infliximabi í móðurkviði geta ungbörn verið í aukinni hættu á að fá sýkingu þ.m.t. alvarlega dreifða sýkingu sem getur orðið banvæn. Ekki er ráðlagt að gefa börnum sem hafa verið útsett fyrir infliximabi í móðurkviði lifandi bóluefni (t.d. BCG bóluefni) í 12 mánuði eftir fæðingu (sjá kafla 4.4 og 4.5). Ef þéttni infliximabs er ógreinanleg í sermi hjá ungbarni eða gjöf infliximabs var takmörkuð við fyrsta þriðjung meðgöngu gæti gjöf lifandi bóluefnis komið til greina fyrr ef skýrt er að viðkomandi ungbarn hafi klínískan ávinning af því. Einnig hefur verið greint frá tilvikum kyrringaburrðar (sjá kafla 4.8).

Brjóstgjöf

Takmarkaðar upplýsingar í birtum vísindagreinum benda til að infliximab hafi greinst í litlu magni í brjóstamjólki í styrk sem er allt að 5% af sermisþéttni hjá móður. Infliximab hefur einnig greinst í sermi ungbarns eftir útsetningu með brjóstamjólki. Þó gert sé ráð fyrir að altæk útsetning hjá brjóstmylkingum sé lág þar sem infliximab er að mestu niðurbrotið í meltingarvegi, er ekki ráðlagt að

bólusetja brjóstmylkinga mæðra sem fá infliximab með lifandi bóluefni nema sermisþéttni infliximabs hjá ungubarni sé ekki greinanleg. Íhuga má notkun infliximabs meðan barn er á brjósti.

Frjósemi

Ónógar forklinískar upplýsingar eru fyrir hendi til þess að hægt sé að draga ályktanir um áhrif infliximabs á frjósemi og æxlun (sjá kafla 5.3).

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Infliximab getur haft lítil áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Sundl getur komið fram eftir gjöf infliximabs (sjá kafla 4.8).

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

Algengasta aukaverkunin sem greint var frá í klínískum rannsóknum var sýking í efri öndunarvegi sem kom fram hjá 25,3% sjúklinga sem meðhöndlaðir voru með infliximabi samanborið við 16,5% hjá samanburðarhópi. Alvarlegustu aukaverkanirnar sem tengdust notkun TNF-hemla sem greint var frá hjá infliximab voru m.a. endurvirkjun HBV, hjartabilun (blóðfylluhjartabilun), alvarlegar sýkingar (m.a. sýklasótt, tækifærissýkingar og berklar), sermissótt (síðkomin ofnæmisviðbrögð), áhrif á blóð, rauðir úlfar/heilkenni sem líkist rauðum úlfum, afmýlandi sjúkdómar, lifrar- og gallsjúkdómar, eitilæxli, T-frumu eitilæxli í lifur og milta, hvítblæði, bjálkakrabbamein, sortuæxli, illkynja sjúkdómar hjá börnum, sarklíki/viðbrögð sem líkjast sarklíki, ígerð í görnum eða ígerð við endaparm (Crohn's sjúkdómur) og alvarleg innrennslisviðbrögð (sjá kafla 4.4).

Tafla yfir aukaverkanir

Í töflu 1 eru þær aukaverkanir taldar upp sem eru byggjast á klínískum rannsóknum ásamt aukaverkunum sem greint var frá eftir markaðssetningu, þar sem sumar reyndust banvænar. Aukaverkunum er raðað upp eftir líffærakerfum og tíðni: mjög algengar ($\geq 1/10$); algengar ($\geq 1/100$, $< 1/10$); sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$, $< 1/100$); mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$, $< 1/1.000$); koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$), tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum). Innan tíðniflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Tafla 1
Aukaverkanir í klínískum rannsóknum og frá reynslu eftir markaðssetningu

<i>Sýkingar af völdum sýkla og sníkjudýra</i>	
Mjög algengar:	Veirusýkingar (t.d. inflúensa, herpesveirusýkingar)
Algengar:	Bakteríusýkingar (t.d. sýklasótt, húðbeðsbólga, ígerð)
Sjaldgæfar:	Berklar, sveppasýkingar (t.d. hvítsveppasýking, sveppasýking í nöglum)
Mjög sjaldgæfar:	Heilahimnubólga, tækifærissýkingar (t.d. ífarandi sveppasýkingar [lungnabólga af völdum <i>Pneumocystis jiroveci</i> , váfumygla, ýrumygla, þekjumygla, sætumygla, sprotamygla], bakteríusýkingar [ódæmigerðar mykóbakteríusýkingar, súrheysveiki (listeriosis), salmónellusýking] og veirusýkingar [cytomegaloveirusýkingar]), sníklasýkingar, endurvirkjun lifrabólgu B
Tíðni ekki þekkt:	Gegnumbrotssýking af völdum bóluefna (eftir útsetningu fyrir infliximabi í móðurkviði)*.

<i>Æxli góðkynja, illkynja og ótilgreind (einnig blöðrur og separ)</i>	
Mjög sjaldgæfar:	Eitilæxli, eitilæxli sem ekki er af Hodgkins gerð, Hodgkins sjúkdómur, hvítblæði, sortuæxli, leghálskrabbamein.
Tíðni ekki þekkt:	T-frumu eitilæxli í lifur og milta (hepatosplenic T-cell lymphoma) (einkum hjá unglingum og yngri fullorðnum körlum með Crohns sjúkdóm eða sáraristilbólgu), bjálkakrabbamein (Merkel cell carcinoma), Kaposi-sarkmei
<i>Blóð og eitlar</i>	
Algengar:	Daufkyrningafæð, hvítfrumnafæð, blóðleysi, eitlastækkarir.
Sjaldgæfar:	Blóðflagnafæð, eitilfrumnafæð, eitilfrumnafjölgun í blóði
Mjög sjaldgæfar:	Kyrningapurð (þ.m.t. ungbörn sem eru útsett fyrir infliximabi í móðurkviði), blóðflagnafæðarpurpuri með segamyndun, blóðfrumnafæð, blóðlýsublóðleysi, blóðflagnafæðarpurpuri af óþekktum orsökum
<i>Ónæmiskerfi</i>	
Algengar:	Ofnæmiseinkenni í öndunarfærum
Sjaldgæfar:	Bráðafnæmisviðbrögð, heilkenni sem líkist rauðum úlfum, sermissótt eða sermissóttarlík viðbrögð
Mjög sjaldgæfar:	Bráðafnæmislost, æðabólga, viðbrögð sem líkjast sarklíki
<i>Geðræn vandamál</i>	
Algengar:	Þunglyndi, svefnleysi
Sjaldgæfar:	Minnisleysi, æsingur, ringlun, svefnhöfgi, taugaveiklun
Mjög sjaldgæfar:	Sinnuleysi (apathy)
<i>Efnaskipti og næring</i>	
Sjaldgæfar	Blóðfituröskun
<i>Taugakerfi</i>	
Mjög algengar:	Höfuðverkur
Algengar:	Svimi, sundl, minnkað snertiskyn, náladoði
Sjaldgæfar:	Flog, taugakvilli
Mjög sjaldgæfar:	Þverrofsmænubólga (transverse myelitis), afmýlandi sjúkdómar í miðtaugakerfi (sjúkdómur sem líkist MS-sjúkdómi og sjóntaugarbólga), útlægir afmýlandi sjúkdómar (t.d. Guillain-Barré heilkenni, langvinnur afmýlandi fjöltauga bólgusjúkdómur og fjölhreiddra hreyfitaugakvilli)
Tíðni ekki þekkt:	Heilablóðfall með náin tímaháð tengsl við innrennsli
<i>Augu</i>	
Algengar:	Tárubólga
Sjaldgæfar:	Glærubólga, bjúgur umhverfis augu, vogrís
Mjög sjaldgæfar:	Innri augnknattarbólga
Tíðni ekki þekkt:	Tímabundið sjóntap sem kemur fram meðan á innrennslisgjöf stendur eða innan 2 klukkustunda eftir innrennslisgjöf
<i>Hjarta</i>	
Algengar:	Hraðtaktur, hjartsláttarónot
Sjaldgæfar:	Hjartabilun (nýtilkomin eða versnandi), hjartsláttaróregla, yfirlið, hægtaktur
Mjög sjaldgæfar:	Blámi, gollurhússvökvi
Tíðni ekki þekkt:	Blóðpurð í hjarta/hjartadrep
<i>Æðar</i>	
Algengar:	Lágþrýstingur, háþrýstingur, flekkblæðingar, hitakóf, andlitsroði
Sjaldgæfar:	Blóðpurð í útlimum, segabláæðabólga, margúll
Mjög sjaldgæfar:	Blóðrásarbilun (circulatory failure), depilblæðingar, æðakrampi

<i>Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti</i>	
Mjög algengar:	Sýking í efri öndunarvegi, skútabólga
Algengar:	Sýking í neðri öndunarvegi (t.d. berkjubólga, lungnabólga), mæði, blóðnasir
Sjaldgæfar:	Lungnabjúgur, berkjukrampi, brjósthimnubólga, vökvasöfnun í fleiðru
Mjög sjaldgæfar:	Millivefslungnabólga, (þ.m.t. mjög ágengur sjúkdómur, bandvefsmyndun í lungum og lungnabólga)
<i>Meltingarfæri</i>	
Mjög algengar:	Kviðverkir, ógleði
Algengar:	Maga- og þarmablæðingar, niðurgangur, meltingartruflanir, bakflæði, hægðatregða
Sjaldgæfar:	Gat í þörmum, þarmþrengingar, sarpbólga, brisbólga varabólga (cheilitis)
<i>Lifur og gall</i>	
Algengar:	Óeðlileg lifrarstarfsemi, hækkun lifrartransamínasa
Sjaldgæfar:	Lifrabólga, lifrarfrumuskemmdir, gallblöðrubólga
Mjög sjaldgæfar:	Sjálfsnæmislifrabólga, gula
Tíðni ekki þekkt:	Lifrabilun
<i>Húð og undirhúð</i>	
Algengar:	Nýtilkomin eða versnandi tilvik sóra m.a. sóri með graftarbólum (aðallega í lófum og á iljum), ofsakláði, útbrot, kláði, ofsviti, þurr húð, húðbólga vegna sveppasýkingar, exem, hárlos
Sjaldgæfar:	Húðblöðrur, flasa, rósroði, totuæxli í húð (skin papilloma), ofvöxtur í hornlagi húðþekju, mislitun á húð/dökkun húðar
Mjög sjaldgæfar:	Drep í húðþekju (toxic epidermal necrolysis), Stevens-Johnson heilkenni, regnbogaroðasótt (erythema multiforme), kýlasótt, línuleg IgA blöðruhúðbólga (LABD), bráð útbreidd graftarútpot (acute generalised exanthematous pustulosis (AGEP), húðskæningsviðbrögð.
Tíðni ekki þekkt:	Versnandi einkenni húð- og vöðvabólgu (dermatomyositis)
<i>Stoðkerfi og bandvefur</i>	
Algengar:	Liðverkir, vöðvaverkir, bakverkir
<i>Nýru og þvagfæri</i>	
Algengar:	Þvagfærasýking
Sjaldgæfar:	Nýrna- og skjóðubólga
<i>Æxlunarfæri og brjóst</i>	
Sjaldgæfar:	Leggangabólga
<i>Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað</i>	
Mjög algengar:	Innrennslistengd viðbrögð, verkur
Algengar:	Brjóstverkur, þreyta, hiti, viðbrögð á stungustað, kuldahrollur, bjúgur
Sjaldgæfar:	Sár gróa seint
Mjög sjaldgæfar:	Hnúðaskemmd
<i>Rannsóknaniðurstöður</i>	
Sjaldgæfar:	Sjálfsmótefni til staðar, þyngdaraukning ¹
Mjög sjaldgæfar:	Afbrigðilegir komplementþættir
<i>Áverkar, eitranir og fylgikvillar aðgerðar</i>	
Tíðni ekki þekkt:	Fylgikvillar eftir aðgerð (þ.m.t. fylgikvillar með og án sýkinga)

* þ.m.t. nautagripaberkjar (dreifð BCG sýking), sjá kafla 4.4.

¹ Í klínískum rannsóknum á öllum ábendingum hjá fullorðnum var miðgildi þyngdaraukningar, eftir 12 mánuði af samanburðartímabilinu, 3,50 kg hjá einstaklingum sem fengu meðferð með infliximabi samanborið við 3,00 kg hjá þeim sem fengu lyfleysu. Miðgildi þyngdaraukningar fyrir ábendingar sem tengdust bólgusjúkdómum í ristli var 4,14 kg hjá einstaklingum sem fengu meðferð með infliximabi samanborið við 3,00 kg hjá þeim sem fengu lyfleysu og miðgildi þyngdaraukningar fyrir ábendingar sem

tengdust gigt var 3,40 kg hjá einstaklingum sem fengu meðferð með infliximabi samanborið við 3,00 kg hjá þeim sem fengu lyfleysu.

Lýsing á völdum aukaverkunar

Innrennslistengd viðbrögð

Innrennslistengd viðbrögð voru skilgreind í klínískum rannsóknum sem hvers konar aukaverkun sem kom fram meðan á innrennslinu stendur eða innan 1 klukkustundar eftir innrennsli. Í III. stigs klínískri rannsókn komu innrennslistengd viðbrögð fram hjá 18% sjúklinga sem meðhöndlaðir voru með infliximabi meðan á innrennsli stóð, miðað við 5% sjúklinga sem fengu lyfleysu. Í heildina komu innrennslistengd viðbrögð fram hjá fleiri sjúklingum sem fengu infliximab einlyfjameðferð en sjúklingum sem fengu infliximab ásamt ónæmistemprandi lyfi. Um 3% sjúklinga hættu meðferðinni vegna innrennslistengdra viðbragða og allir sjúklingar náðu sér með eða án lyfjameðferðar. Af þeim sjúklingum sem fengu infliximab og fengu innrennslistengd viðbrögð meðan á innleiðslufasa stóð, til og með 6. viku, fengu 27% innrennslistengd viðbrögð meðan á viðhaldsfasa stóð, frá 7. viku til og með 54. viku. Af þeim sjúklingum sem fengu ekki innrennslistengd viðbrögð meðan á innleiðslufasa stóð, fengu 9% innrennslistengd viðbrögð meðan á viðhaldsfasa stóð.

Í klínískri rannsókn hjá sjúklingum með iktsýki (ASPIRE), áttu 3 fyrstu innrennslistengdjar að vera gefnar á 2 klst. Styttu mátti síðari innrennsli í minnst 40 mínútur hjá sjúklingum sem fengu ekki alvarleg innrennslistengd viðbrögð. Í þessari rannsókn fengu 66% sjúklinganna (686 af 1.040) að minnsta kosti einu sinni innrennsli á skemmri tíma, sem stóð yfir í 90 mínútur eða skemur og 44% sjúklinganna (454 af 1.040) fengu að minnsta kosti einu sinni innrennsli á 60 mínútum eða skemmri tíma. Af þeim sjúklingum sem voru í infliximab meðferðarhópnum og fengu að minnsta kosti einu sinni innrennsli á skemmri tíma, fengu 15% sjúklinganna viðbrögð sem tengdust innrennslinu og 0,4% sjúklinganna fengu alvarleg viðbrögð sem tengdust innrennslinu.

Í klínískri rannsókn hjá sjúklingum með Crohns sjúkdóm (SONIC) komu fram tilfelli af innrennslistengdum viðbrögðum hjá 16,6% (27/163) sjúklinga sem fengu infliximab einlyfjameðferð, hjá 5% (9/179) sjúklinga sem fengu infliximab ásamt AZA og hjá 5,6% (9/161) sjúklinga sem fengu AZA einlyfjameðferð. Ein alvarleg innrennslistengd viðbrögð (< 1%) komu fram hjá sjúklingi á infliximab einlyfjameðferð.

Eftir markaðssetningu lyfsins hafa komið fram tilfelli af bráðaofnæmislíkum viðbrögðum, þar með töldum barkakýlis-/kokbjúg og alvarlegum berkjukrampa og flogakasti sem tengist gjöf infliximabs (sjá kafla 4.4).

Greint hefur verið frá tímabundnum sjónmissi sem kom fram meðan á innrennsli stóð eða innan 2 klukkustunda eftir innrennsli infliximabs. Greint hefur verið frá tilvikum (sumum banvænum) blóðþurrðar í hjarta/hjartadreps og hjartsláttaröreglu, sumum á svipuðum tíma og innrennsli infliximabs, einnig hefur verið greint frá heilablóðfalli með nán tímaháð tengsl við innrennsli infliximabs.

Innrennslistengd viðbrögð eftir endurtekna gjöf infliximabs

Klínísk rannsókn á sjúklingum með miðlungs alvarlegan eða alvarlegan sóra var gerð til að meta verkun og öryggi langtíma viðhaldsmeðferðar miðað við endurmeðferð með innleiðsluskömmtum infliximabs (að hámarki fjögur innrennsli í viku 0, 2, 6 og 14) eftir að sjúkdómurinn blossaði upp aftur. Engin ónæmisbælandi meðferð var gefin samhliða. 4% sjúklinga (8/219) sem fengu endurmeðferð fengu alvarleg innrennslistengd viðbrögð og < 1% (1/222) þeirra sem fengu viðhaldsmeðferð. Flest alvarlegu innrennslistengdu viðbrögðin komu fram meðan á öðru innrennsli stóð, í 2. viku. 35-231 dagar var á milli síðasta viðhaldsskammts og fyrsta innleiðsluskammts. Einkennin voru m.a., þó ekki eingöngu, andnað, ofsakláði, andlitsbjúgur og lágþrýstingur. Í öllum tilvikum var infliximab meðferð hætt og/eða önnur meðferð hafin og einkennin gengu algjörlega til baka.

Síðkomið ofnæmi

Í klínískum rannsóknum hafa síðkomin ofnæmisviðbrögð verið sjaldgæf og hafa komið fram eftir infliximab meðferðarhlé sem eru styttri en 1 ár. Í sóra rannsóknunum kom síðkomið ofnæmi fram snemma á meðferðartímabilinu. Einkenni voru m.a. vöðvaþrautir og/eða liðverkir með hita og/eða útbrotum. Sumir sjúklingar fengu kláða, bjúg í andlit, hendur eða varir, kyngingartregðu, ofsakláða, særindi í háls og höfuðverk.

Upplýsingar um tíðni síðkominna ofnæmisviðbragða eftir infliximab meðferðarhlé sem er lengra en 1 ár eru ófullnægjandi en takmarkaðar upplýsingar úr klínískum rannsóknum gefa til kynna aukna hættu á síðkomnu ofnæmi eftir því sem infliximab meðferðarhlé er lengra (sjá kafla 4.4).

Í eins árs klínískri rannsókn á endurteknu innrennsli hjá sjúklingum með Crohns sjúkdóm (ACCENT I rannsókn), var tíðni sermissóttarlíkra verkana 2,4%.

Mótefnamyndun

Sjúklingar sem mynduðu mótefni gegn infliximabi voru líklegri (um það bil 2-3 sinnum) til að fá innrennslistengd viðbrögð. Samtímis notkun ónæmisbælandi lyfja virtist lækka tíðni innrennslistengdra viðbragða.

Í klínískum rannsóknum þar sem notaður var einn og margir skammtar af infliximabi á bilinu frá 1 til 20 mg/kg, var vart við mótefni gegn infliximabi hjá 14% sjúkinga sem voru í einhvers konar ónæmisbælandi meðferð og hjá 24% sjúklinga sem voru ekki í ónæmisbælandi meðferð. Hjá sjúklingum með iktsýki sem fengu ráðlagðan skammt í áframhaldandi meðferð ásamt metotrexati, mynduðu 8% sjúklinga mótefni gegn infliximabi. Hjá sjúklingum með sóraliðagigt sem fengu 5 mg/kg með eða án metotrexats, mynduðu 15% sjúklinganna mótefni (mótefni kom fram hjá 4% sjúklinga sem fengu metotrexat og hjá 26% sjúklinga sem höfðu ekki fengið metotrexat í byrjun). Hjá sjúklingum með Crohns sjúkdóm sem fengu viðhaldsmeðferð komu fram mótefni gegn infliximabi hjá 3,3% sjúklinga sem fengu ónæmisbælandi lyf og hjá 13,3% sjúklinga sem fengu ekki ónæmisbælandi lyf. Tíðni mótefnamyndunar var 2-3 sinnum hærri hjá sjúklingum í tímabundinni meðferð. Vegna aðferðafræðilegra annmarka, útilokar neikvætt mótefnapróf ekki að mótefni gegn infliximabi séu til staðar. Hjá sumum sjúklingum sem þróuðu háan títra af mótefni gegn infliximabi, kom fram vísbending um minnkaða verkun. Hjá sóra sjúklingum sem fengu meðferð með infliximabi sem viðhaldsmeðferð án þess að fá samtímis ónæmismótandi lyf, mynduðu um 28% mótefni gegn infliximabi (sjá kafla 4.4: „Innrennslistengd viðbrögð og ofnæmi“).

Sýkingar

Berklar, bakteríusýkingar, m.a. blóðsýkingar og lungnabólga, ífarandi sveppa-, veiru- og aðrar tækifærissýkingar hafa komið fram hjá sjúklingum sem fá infliximab. Sumar þessara sýkinga hafa leitt til dauða. Algengustu tækifærissýkingarnar sem greint hefur verið frá þar sem dánartíðni er > 5% eru m.a. lungnabólga af völdum *Pneumocystis jiroveci*, hvítsveppasýking, súrheysveiki (listeriosis) og ýrumygla (aspergillosis) (sjá kafla 4.4).

Í klínískum rannsóknum voru 36% sjúklinga, sem meðhöndlaðir voru með infliximabi, meðhöndlaðir við sýkingum miðað við 25% sjúklinga sem fengu lyfleysu.

Í klínískum rannsóknum á iktsýki var tíðni alvarlegra sýkinga, að meðtalinni lungnabólgu, hærri hjá sjúklingum á meðferð með infliximabi ásamt metotrexati, en hjá sjúklingum sem fengu metotrexat eitt sér sérstaklega í skömmtum sem nema 6 mg/kg af infliximabi eða meira (sjá kafla 4.4).

Í skýrslum um tilkynntar aukaverkanir eftir markaðssetningu lyfsins eru sýkingar algengasta alvarlega aukaverkunin. Sum tilfelli hafa leitt til dauða. Næstum 50% af tilkynntum dauðsföllum hafa tengst sýkingum. Tilkynnt hafa verið tilfelli berkla, stundum banvænna, þar á meðal dreifberkla og berkla með staðsetningu utan lungna (sjá kafla 4.4).

Illkynja sjúkdómar og eitilfrumumein (með fjölgun eitilfrumna)

Í klínískum rannsóknum á infliximabi þar sem 5.780 sjúklingar fengu meðferð, sem jafngildir 5.494 sjúklingaárum, komu fram 5 tilfelli eitilæxla og 26 önnur illkynja æxli sem ekki voru eitilæxli miðað við engin eitilæxli og 1 æxli sem ekki var eitilæxli sem fundust hjá 1.600 sjúklingum sem fengu lyfleysu sem jafngildir 941 sjúklingaárum.

Í langtíma klínískum eftirfylgnirannsóknum á öryggi infliximabs í allt að 5 ár, sem jafngildir 6.234 sjúklingaárum (3.210 sjúklingar), var greint frá 5 tilvikum eitilæxla og 38 tilvikum æxla sem ekki voru eitilæxli.

Eftir markaðssetningu hefur einnig verið greint frá tilfellum illkynja sjúkdóma, þ. á m. eitilæxli (sjá kafla 4.4).

Í klínískri rannsókn á sjúklingum með miðlungs alvarlegan eða alvarlegan teppusjúkdóm í lungum sem annaðhvort reyktu eða höfðu reykt, voru 157 fullorðnir sjúklingar meðhöndlaðir með infliximabi í skömmum sem voru svipaðir þeim sem notaðir eru við iktsýki og Crohns sjúkdómi. Níu af þessum sjúklingum mynduðu illkynja sjúkdóma, þar með talið 1 eitilæxli. Miðgildi fyrir eftirfylgnitímabilið var 0,8 ár (tíðni 5,7% [95% CI 2,65-10,6%]). Ein tilkynning um illkynja sjúkdóm barst úr hópi 77 samanburðarsjúklinga (miðgildi eftirfylgnitímabils var 0,8 ár; tíðni 1,3% [95% CI 0,03-7,0%]). Meirihluti illkynja sjúkdóma mynduðust í lungum eða höfði og hálsi.

Í afturskyggnri hóprannsókn á þýði kom fram aukin tíðni leghálskrabbameins hjá konum með iktsýki sem fengu infliximab borið saman við þýði sem ekki höfðu fengið lífefnalyf eða almenning, þ.m.t. þær sem voru yfir 60 ára (sjá kafla 4.4).

Eftir markaðssetningu hefur einnig verið greint frá T-frumu eitilæxli í lifur og milta (hepatosplenic T-cell lymphoma) hjá sjúklingum sem fengið hafa infliximab og mestmegnis hjá þeim sem höfðu Crohns sjúkdóm og sáraristilbólgu, flestir þeirra voru unglingsstrákar eða ungir karlmenn (sjá kafla 4.4).

Hjartabilun

Í II. stigs rannsókn sem gerð var með því markmiði að meta infliximab m.t.t. hjartabilunar (CHF), kom fram hærri tíðni dauðsfalla vegna versunar á hjartabilun hjá sjúklingum sem meðhöndlaðir voru með infliximabi, einkum hjá þeim sem fengu skammt sem var hærri en 10 mg/kg (þ.e.a.s. tvisvar sinnum samþykktur hámarksskammtur). Í þessari rannsókn voru 150 sjúklingar með hjartabilun af flokki NYHA III/IV (vinstri sleglaútkastsbrot $\leq 35\%$) meðhöndlaðir með 3 innrennslum af infliximabi 5 mg/kg, 10 mg/kg, eða lyfleysu í 6 vikur. Í viku 38, höfðu 9 af 101 sjúklingi meðhöndluðum með infliximabi dáið (2 sjúklingar sem fengu 5 mg/kg og 7 sjúklingar sem fengu 10 mg/kg) miðað við eitt dauðsfall af 49 sjúklingum sem fengu lyfleysu.

Eftir markaðssetningu hafa borist tilkynningar um versnun á hjartabilun, með og án þekktra orsakapátta, hjá sjúklingum sem taka infliximab. Einnig hafa borist tilkynningar um hjartabilun sem ekki var til staðar áður, þar á meðal hjartabilun hjá sjúklingum án þekkts fyrirbyggjandi hjarta- og æðasjúkdóms. Nokkrir þessara sjúklinga hafa verið yngri en 50 ára.

Lifur og gall

Í klínískum rannsóknum hafa sést vægar eða miðlungs miklar hækkanir á ALT og AST hjá sjúklingum sem fá infliximab án þess að það versni í alvarlegan lifrarskaða. ALT hækkanir ≥ 5 sinnum eðlileg efri mörk hefur sést (sjá töflu 2). Hækkanir á aminótransferasa sáust (ALT oftar en AST) hjá stærri hluta þeirra sjúklinga sem fengu infliximab en hjá samanburðarhópi, bæði þegar infliximab var gefið sem einlyfjameðferð og þegar það var notað ásamt öðrum ónæmisbælandi lyfjum. Flest aminótransferasa frávikin voru skammvinn; þó upplifðu einhverjir sjúklingar langvinnari hækkanir. Almennu voru sjúklingar sem fengu hækkanir á ALT og AST einkennalausir og frávikin minnkuðu eða gengu til baka hvort sem infliximab meðferð var haldið áfram eða ekki, eða breytingar gerðar á

samhliðameðferð. Eftir að lyfið kom á markað, hefur verið tilkynnt um tilvik gulu og lifrabólgu, sum með séreinkennum sjálfsnæmis lifrabólgu, hjá sjúklingum sem fá infliximab (sjá kafla 4.4).

Tafla 2
Hlutfall sjúklinga með aukna ALT virkni í klínískum rannsóknum

Sjúkdómur	Fjöldi sjúklinga ³		Miðgildi eftirfylgni (vikur) ⁴		≥ 3 sinnum eðlileg efri mörk		≥ 5 sinnum eðlileg efri mörk	
	lyfleysa	Infliximab	lyfleysa	Infliximab	lyfleysa	Infliximab	lyfleysa	Infliximab
Iktsýki ¹	375	1.087	58,1	58,3	3,2%	3,9%	0,8%	0,9%
Crohns sjúkdómur ²	324	1.034	53,7	54,0	2,2%	4,9%	0,0%	1,5%
Crohns sjúkdómur hjá börnum	N/A	139	N/A	53,0	N/A	4,4%	N/A	1,5%
Sáraristilbólga	242	482	30,1	30,8	1,2%	2,5%	0,4%	0,6%
Sáraristilbólga hjá börnum	N/A	60	N/A	49,4	N/A	6,7%	N/A	1,7%
Hryggikt	76	275	24,1	101,9	0,0%	9,5%	0,0%	3,6%
Sóraliðagigt	98	191	18,1	39,1	0,0%	6,8%	0,0%	2,1%
Skellusóri	281	1.175	16,1	50,1	0,4%	7,7%	0,0%	3,4%

- 1 Lyfleysusjúklingar fengu metotrexat en infliximabsjúklingar fengu bæði infliximab og metotrexat.
- 2 Lyfleysusjúklingar í tveimur III. stigs rannsóknum á Crohns sjúkdómi, ACCENT I og ACCENT II fengu 5 mg/kg infliximab sem upphafsskammt og lyfleysu í viðhaldsfasa. Þeir sjúklingar sem valdir voru með slembivali í viðhaldshópinn með lyfleysu og skiptu síðan yfir í infliximab eru taldir með í infliximabhópnum í ALT greiningunni. Í III. stigs b-rannsókn á Crohns sjúkdómi, SONIC, fengu lyfleysusjúklingar virkt samanburðarlyf, AZA 2,5 mg/kg/dag til viðbótar við infliximab lyfleysu innrennslisgjafir.
- 3 Fjöldi sjúklinga þar sem ALT var metið.
- 4 Miðgildi eftirfylgni byggt á meðhöndluðum sjúklingum.

Kjarnamótefni (ANA)/And-tví-strengja DNA (dsDNA) mótefni

Um það bil helmingur sjúklinga, sem meðhöndlaðir voru með infliximabi í klínískum rannsóknum og voru ANA neikvæðir í byrjun mynduðu jákvætt ANA meðan á rannsókninni stóð samanborið við um það bil einn fimmta sjúklinga sem fengu lyfleysu. And-ds DNA mótefni fannst nýlega hjá 17% sjúklinga sem meðhöndlaðir voru með infliximabi samanborið við 0% sjúklinga sem meðhöndlaðir voru með lyfleysu. Við síðasta mat voru 57% sjúklinga sem meðhöndlaðir voru með infliximabi áfram and-dsDNA jákvæðir. Tilkynningar um rauða úlfa og einkenni lík rauðum úlfum eru enn sjaldgæfar (sjá kafla 4.4).

Börn

Sjúklingar með barnaiktýki (juvenile rheumatoid arthritis)

Infliximab var rannsakað í klínískri rannsókn hjá 120 sjúklingum sem voru með virka barnaiktýki (aldursbil: 4-17 ára) þrátt fyrir metotrexat meðferð. Sjúklingarnir fengu 3 eða 6 mg/kg af infliximabi samkvæmt 3-skammta upphafsmeðferðaráætlun (viku 0, 2, 6 eða viku 14, 16, 20 í áðurnefndri röð) og í kjölfarið viðhaldsmeðferð á 8 vikna fresti, ásamt metotrexati.

Viðbrögð tengd innrennsli

Viðbrögð tengd innrennsli komu fram hjá 35% sjúklinga með barnaiktýki sem fengu 3 mg/kg í samanburði við 17,5% sjúklinganna sem fengu 6 mg/kg. Í 3 mg/kg- infliximab hópnum fengu 4 af 60 sjúklingum alvarleg viðbrögð tengd innrennsli og hjá 3 sjúklingum var greint frá hugsanlegu bráðaofnæmi (2 tilvikanna voru meðal alvarlegu viðbrögðanna sem tengdust innrennsli). Í 6 mg/kg

hópnum fengu 2 af 57 sjúklingum alvarleg viðbrögð sem tengdust innrennsli, einn þeirra var hugsanlega með bráðaofnæmi (sjá kafla 4.4).

Mótefnamyndun

38% sjúklinganna sem fengu 3 mg/kg mynduðu mótefni gegn infliximabi í samanburði við 12% sjúklinga sem fengu 6 mg/kg. Mótefnatíter var greinilega hærri hjá þeim sem fengu 3 mg/kg í samanburði við þá sem voru í 6 mg/kg hópnum.

Sýkingar

Sýkingar komu fram hjá 68% (41/60) barnanna sem fengu 3 mg/kg í 52 vikur, 65% (37/57) barnanna sem fengu infliximab 6 mg/kg í 38 vikur og 47% (28/60) barnanna sem fengu lyfleysu í 14 vikur (sjá kafla 4.4).

Börn með Crohns sjúkdóm

Í REACH rannsókninni (sjá kafla 5.1) var oftast greint frá eftirfarandi aukaverkunum hjá börnum með Crohns sjúkdóm en hjá fullorðnum með Crohns sjúkdóm: blóðleysi (10,7%), blóði í hægðum (9,7%), hvítfrumnaþæði (8,7%), húðroða (8,7%), veirusýkingu (7,8%), dauðkyrningaþæði (6,8%), bakteríusýkingu (5,8%) og ofnæmisviðbrögðum í öndunarvegi (5,8%). Auk þess var greint frá beinbroti (6,8%), hins vegar hefur orsakasamband ekki verið staðfest. Aðrar hugsanlegar aukaverkanir koma fram hér að neðan.

Viðbrögð tengd innrennsli

Í REACH rannsókninni fengu 17,5% sjúklinga sem valdir höfðu verið með slembivali, 1 eða fleiri viðbrögð sem tengdust innrennsli. Engar þeirra reyndust alvarlegar og 2 sjúklingar í REACH fengu bráðaofnæmi sem ekki var alvarlegt.

Mótefnamyndun

3 börn (2,9%) mynduðu mótefni gegn infliximabi.

Sýkingar

Í REACH rannsókninni var greint frá sýkingum hjá 56,3% sjúklinga sem valdir höfðu verið með slembivali og höfðu fengið infliximab. Oftast var greint frá sýkingum hjá þeim sem fengu innrennsli á 8 vikna fresti (73,6%) en þeim sem fengu innrennsli á 12 vikna fresti (38%), en greint var frá alvarlegum sýkingum hjá 3 af þeim sem fengu viðhaldsmeðferð á 8 vikna fresti og hjá 4 af þeim sem fengu viðhaldsmeðferð á 12 vikna fresti. Algengasta sýkingin sem greint var frá var sýking í efri öndunarvegi og kokbólga, algengasta alvarlega sýkingin sem greint var frá var ígerð. Greint var frá þremur tilvikum lungnabólgu (1 alvarlegt) og tveimur tilvikum af ristli (herpes zoster) (hvorugt alvarlegt).

Sáraristilbólga hjá börnum

Í heildina var greint frá svipuðum aukaverkunum í rannsókn á sáraristilbólgu hjá börnum (C0168T72) og í rannsóknum á sáraristilbólgu hjá fullorðnum (ACT 1 and ACT 2). Í rannsókn C0168T72 voru algengustu aukaverkanirnar sýking í efri öndunarvegi, kokbólga, kviðverkur, hiti og höfuðverkur. Algengasta aukaverkunin var versnun sáraristilbólgu, en tíðni hennar var hærri hjá sjúklingum sem fengu meðferð á 12 vikna fresti en hjá þeim sem fengu meðferð á 8 vikna fresti.

Aukaverkanir tengdar innrennsli

Í heild fengu 8 (13,3%) af 60 sjúklingum sem fengu meðferð, eina eða fleiri innrennslistengdar aukaverkanir, þar af 4 af 22 sjúklingum (18,2%) sem fengu viðhaldsmeðferð á 8 vikna fresti og 3 af 23 sjúklingum (13,0%) sem fengu viðhaldsmeðferð á 12 vikna fresti. Ekki var greint frá neinum alvarlegum innrennslistengdum aukaverkunum. Allar innrennslistengdar aukaverkanir voru vægar eða miðlungsmiklar.

Mótefnamyndun

Mótefni gegn infliximabi greindust hjá 4 sjúklingum (7,7%) í 54. viku.

Sýkingar

Greint var frá sýkingum hjá 31 (51,7%) af 60 sjúklingum sem fengu meðferð í rannsókn C0168T72 og 22 (36,7%) þurftu meðferð með sýklalyfjum til inntöku eða innrennslis. Hlutfall sjúklinga með sýkingar í rannsókn C0168T72 var svipað og í rannsókn á Crohns sjúkdómi (REACH) en hærra en hlutfallið í rannsóknnum á sáraristilbólgu hjá fullorðnum (ACT 1 and ACT 2). Alls var tíðni sýkinga í rannsókn C0168T72 13/22 (59%) í hópnum sem fékk viðhaldsmeðferð á 8 vikna fresti og 14/23 (60,9%) í hópnum sem fékk viðhaldsmeðferð á 12 vikna fresti. Algengustu öndunarfærasýkingar sem greint var frá voru sýking í efri öndunarvegi (7/60 [12%]) og kokbólga (5/60 [8%]). Greint var frá alvarlegum sýkingum hjá 12% (7/60) allra sjúklinga sem fengu meðferð.

Í þessari rannsókn voru fleiri sjúklingar í 12 til 17 ára hópnum (45/60 [75,0%]) en í 6 til 11 ára hópnum (15/60 [25,0%]). Enda þótt of fáir sjúklingar séu í hvorum undirhóp til að hægt sé að draga óyggjandi ályktanir varðandi áhrif aldurs á öryggi, var hlutfall sjúklinga sem fengu alvarlegar aukaverkanir og hættu meðferð vegna alvarlegra aukaverkana hærra hjá yngri aldurshópnum en hjá eldri aldurshópnum. Enda þótt hlutfall sjúklinga með sýkingar hafi verið hærra hjá yngri aldurshópnum var hlutfall sjúklinga með alvarlegar sýkingar svipað hjá báðum aldurshópum. Í heildina var hlutfall aukaverkana og innrennslistengdra aukaverkana svipað í báðum aldurshópnum, 6 til 11 ára og 12 til 17 ára.

Reynsla eftir markaðssetningu

Alvarlegar aukaverkanir infliximabs hjá börnum eftir markaðssetningu lyfsins eru T-frumu eitilæxli í lifur og milta (hepatosplenic T-cell lymphoma), tímabundin breyting á lifrarendímum, einkenni sem líkjast rauðum úlfum og jákvætt sjálfsmótefni (sjá kafla 4.4 og 4.8).

Aðrir sérstakir sjúklingahópar

Aldraðir

Í klínískum rannsóknum á iktsýki hjá sjúklingum sem fengu infliximab ásamt metotrexati var tíðni alvarlegra sýkinga hjá sjúklingum 65 ára og eldri hærri (11,3%) en hjá þeim sem voru yngri en 65 ára (4,6%). Hjá sjúklingum sem fengu metotrexat eitt sér var tíðni alvarlegra sýkinga 5,2% hjá sjúklingum 65 ára og eldri samanborið við 2,7% hjá sjúklingum yngri en 65 ára (sjá kafla 4.4).

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtnun

Engar upplýsingar liggja fyrir um ofskömmtnun. Allt að 20 mg/kg hafa verið gefin í einum skammti án eiturverkana.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: ónæmisbælandi lyf, TNF-alfa-tálmar (tumor necrosis factor alpha), ATC-flokkur: L04AB02.

Inflectra er samheitalíftæknilyf. Ítarlegar upplýsingar eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu . <https://www.ema.europa.eu>

Verkunarháttur

Infliximab er manna-músa einstofna blendingsmótefni sem binst með mikilli sækni bæði við uppleysanlegt form TNF_{α} og himnuform en ekki við lymphotoxin α (TNF_{β}).

Lyfhrif

Infliximab blokkar virkni TNF_{α} á ýmsum sviðum í *in vitro* lífgreiningum. Infliximab kom í veg fyrir sjúkdóm hjá erfðabreyttum músum, sem vegna síbirtingar á manna TNF_{α} þróa með sér fjölíðagigt, og þegar lyfið er gefið eftir að sjúkdómur hefst, græðir það slitna liði. *In vivo* myndar infliximab fljótlega stöðugt samband við manna TNF_{α} , ferli sem gerist samhliða tapi á líffræðilegri virkni TNF_{α} .

Hækkaður styrkur á TNF_{α} hefur fundist í liðum sjúklinga með iktsýki og tengist það aukinni virkni sjúkdómsins. Meðhöndlun iktsýki með infliximabi veldur minnkun íferðar bólgufrumna inn á bólgusvæði liðanna jafnframt minnkun virkra sameinda sem auka frumuviðloðun, efnaaðrætti og vefjaniðurbrot. Eftir meðhöndlun með infliximabi sýndu sjúklingar minnkað magn interleukíns 6 (IL-6) og C virks próteins (CRP) í sermi og aukning á blóðrauða kom í ljós hjá sjúklingum með iktsýki með minnkað magn blóðrauða miðað við upphafsgildi. Ekki kom fram frekari marktæk fækkun eítílfrumna í útæðablóði eða fjölgun svarana við *in vitro* mítósufrumuörvun borið saman við frumur ómeðhöndlaðra sjúklinga. Hjá sóra sjúklingum leiddi meðferð með infliximabi til minnkunar á bólgu í húðþekju og fjölþætting hyrnisfrumna (keratinocyte differentiation) í sóra skellum varð eðlileg. Skammtímameðferð með infliximab við sóraliðagigt dró úr fjölda T-frumna og blóðæðum í liðvökva og húð sóra sjúklinga.

Vefjafræðilegt mat á vefjasýni úr þörmum, sem var tekið fyrir gjöf infliximabs og 4 vikum eftir gjöf infliximabs, leiddi í ljós verulega minnkun á greinanlegu TNF_{α} . Infliximab meðferð hjá sjúklingum með Crohns sjúkdóm tengdist einnig verulegri lækkun í sermi á C-virku próteini (CRP), sem er yfirleitt hækkað. Heildarfjöldi hvíttra blóðkorna í blóði raskaðist lítið hjá sjúklingum sem meðhöndlaðir voru með infliximabi, þó að breytingar á eítílfrumum, einkjörnungum og daufkyrningum endurspegluðu tilfærslu til eðlilegra marka. Einkjörnungar í blóði (PBMC) hjá sjúklingum sem meðhöndlaðir voru með infliximab fjölguðu sér eðlilega við örvun miðað við ómeðhöndlaða sjúklinga og engin veruleg breyting varð á framleiðslu cytokína af völdum örvaðra PBMC, eftir meðhöndlun með infliximabi. Efnagreining á einkjörnungum sem fengust úr vefsýni úr þarmaslímhúð sýndi að meðferð með infliximabi fækkaði frumum sem gátu tjáð TNF_{α} og interferon γ . Viðbótar vefjafræðilegar rannsóknir sýndu að meðferð með infliximabi minnkar íferð bólgufrumna inn á sýkt svæði þarmanna og bólgumerkigen á þessum stöðum. Rannsóknir á þarmaslímhúð með speglun hafa gefið vísbendingar um bata á slímhúð hjá sjúklingum sem fá infliximab.

Verkun og öryggi

Iktsýki hjá fullorðnum

Verkun infliximabs var metin í tveimur fjölsetra, slembiúrtaks, tvíblindum klínískum grundvallarrannsóknum: ATTRACT og ASPIRE. Í báðum rannsóknunum var heimiluð samtímis notkun stöðugra skammta af fólínsýru, barksterum til inntöku (≤ 10 mg/dag) og/eða bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID).

Aðalendapunktur var minnkun einkenna eins og þau eru metin eftir „American College of Rheumatology” mælikvarðanum (ACR20 fyrir ATTRACT, kennileita ACR-N í 54. viku fyrir ASPIRE), hindrun liðskemmda og bætt líkamleg færni. Minnkun einkenna var skilgreind sem að minnsta kosti 20% bati (ACR20), bæði á fjölda aumra og bólginna liða og 3 af eftirtöldum 5 viðmiðunum: (1) mat læknis á heilsufari sjúklings, (2) mat sjúklings á eigin heilsufari, (3) mat á hæfni/vanhæfni, (4) sjónrænt mat á verkjum eftir kvarða, (5) og sökk rauðra blóðkorna eða C-virkra próteina í blóði. Í ACR-N er notast við sama mælikvarða og í ACR20, sem fenginn er með því að taka minnstu framfarir í prósentum á liðbólguþöllum, liðeymslatölum, og miðgildi hinna þáttanna 5 í ACR svöruninni. Vefrænar liðskemmdir (úrátá og liðbilsþrenging) bæði í höndum og fótum voru mældar með breytingu frá upphafsgildum í van der Heijde útgáfu Sharp kvarða (0-440). Spurningarlisti til að

meta heilsufar „The Health Assessment Questionnaire” (HAQ; skali 0-3) var notaður til að meta meðaltalsbreytingu allan tímann, á líkamlegri færni sjúklinga, miðað við upphafsgildi.

Í ATTRACT rannsókninni var svörun metin í viku 30, 54 og 102 í samanburðarrannsókn með lyfleysu hjá 428 sjúklingum með virka iktsýki þrátt fyrir meðferð með metotrexati. Um það bil 50% sjúklinganna voru í virkum flokki III. Sjúklingarnir fengu 3 mg/kg af lyfleysu eða 10 mg/kg af infliximabi í viku 0, 2 og 6 og síðan á 4 eða 8 vikna fresti þar á eftir. Allir sjúklingarnir fengu stöðuga metotrexat skammta (miðgildi 15 mg/viku) í 6 mánuði fyrir skráningu og urðu að vera áfram á stöðugum skömmtum alla rannsóknina.

Niðurstöður frá viku 54 (ACR20, heildarútkoma van der Heijde útgáfu Sharp kvarða og HAQ) eru sýndar í töflu 3. Meiri klínísk svörun (ACR50 og ACR70) sást í öllum infliximabhópnum í viku 30 og 54 miðað við metotrexat eitt sér.

Í öllum infliximab hópnum hægði á myndun vefrænna liðskemmda (úrátu og liðbilsþrengingu) eftir 54 vikna meðhöndlun (Tafla 3).

Áhrifin sem komu fram í viku 54 héldust í 102 vikur. Þar sem fjöldi sjúklinga hætti í rannsókninni, er ekki hægt að skilgreina umfang á þeim mismun sem er á milli verkun infliximabs hópsins og þess sem fékk metotrexat eitt sér.

Tafla 3
Áhrif á ACR20, vefrænar liðskemmdir og líkamleg færni í viku 54, ATTRACT

	Samanb. ^a	infliximab ^b				
		3 mg/kg q 8 vikur	3 mg/kg q 4 vikur	10 mg/kg q 8 vikur	10 mg/kg q 4 vikur	Allir infliximab ^b
Sjúklingar með ACR20 svörun / sjúklingar metnir (%)	15/88 (17%)	36/86 (42%)	41/86 (48%)	51/87 (59%)	48/81 (59%)	176/340 (52%)
Heildarstig ^d (van der Heijde útgáfa Sharp kvarða)						
Breyting frá upphafsgildum (Meðaltal ± SD ^c)	7,0 ± 10,3	1,3 ± 6,0	1,6 ± 8,5	0,2 ± 3,6	-0,7 ± 3,8	0,6 ± 5,9
Miðgildi (Interquartile range)	4,0 (0,5;9,7)	0,5 (-1,5;3,0)	0,1 (-2,5;3,0)	0,5 (-1,5;2,0)	-0,5 (-3,0;1,5)	0,0 (-1,8;2,0)
Sjúklingar sem hrakar ekki/sjúklingar metnir (%) ^e	13/64 (20%)	34/71 (48%)	35/71 (49%)	37/77 (48%)	44/66 (67%)	150/285 (53%)
HAQ breyting frá upphafsgildum allan tímann ^e (sjúklingar metnir)	87	86	85	87	81	339
Meðaltal ± SD ^c	0,2 ± 0,3	0,4 ± 0,3	0,5 ± 0,4	0,5 ± 0,5	0,4 ± 0,4	0,4 ± 0,4

a Samanburðarhópur = Allir sjúklingar voru með virka iktsýki þrátt fyrir meðhöndlun með stöðugum metotrexat skömmtum í 6 mánuði fyrir skráningu í rannsóknina og urðu að vera áfram á stöðugum skömmtum alla rannsóknina. Heimiluð var samtímis notkun stöðugra skammta af barksterum til inntölu (≤ 10 mg/dag) og/eða bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) og fólinsýruuppbót var gefin.

b allir infliximab skammtarnir gefnir ásamt metotrexati og fólinsýru með sumum barksterum og/eða bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID).

c $p < 0,001$, fyrir hvern infliximabhóp á móti samanburðarhóp

d hærri tölur gefa til kynna meiri liðskemmdir

e HAQ Health Assessment Questionnaire; hærri tala gefur til kynna minni vanhæfni

Í ASPIRE rannsókninni var svörun metin eftir 54 vikur hjá 1.004 sjúklingum sem höfðu ekki fengið metotrexat áður með nýlega (sjúkdómur í ≤ 3 ár miðgildi 0,6 ár), virka iktsýki (miðgildistölur um bólgna og auma liði 19 og 31, hvor tala fyrir sig). Allir sjúklingar fengu metotrexat (hámarkað í 20 mg/viku í 8. viku) og annaðhvort lyfleysu, 3 mg/kg eða 6 mg/kg af infliximabi í 0, 2. og 6. viku og á 8 vikna fresti eftir það. Niðurstöður í viku 54 eru sýndar í töflu 4.

Eftir 54 meðferðarvikur ullu báðir skammtar infliximabs + metotrexats tölfræðilega marktækt meiri framförum á einkennum sjúkdómsins í samanburði við metotrexat eitt sér, mælt í hlutfalli sjúklinga sem fengu ACR20, 50 og 70 svörun.

Í ASPIRE fóru yfir 90% sjúklinganna í a.m.k. tvær matshæfar röntgenmyndatökur. Þess varð vart eftir 30 og 54 vikur að það dró úr framsækni vefskemmda hjá infliximab + metotrexat hópunum samanborið við hópinn sem fékk metotrexat eitt sér.

Tafla 4
Áhrif á ACRn, vefrænar liðskemmdir og líkamleg færni í viku 54, ASPIRE

	Lyfleysa + MTX	Infliximab + MTX		
		3 mg/kg	6 mg/kg	Saman
Einstaklingar slemiraðaðir	282	359	363	722
Hundraðshluti ACR framfara				
Meðaltal ± SD ^a	24,8 ± 59,7	37,3 ± 52,8	42,0 ± 47,3	39,6 ± 50,1
Breytingar frá upphafi í heildarstigum van der Heijde útgáfu Sharp kvarða ^b				
Meðaltal ± SD ^a	3,70 ± 9,61	0,42 ± 5,82	0,51 ± 5,55	0,46 ± 5,68
Miðgildi	0,43	0,00	0,00	0,00
Framfarir frá upphafsgildum í HAQ að meðaltali frá 30 til 54. viku ^c				
Meðaltal ± SD ^d	0,68 ± 0,63	0,80 ± 0,65	0,88 ± 0,65	0,84 ± 0,65

a p < 0,001, fyrir hvern infliximabhópinn á móti samanburðarhópi

b hærri tala gefur til kynna meiri liðskemmdir.

c HAQ = Health Assessment Questionnaire; hærri tala gefur til kynna minni vanhæfni.

d p = 0,030 og < 0,001 fyrir 3 mg/kg og 6 mg/kg meðferðarhópa á móti lyfleysu + MTX.

Niðurstöður sem styðja skammtaaukningu við iktsýki eru fengnar úr ATTRACT, ASPIRE og START rannsókninni. START var slembuð, fjölsetra, tvíblind, þriggja-arma, samhliða rannsókn á öryggi. Í einum armi rannsóknarinnar (hópur 2, n = 329), var leyft að auka skammt hjá sjúklingum með ófullnægjandi svörun í þrepum, um 1,5 mg/kg úr 3 í 9 mg/kg. Hjá flestum þessara sjúklinga (67%) var ekki nauðsynlegt að auka skammtinn. Af þeim sjúklingum sem þurftu skammtaaukningu, sýndu 80% klíniska svörun og hjá flestum þeirra (64%) þurfti aðeins að auka skammtinn einu sinni um 1,5 mg/kg.

Crohns sjúkdómur hjá fullorðnum

Upphafsmeðferð við miðlungs virkum eða mjög virkum Crohns sjúkdómi

Verkun einskammta meðferðar með infliximabi var metin hjá 108 sjúklingum með virkan Crohns sjúkdóm (Crohns sjúkdómsstuðull (CAID) $\geq 220 \leq 400$), í slembiúrtaks, tvíblindri, lyfleysu, skammtaháðri rannsókn. Af þessum 108 sjúklingum, voru 27 meðhöndlaðir með ráðlögðum skammti af infliximabi 5 mg/kg. Allir sjúklingarnir höfðu sögu um ófullnægjandi árangur með hefðbundnum lyfjameðferðum. Heimilað var að nota samtímis stöðuga skammta úr hefðbundnum meðferðum og 92% sjúklinganna héldu áfram á þeirri meðferð.

Aðalendapunktur var hlutfall þeirra sjúklinga sem fengu klíniska svörun, skilgreind sem lækkun á CDAI um ≥ 70 stig frá upphafsgildum við mat eftir 4 vikur án aukinnar lyfjameðferðar við Crohns sjúkdómi eða skurðaðgerðar. Sjúklingum sem svöruðu í 4. viku var fylgt eftir að 12. viku. Auka endapunktur (secondary endpoints) voru m.a hlutfall þeirra sjúklinga sem voru í klínísku sjúkdómshléi í 4. viku (CDAI < 150) og klínísk svörun á tímabilinu.

Í fjórðu viku, eftir gjöf eins skammts, náðu 22/27 (81%) sjúklinga sem voru meðhöndlaðir með skammtinum 5 mg/kg infliximab, klínískri svörun miðað við 4/25 (16%) lyfleysusjúklinga (p < 0,001). Í fjórðu viku, náðu 13/27 (48%) sjúklinga meðhöndlaðir með infliximabi, klínísku sjúkdómshléi (CDAI < 150) miðað við 1/25 (4%) sjúklinga sem fengu lyfleysu. Svörun fékkst innan tveggja vikna, með hámarkssvörun í 4. viku. Í síðustu athugun í 12. viku svöruðu ennþá 13/27 (48%) þeirra sjúklinga sem fengu infliximab.

Viðhaldsmeðferð við miðlungs virkum eða mjög virkum Crohns sjúkdómi hjá fullorðnum

Verkun endurtekinna innrennsla með infliximabi var rannsökuð í 1 árs klínískri rannsókn (ACCENT I).

Alls 573 sjúklingar með miðlungs alvarlegan/alvarlegan virkan Crohns sjúkdóm ($\text{CDAI} \geq 220 \leq 400$) fengu eitt innrennsli af skammtinum 5 mg/kg í viku 0. Hundrað sjötíu og átta sjúklingar af 580 skráðum sjúklingum (30,7%) voru skilgreindir með alvarlegan sjúkdóm ($\text{CDAI} \text{ stig} > 300$ og samtímis meðferð með barksterum og/eða með ónæmisbælandi lyfjum) í samræmi við ábendinguna (sjá kafla 4.1). Í 2. viku voru allir sjúklingar metnir m.t.t. klínískrar svörunar og með slembiröðun raðað í einn af 3 eftirtöldum meðferðarhópum; lyfleysu viðhaldshóp, viðhaldshóp sem fékk skammtinn 5 mg/kg og viðhaldshóp sem fékk 10 mg/kg. Hóparnir 3 fengu allir endurtekið innrennsli í 2. og 6. viku og svo 8. hverja viku eftir það.

Af þeim 573 sjúklingum sem var slembiraðað, höfðu 335 (58%) náð klínískri svörun í 2. viku. Þessir sjúklingar voru skilgreindir sérstaklega (Sjúklingar sem sýndu svörun í 2. viku) og voru teknir með í frumgreininguna (sjá töflu 5). Meðal sjúklinga sem ekki höfðu svarað í 2. viku og voru skilgreindir sem slíkir höfðu 32% (26/81) í viðhaldsmeðferðarhópnum sem fékk lyfleysu og 42% (68/163) í infliximab hópnum náð klínískri svörun í 6. viku. Eftir það var enginn munur á hópnum hvað varðar fjölda sjúklinga með síðkomna svörun.

Samsettu aðalendapunktarnir voru hlutfall sjúklinga í klínísku sjúkdómshléi ($\text{CDAI} < 150$) í 30. viku og tímalengd fram að því að svörun féll niður, allt til loka 54. viku. Leyfilegt var að minnka skammta af barksterum smám saman eftir 6. viku.

Tafla 5
Hlutfall sjúklinga sem sýndi svörun og hlutfall sjúklinga sem fengu sjúkdómshlé, niðurstöður úr ACCENT I rannsókninni (sjúklingar sem sýndu svörun í 2. viku).

	ACCENT I (sjúklingar sem sýndu svörun í 2. viku)		
	% sjúklinga		
	Lyfleysa Viðhaldsmeðferð (n = 110)	Infliximab Viðhaldsmeðferð 5 mg/kg (n = 113) (p gildi)	Infliximab Viðhaldsmeðferð 10 mg/kg (n = 112) (p gildi)
Miðgildi tímalengdar þar til svörun féll niður, út 54. viku.	19 vikur	38 vikur (0,002)	> 54 vikur (< 0,001)
Vika 30			
Klínísk svörun ^a	27,3	51,3 (< 0,001)	59,1 (< 0,001)
Klínískt sjúkdómshlé	20,9	38,9 (0,003)	45,5 (< 0,001)
Sjúkdómshlé án sterameðferðar	10,7 (6/56)	31,0 (18/58) (0,008)	36,8 (21/57) (0,001)
Vika 54			
Klínísk svörun ^a	15,5	38,1 (< 0,001)	47,7 (< 0,001)
Klínískt sjúkdómshlé	13,6	28,3 (0,007)	38,4 (< 0,001)
Áframhaldandi sjúkdómshlé án sterameðferðar ^b	5,7 (3/53)	17,9 (10/56) (0,075)	28,6 (16/56) (0,002)

a Lækkun á $\text{CDAI} \geq 25\%$ og ≥ 70 stig.

b $\text{CDAI} < 150$ bæði í 30. viku og 54. viku og án barksterameðferðar í 3 mánuði fyrir 54. viku hjá sjúklingum sem voru á barksterameðferð í upphafi.

Frá 14. viku fengu sjúklingar sem höfðu svarað meðferð, en síðan misst aftur klíníska svörun, að skipta yfir á infliximab skammt sem var 5 mg/kg stærri en skammturinn sem þeir fengu upphaflega samkvæmt slembiröðun. Áttatíu og níu prósent (50/56) sjúklinga sem misstu klíníska svörun á 5 mg/kg viðhaldsmeðferð eftir 14. viku svöruðu meðferð með 10 mg/kg af infliximabi.

Lífsgæði jukust og fækkun varð á sjúkdómstengdum sjúkrahusinnlögunum og barksteranotkun hjá hópunum sem voru á infliximab viðhaldsmeðferð, í samanburði við lyfleysu viðhaldsmeðferðarhópin bæði í 30. og 54. viku.

Infliximab með eða án AZA var metið í tvíblindri, slembiraðaðri virkri samanburðarrannsókn (SONIC) hjá 508 fullorðnum sjúklingum með miðlungs virkan eða mjög virkan Crohns sjúkdóm ($\text{CDAI} \geq 220 \leq 450$) sem höfðu ekki fengið líffræðilega virk ónæmisbælandi lyf áður og höfðu haft sjúkdóminn í 2,3 ár að meðaltali. Í upphafi fengu 27,4% sjúklinga almenna barkstera, 14,2% sjúklinga fengu búdesóníð og 54,3% sjúklinga fengu 5-ASA lyf. Sjúklingar fengu samkvæmt slembivali AZA einlyfjameðferð, infliximab einlyfjameðferð eða samsetta meðferð með infliximab og AZA. Gefnir voru 5 mg/kg skammtar af Infliximab í viku 0, 2, 6 og síðan í 8. hverri viku. Gefinn var 2,5 mg/kg skammtur af AZA á sólarhring.

Aðalendapunktur rannsóknarinnar var klínískt sjúkdómshlé án barkstera í viku 26, skilgreint sem sjúklingar í klínísku sjúkdómshléi ($\text{CDAI} < 150$) sem höfðu ekki tekið almenna barkstera til inntöku (prednison eða samsvarandi) eða búdesóníðskammt > 6 mg/dag í a.m.k. 3 vikur. Sjá niðurstöður í töflu 6. Hlutfall sjúklinga með slímhúðargræðslu í viku 26 var marktækt hærra hjá hópunum sem fengu samsetta meðferð með infliximabi og AZA (43,9%, $p < 0,001$) og infliximab einlyfjameðferð (30,1%, $p = 0,023$) borið saman við AZA einlyfjameðferðarhópin (16,5%).

Tafla 6
Hlutfall sjúklinga sem náðu klínísku sjúkdómshléi án barkstera í viku 26, SONIC

	AZA einlyfjameðferð	Infliximab Einlyfjameðferð	Infliximab + AZA samsett meðferð
Vika 26			
Allir slembiraðaðir sjúklingar	30,0% (51/170)	44,4% (75/169) ($p = 0,006$)*	56,8% (96/169) ($p < 0,001$)*

* P-gildi er hver infliximab meðferðar hópur fyrir sig borinn saman við AZA einlyfjameðferð.

Tilhneiging til að ná klínísku sjúkdómshléi án barkstera var svipuð í viku 50. Enn fremur jukust lífsgæði með infliximabi metið samkvæmt IBDQ.

Upphafsmæðferð við virkum fistilmyndandi Crohns sjúkdómi

Verkun var metin í slembiúrtaks, tvíblindri, samanburðarrannsókn með lyfleysu, hjá 94 sjúklingum með fistilmyndandi Crohns sjúkdóm, með fistla sem voru a.m.k. 3 mánaða gamlir. Þrjátíu og einn þessara sjúklinga voru meðhöndlaðir með infliximabi 5 mg/kg. U.þ.b. 93% þessara sjúklinga höfðu áður verið í sýkla- eða ónæmisbælandi lyfjameðferð.

Samtímis notkun óbreyttra skammta úr hefðbundinni lyfjameðferð var leyfð og 83% sjúklinganna fengu að minnsta kosti eina af þessum meðferðum áfram. Sjúklingarnir fengu annaðhvort lyfleysu eða infliximab í viku 0, 2 og 6. Sjúklingunum var fylgt eftir í 26 vikur. Aðalendapunkturinn var hlutfall sjúklinga sem sýndu klínísku svörun, skilgreint sem $\geq 50\%$ lækkun frá upphafsgildum á fjölda graftarfistla sem vilsaði úr við vægan þrýsting í að minnsta kosti tveimur skoðunum í röð (með fjögurra vikna millibili), án aukinnar lyfjameðferðar við Crohns sjúkdómi. eða skurðaðgerðar.

Sextíu og átta af hundraði sjúklinga (21/31) meðhöndlaðir með 5 mg/kg af infliximabi fengu klínísku svörun miðað við 26% (8/31) lyfleysu sjúklinga ($p = 0,002$). Miðgildistími þar til svörun kom fram hjá sjúklingum sem fengu infliximab var 2 vikur. Miðgildistími svörunar var 12 vikur. Auk þess náðist að loka öllum fistlum hjá 55% sjúklinga sem voru meðhöndlaðir með infliximabi miðað við 13% sjúklinga sem fengu lyfleysu ($p = 0,001$).

Viðhaldsmeðferð við virkum fistilmyndandi Crohns sjúkdómi

Verkun endurtekinna innrennsla með infliximabi hjá sjúklingum með fistilmyndandi Crohns sjúkdóm var rannsökuð í eins árs klínískri rannsókn (ACCENT II). Samtals 306 sjúklingar fengu 3 skammta af 5 mg/kg infliximab í viku 0, 2 og 6. Í upphafi voru 87% sjúklinganna með fistla umhverfis endaparm, 14% voru með fistla í kviðarholi og 9% voru með endaparms- og leggangafistla. Miðgildi CDAI stiga

var 180. Í 14. viku voru 282 sjúklingar metnir m.t.t. klínískrar svörunar og þeim slembiræðið, og fengu þeir annaðhvort lyfleysu eða 5 mg/kg infliximab 8. hverja viku til loka 46. viku.

Þeir sem sýndu svörun í 14. viku (195/282) voru greindir m.t.t. aðalendapunktsins, sem var tíminn frá slembiræðun þar til svörunin féll niður (sjá töflu 7). Leyfilegt var að minnka barksteraskammta smám saman eftir 6. viku.

Tafla 7

Hlutfall þeirra sem svöruðu meðferð, niðurstöður úr ACCENT II (sjúklingar sem sýndu svörun í 14. viku)

	ACCENT II (Sjúklingar sem sýndu svörun í 14. viku)		
	Lyfleysa Viðhaldsmeðferð (n = 99)	Infliximab Viðhaldsmeðferð (5 mg/kg) (n = 96)	p-gildi
Miðgildi tímalengdar þar til svörun féll niður, út 54. viku.	14 vikur	> 40 vikur	< 0,001
Vika 54			
Svörun við fistlum (%) ^a	23,5	46,2	0,001
Algjör svörun við fistlum (%) ^b	19,4	36,3	0,009

a A ≥ 50% fækkun vilsandi fistla miðað við upphafsgildi á ≥ 4 vikna tímabili.

b Engir vilsandi fistlar.

Sjúklingar sem svöruðu meðferð í upphafi og svörun féll síðan niður voru hæfir til að skipta yfir í virka endurmeðferð 8. hverja viku með byrjun í 22. viku með skammt sem var 5 mg/kg infliximab stærri en sá skammtur sem þeir fengu í upphafi samkvæmt slembivali. Á meðal sjúklinga sem voru í infliximab 5 mg/kg hópnun og skiptu yfir vegna skorts á svörun við fistlum eftir viku 22, svöruðu 57% (12/21) endurmeðferð með 10 mg/kg infliximab 8. hverja viku.

Enginn marktækur munur var á milli lyfleysuhópsins og infliximabhópsins á hlutfalli þeirra sjúklinga sem voru með varanlega lokun allra fistla til loka 54. viku, varðandi einkenni eins og endaparmsverki, ígerð og þvagfærasýkingar eða fjölda nýmyndaðra fistla meðan á meðferð stóð.

Viðhaldsmeðferð með infliximab 8. hverja viku dró marktækt úr sjúkdómstengdum sjúkrahúsinnlögnum og skurðaðgerðum í samanburði við lyfleysu. Enn fremur dró úr notkun barkstera og lífsgæði jukust.

Sáraristilbólga hjá fullorðnum

Öryggi og verkun infliximabs voru metin í tveimur (ACT 1 og ACT 2), slembiræðuðum, tvíblindum, klínískum samanburðarránsóknum með lyfleysu á fullorðnum sjúklingum með miðlungs virka eða mjög virka sáraristilbólgu (6 til 12 Mayo stig; undirstig í holspeglun ≥ 2) og ófullnægjandi svörun við hefðbundinni meðferð [barksterum, amínósalicýlötum og/eða ónæmistemprandi lyfjum (6-MP, AZA) til inntöku]. Samtímis stöðugir skammtar af amínósalicýlötum, barksterum og/eða ónæmistemprandi lyfjum til inntöku voru leyfðir. Í báðum ránsóknum var sjúklingum gefið af handahófi ýmist lyfleysa, 5 mg/kg infliximab eða 10 mg/kg infliximab í viku 0, 2, 6, 14 og 22 og í ACT 1 í viku 30, 38 og 46. Leyft var að draga úr barkstera skömmtum eftir 8. viku.

Tafla 8
Áhrif á klíniska svörun, klínískt sjúkdómshlé og græðslu slímhúðar í 8. og 30. viku.
Sameinaðar upplýsingar úr ACT 1 og 2.

	Infliximab			
	Lyfleysa	5 mg/kg	10 mg/kg	Tekið saman
Einstaklingum skipt af handahófi	244	242	242	484
Hundraðshluti sjúklinga með klíniska svörun og varanlega klíniska svörun				
Klínísk svörun í 8. viku ^a	33,2%	66,9%	65,3%	66,1%
Klínísk svörun í 30. viku ^a	27,9%	49,6%	55,4%	52,5%
Varanleg svörun (klínísk svörun bæði í 8. og 30. viku) ^a	19,3%	45,0%	49,6%	47,3%
Hundraðshluti sjúklinga með klínískt sjúkdómshlé og varanlegt sjúkdómshlé				
Klínískt sjúkdómshlé í 8. viku ^a	10,2%	36,4%	29,8%	33,1%
Klínískt sjúkdómshlé í 30. viku ^a	13,1%	29,8%	36,4%	33,1%
Varanlegt sjúkdómshlé (sjúkdómshlé bæði í 8. og 30. viku) ^a	5,3%	19,0%	24,4%	21,7%
Hundraðshluti sjúklinga með slímhúðargræðslu				
Slímhúðargræðsla í 8. viku ^a	32,4%	61,2%	60,3%	60,7%
Slímhúðargræðsla í 30. viku ^a	27,5%	48,3%	52,9%	50,6%

a p < 0,001, fyrir hvorn infliximab meðferðarhóp miðað við lyfleysu.

Verkun infliximabs út 54. viku var metin í ACT 1 rannsókninni.

Eftir 54 vikur var um að ræða klíniska svörun hjá 44,9% sjúklinga í sameinaða infliximab meðferðarhópnum samanborið við 19,8% í hópnum á lyfleysumeðferð (p < 0,001). Klínískt sjúkdómshlé og slímhúðargræðsla komu fyrir hjá hærri hlutfalli sjúklinga í sameinaða infliximab meðferðarhópnum samanborið við lyfleysumeðferðarhópinn eftir 54 vikur (34,6% á móti 16,5%, p < 0,001 og 46,1% á móti 18,2%, p < 0,001, fyrir hvort atriði um sig). Hlutfall sjúklinga með varanlega svörun og varanlegt sjúkdómshlé í 54. viku var hærri hjá sameinaða infliximab meðferðarhópnum, en hjá lyfleysumeðferðarhópnum (37,9% á móti 14,0%, p < 0,001, og 20,2% á móti 6,6%, p < 0,001, fyrir hvort atriði um sig).

Hærra hlutfall sjúklinga í sameinaða infliximab meðferðarhópnum gat hætt að nota barkstera og verið samt í klínisku sjúkdómshléi samanborið við lyfleysumeðferðarhópinn, bæði í 30. viku (22,3% á móti 7,2%, p < 0,001), sameinaðar niðurstöður úr ACT 1 og ACT 2) og í 54. viku (21,0% á móti 8,9%, p = 0,022, niðurstöður úr ACT 1).

Heildargreining á niðurstöðum úr ACT 1 og ACT 2 rannsóknunum og framhaldsrannsóknum þeirra, sem er greining frá upphafi og í 54 vikur, sýndi fækkun sjúkrahússinnlagna og skurðaðgerða sem tengdust sáraristilbólgu eftir infliximab meðferð. Marktækt færri sjúkrahússinnlagnir sem tengdust sáraristilbólgu voru hjá infliximab hópnum sem fengu 5 og 10 mg/kg en hjá lyfleysuhópnum (meðalfjöldi sjúkrahússinnlagna á hver 100 sjúklingaár: 21 og 19; p = 0,019 á móti 40, p = 0,007 í lyfleysuhópnum). Skurðaðgerðir sem tengdust sáraristilbólgu voru einnig færri hjá þeim sem fengu 5 og 10 mg/kg infliximab en hjá þeim sem fengu lyfleysu (meðalfjöldi skurðaðgerða á hver 100 sjúklingaár: 22 og 19, p = 0,145 á móti 34; p = 0,022).

Upplýsingar um hlutfall þátttakenda sem gengust undir ristilnám, á einhverjum tímapunkti á 54 vikna tímabili eftir fyrsta innrennsli rannsóknarlysins voru fengnar úr ACT 1 og ACT 2 rannsóknunum og framhaldsrannsóknum þeirra. Færri einstaklingar gengust undir ristilnám í hópnum sem fékk 5 mg/kg infliximab (28/242 eða 11,6% [ótilgreint]) og í hópnum sem fékk 10 mg/kg infliximab (18/242 eða 7,4% [p = 0,011]) heldur en í lyfleysuhópnum (36/244; 14,8%).

Lækkun á tíðni ristilnáms var einnig rannsökuð í annarri slembaðri, tvíblindri rannsókn (C0168Y06) á inniliggjandi sjúklingum (n = 45) með miðlungs virka eða mjög virka sáraristilbólgu sem svöruðu ekki meðferð með barksterum sem gefnir voru í bláæð og voru því í aukinni hættu á ristilnámi. Marktækt færri ristilnám voru framkvæmd á þriggja mánaða tímabili meðan á rannsókn á innrennslislyfinu stóð

hjá sjúklingum sem fengu stakan skammt af infliximabi 5 mg/kg samanborið við sjúklinga sem fengu lyfleysu (29,2% á móti 66,7%, $p = 0,017$).

Samkvæmt ACT 1 og ACT 2 bætti infliximab lífsgæði, staðfest með tölfræðilega marktækum bata, bæði með mælingu, IBDQ (Inflammatory Bowel Disease Questionnaire), sem var sértæk fyrir sjúkdóminn og með betri frammistöðu í almennu 36-atriða stuttkönnuninni SF-36.

Hryggikt hjá fullorðnum

Verkun og öryggi infliximabs var metið í tveimur fjölsetra, tvíblindum, samanburðarrannsóknnum með lyfleysu hjá sjúklingum með virka hryggikt (Bath Ankylosing Spondylitis Disease Activity Index [BASDAI] stig ≥ 4 og verkir í hrygg ≥ 4 á skalanum 1-10).

Í fyrri rannsókninni (P01522), sem var með 3 mánaða tvíblindum fasa, fengu 70 sjúklingar annaðhvort 5 mg/kg af infliximabi eða lyfleysu í viku 0, 2 og 6 (35 sjúklingar í hvorum hópi). Hjá lyfleysusjúklingunum var í 12. viku skipt yfir í infliximab 5 mg/kg á 6 vikna fresti fram að viku 54. Að loknu fyrsta ári rannsóknarinnar héldu 53 sjúklingar áfram í opinni framhaldsrannsókn til og með viku 102.

Í seinni rannsókninni (ASSERT) fengu 279 sjúklingar samkvæmt slembivali annaðhvort lyfleysu (hópur 1, $n = 78$) eða 5 mg/kg infliximab (hópur 2, $n = 201$) í viku 0, 2 og 6 og síðan á 6 vikna fresti til 24. viku. Síðan héldu allir áfram með infliximab á 6 vikna fresti til 96. viku. Hópur 1 fékk 5 mg/kg af infliximabi. Frá og með lyfjagjöfnni í viku 36 fengu þeir sjúklingar í hópi 2 sem voru með BASDAI ≥ 3 í tveimur heimsóknum í röð, 7,5 mg/kg infliximab á 6 vikna fresti út 96. viku.

Í ASSERT dró úr einkennum sjúkdómsins þegar í viku 2. Í 24. viku var fjöldi þeirra sem náði ASAS 20 (Assessment in Ankylosing Spondylitis 20) 15/78 (19%) í lyfleysuhópnum og 123/201 (61%) í hópnum sem fékk 5 mg/kg infliximab ($p < 0,001$). 95 einstaklingar úr hópi 2 héldu áfram á 5 mg/kg á 6 vikna fresti. Eftir 102 vikur voru 80 einstaklingar enn á infliximab meðferð og á meðal þeirra voru 71 (89%) sem náði ASAS 20.

Í P01522 dró einnig úr einkennum sjúkdómsins þegar í viku 2. Í 12. viku var fjöldi þeirra sem náði BASDAI 50 3/35 (9%) í lyfleysuhópnum og 20/35 (57%) í 5 mg/kg hópnum ($p < 0,01$). 53 einstaklingar héldu áfram á 5 mg/kg á 6 vikna fresti. Eftir 102 vikur voru 49 einstaklingar enn á infliximab meðferð og á meðal þeirra voru 30 (61%) sem náðu BASDAI 50.

Í báðum rannsóknunum kom einnig fram marktækur bati á líkamlegri færni og lífsgæðum metið samkvæmt BASFI og líkamlegum þáttum samkvæmt SF-36.

Sóraliðagigt hjá fullorðnum

Verkun og öryggi var metið í tveimur fjölsetra, tvíblindum samanburðarrannsóknnum við lyfleysu hjá sjúklingum með virka sóraliðagigt.

Í fyrstu klínísku rannsókninni (IMPACT) var verkun og öryggi infliximabs rannsakað hjá 104 sjúklingum með virka fjölliða sóraliðagigt. Á 16 vikna tvíblinda tímabilinu fengu sjúklingar annaðhvort 5 mg/kg af infliximabi eða lyfleysu í upphafi, og á 2., 6. og 14. viku (52 sjúklingar í hvorum hópi). Frá og með 16. viku var skipt yfir í infliximab hjá lyfleysusjúklingum og allir sjúklingarnir fengu eftir það 5 mg/kg af infliximabi á 8 vikna fresti fram að 46. viku. Eftir fyrsta ár rannsóknarinnar, héldu 78 sjúklingar áfram í opinni framlengingu á rannsókninni að viku 98.

Í annarri rannsókninni (IMPACT 2) var verkun og öryggi infliximabs rannsakað hjá 200 sjúklingum með virka fjölliða sóraliðagigt (≥ 5 bólgin liðamót og ≥ 5 viðkvæm liðamót). Fjörutíu og sex prósent sjúklinganna héldu áfram á stöðugum skammti af metotrexati (≤ 25 mg/viku). Meðan á 24 vikna tvíblindu tímabili stöð, fengu sjúklingarnir annaðhvort 5 mg/kg af infliximabi eða lyfleysu, í viku 0, 2, 6, 14 og 22 (100 sjúklingar í hvorum hóp). Í viku 16 var 47 sjúklingum sem fengu lyfleysu og voru með $< 10\%$ bata miðað við upphafsgildi bæði varðandi bólgin liðamót og viðkvæm skipt yfir í

meðferð með infliximabi (early escape). Í viku 24 var skipt yfir í infliximab meðferð hjá öllum sjúklingunum í lyfleysuhópnum. Skömmun var haldið áfram hjá öllum sjúklingunum út viku 46.

Lykilniðurstöður verkunar fyrir IMPACT og IMPACT 2 eru sýndar í töflu 9:

Tafla 9
Verkun á ACR og PASI í IMPACT og IMPACT 2

	IMPACT			IMPACT 2*		
	Lyfleysa (vika 16)	Infliximab (vika 16)	Infliximab (vika 98)	Lyfleysa (vika 24)	Infliximab (vika 24)	Infliximab (vika 54)
Sjúklingar slembaðir	52	52	N/A ^a	100	100	100
ACR svörun (% sjúklinga)						
N	52	52	78	100	100	100
ACR 20 svörun*	5(10%)	34 (65%)	48 (62%)	16 (16%)	54 (54%)	53 (53%)
ACR 50 svörun*	0(0%)	24 (46%)	35 (45%)	4 (4%)	41(41%)	33 (33%)
ACR 70 svörun*	0(0%)	15 (29%)	27 (35%)	2 (2%)	27 (27%)	20 (20%)
PASI svörun (% sjúklinga) ^b						
N				87	83	82
PASI 75 svörun**				1 (1%)	50 (60%)	40 (48,8%)

* ITT-greining, einstaklingar, þar sem niðurstöður vantaði voru flokkaðir eins og einstaklingar sem svöruðu ekki meðferðinni.

a Niðurstöður úr viku 98 í IMPACT fela í sér samanlögð skipti yfir í lyfleysu (combined placebo crossover) og sjúklinga sem fengu infliximab og héldu áfram í opnu framlengdu rannsókninni.

b Byggt á sjúklingum með PASI $\geq 2,5$ sem upphafsgildi fyrir IMPACT og sjúklingum með $\geq 3\%$ BSA sóra í upphafi í IMPACT 2.

** PASI 75 svörun fyrir IMPACT ekki innifalið vegna lágs N; $p < 0,001$ fyrir infliximab á móti lyfleysu í viku 24 í IMPACT 2.

Í IMPACT og IMPACT 2, kom klínísk svörun í ljós strax í viku 2 og viðhélst út 98. viku í IMPACT og og í 54 vikur í IMPACT 2. Sýnt hefur verið fram á verkun með eða án samhliða notkunar metotrexats. Lækkun á viðmiðunargildum um útlímavirkni sem er einkennandi fyrir sóraliðagigt (svo sem fjöldi bólginnna liða, fjöldi liða með verkjum/eymslum, fingurbólga og útlímakvilli sást hjá sjúklingum sem fengu infliximab.

Breytingar á röntgenmyndum voru metnar í IMPACT 2. Röntgenmynd af höndum og fótum við upphaf rannsóknar, í viku 24 og 54 var safnað saman hjá öllum sjúklingum í IMPACT 2. Infliximab meðferð dró úr framgangi skemmda í útlægum liðum í samanburði við lyfleysu, við aðalendapunkt viku 24, mælt sem breyting frá upphafi til heildar breytingar á vdH-S (van der Heijde-Sharp) stigi (meðaltal $\pm$ staðalfrávik var $0,82 \pm 2,62$ í lyfleysu hópnum samanborið við $-0,70 \pm 2,53$ í infliximab hópnum; $p < 0,001$). Í infliximab hópnum, hélst meðaltal breytingar á heildar vdH-S stigi undir 0 við mælingar í 54. viku.

Sjúklingar á infliximab meðferð tóku marktækum framförum í líkamlegri færni eins og hún er metin með HAQ. Einnig var sýnt fram á marktæka hækkun á heilsutengdum lífsgæðum, metið út frá heildarstigum á líkamlegum og andlegum þáttum í spurningalistanum SF-36 í IMPACT 2.

Sóri hjá fullorðnum

Verkun infliximabs var metin í tveimur fjölsetra, slembuðum, tvíblindum rannsóknum: SPIRIT og EXPRESS. Sjúklingar í báðum rannsóknum voru með skellusóra (yfirborðsflatarmál líkama [BSA] $\geq 10\%$ og sórasvæðis og alvarleikastuðuls [PASI] skor ≥ 12). Aðalendapunkturinn í báðum rannsóknum var hlutfall sjúklinga sem náði $\geq 75\%$ framförum á PASI í 10. viku miðað við upphafsgildi.

Í SPIRIT var metin verkun á upphafsmeðferð með infliximabi hjá 249 sjúklingum með skellusóra sem höfðu áður fengið PUVA eða almenna (systemic) meðferð. Sjúklingar fengu annaðhvort 3 eða 5 mg/kg af infliximab eða lyfleysu innrennsli í viku 0, 2 og 6. Sjúklingar með PGA (physician's global assessment) skor ≥ 3 gátu fengið viðbótar innrennsli af sama skammti í 26. viku.

Í SPIRIT var hlutfall sjúklinga sem náðu PASI 75 í 10. viku 71,7% í hópnum sem fékk 3 mg/kg af infliximabi, 87,9% í hópnum sem fékk 5 mg/kg af infliximabi og 5,9% í lyfleysuhópnum ($p < 0,001$). Eftir 26 vikur, tuttugu vikum frá síðasta innleiðingarskammti, var 30% sjúklinga í hópnum sem fékk 5 mg/kg og 13,8% í hópnum sem fékk 3 mg/kg PASI 75 svarendur. Á milli 6. og 26. viku, komu einkenni sóra smám saman fram aftur með miðgildistíma að sjúkdómsbaksalagi sem nam > 20 vikum. Engin snögg versnun kom fram.

Í EXPRESS var metin verkun upphafs- og viðhaldsmeðferðar með infliximabi hjá 378 sjúklingum með skellusóra. Sjúklingar fengu 5 mg/kg af infliximab eða lyfleysu innrennsli í viku 0, 2 og 6 sem fylgt var eftir með viðhaldsmeðferð á 8 vikna fresti út 22. viku í lyfleysuhópnum og út 46. viku í infliximabhópnum. Í 24. viku skipti lyfleysuhópurinn yfir á infliximab upphafsmeðferð (5 mg/kg) sem fylgt var eftir með infliximab viðhaldsmeðferð (5 mg/kg). Psoriasis í nöglum var metinn með Nail Psoriasis Severity Index (NAPSI). 71,4% sjúklinga höfðu áður fengið meðferðir með PUVA, metotrexati, ciklósporíni eða acitretíni, jafnvel þótt þeir væru ekki endilega ónæmir fyrir meðferð. Helstu niðurstöður er að finna í töflu 10. Hjá einstaklingum sem fengu infliximab meðferð, var greinanleg marktæk PASI 50 svörun við fyrstu komu (2. vika) og PASI 75 svörun í annarri komu (6. vika). Verkun var svipuð í undirhópi sjúklinga sem höfðu áður fengið almenna (systemic) meðferð samanborið við allt rannsóknarþýðið.

Tafla 10
Samantekt á PASI svörun og PGA (physician's global assessment) svörun og hlutfall sjúklinga með algjöran bata í nöglum í 10., 24. og 50. viku. EXPRESS.

	Lyfleysa → Infliximab 5 mg/kg (í 24. viku)	Infliximab 5 mg/kg
10. vika		
n	77	301
$\geq 90\%$ framfarir	1 (1,3%)	172 (57,1%) ^a
$\geq 75\%$ framfarir	2 (2,6%)	242 (80,4%) ^a
$\geq 50\%$ framfarir	6 (7,8%)	274 (91,0%)
PGA metið sem horfið (0) eða lágmarks (1)	3 (3,9%)	242 (82,9%) ^{ab}
PGA metið sem horfið (0), lágmarks (1), eða vægt (2)	14 (18,2%)	275 (94,2%) ^{ab}
24. vika		
n	77	276
$\geq 90\%$ framfarir	1 (1,3%)	161 (58,3%) ^a
$\geq 75\%$ framfarir	3 (3,9%)	227 (82,2%) ^a
$\geq 50\%$ framfarir	5 (6,5%)	248 (89,9%)
PGA metið sem horfið (0) eða lágmarks (1)	2 (2,6%)	203 (73,6%) ^a
PGA metið sem horfið (0), lágmarks (1), eða vægt (2)	15 (19,5%)	246 (89,1%) ^a
50. vika		
n	68	281
$\geq 90\%$ framfarir	34 (50,0%)	127 (45,2%)
$\geq 75\%$ framfarir	52 (76,5%)	170 (60,5%)
$\geq 50\%$ framfarir	61 (89,7%)	193 (68,7%)
PGA metið sem horfið (0) eða lágmarks (1)	46 (67,6%)	149 (53,0%)
PGA metið sem horfið (0), lágmarks (1), eða vægt (2)	59 (86,8%)	189 (67,3%)
Algjör bati í nöglum ^c		
10. vika	1/65 (1,5%)	16/235 (6,8%)
24. vika	3/65 (4,6%)	58/223 (26,0%) ^a
50. vika	27/64 (42,2%)	92/226 (40,7%)

a $p < 0,001$, fyrir hvern infliximab meðferðarhóp miðað við samanburðarhóp.

b $n = 292$.

c Greining var byggð á sjúklingum með sóra í nöglum við upphaf (81,8% þátttakenda). Miðgildi NAPSI skorar við upphaf var 4,6 í infliximabhópnum og 4,3 í lyfleysuhópnum.

Sýnt var fram á marktækan bata miðað við upphafsgildi í DLQI (Dermatology Life Quality Index) ($p < 0,001$) og varðandi líkamlegt og andlegt ástand samkvæmt SF 36 (Health Survey) ($p < 0,001$ fyrir hvorn þátt).

Börn

Crohns sjúkdómur hjá börnum (6-17 ára)

112 sjúklingar (6-17 ára; miðgildi 13,0 ára) í REACH rannsókninni með miðlungs alvarlegan eða alvarlegan virkan Crohns sjúkdóm (miðgildi CDAI hjá börnum var 40) og með ófullnægjandi svörun við hefðbundinni meðferð fengu infliximab 5 mg/kg í viku 0, 2, og 6. Þess var krafist að sjúklingarnir væru á stöðugum skammti af 6-MP, AZA eða MTX (35% voru einnig á barksterum við upphaf rannsóknarinnar). Sjúklingar sem sýndu klíniska svörun í viku 10 samkvæmt rannsóknaraðilanum voru valdir með slembivali og fengu 5 mg/kg af infliximabi sem viðhaldsmeðferð annaðhvort á 8 eða 12 vikna fresti. Ef áframhaldandi svörun fékkst ekki meðan á viðhaldsmeðferðinni stóð mátti auka skammtinn (10 mg/kg) og/eða hafa styttra á milli lyfjagjafa (8 vikna fresti). Hjá 32 börnum, sem unnt var að meta var skammturinn aukinn (9 börn sem fengu viðhaldsmeðferð á 8 vikna fresti og 23 sem fengu viðhaldsmeðferð á 12 vikna fresti). Tuttugu og fjórir (75%) þessara sjúklinga sýndu aftur klíniska svörun eftir að skammturinn hafði verið aukinn.

Hlutfall þeirra sem sýndu klíniska svörun í viku 10 var 88,4% (99/112). Hlutfall þeirra sem sýndu klínískt sjúkdómshlé í viku 10 var 58,9% (66/112).

Í viku 30 var hlutfall sjúklinga sem sýndu klínískt sjúkdómshlé hærra hjá þeim sem fengu viðhaldsmeðferð á 8 vikna fresti (59,6%, 31/52) en hjá þeim sem fengu viðhaldsmeðferð á 12 vikna fresti (35,3%, 18/51; $p = 0,013$). Í viku 54 voru tölurnar 55,8% (29/52) hjá þeim sem fengu viðhaldsmeðferð á 8 vikna fresti og 23,5% (12/51) hjá þeim sem fengu viðhaldsmeðferð á 12 vikna fresti ($p < 0,001$).

Upplýsingar um fistla voru fengnar úr PCDAI skori. Hjá þeim 22 sem voru með fistla við upphaf rannsóknarinnar sýndu 63,6% (14/22) algjöra svörun við fistlum í viku 10; 59,1% (13/22) í viku 30 og 68,2% (15/22) í viku 54 í sameinuðum hópum þeirra sem fengu viðhaldsmeðferð á 8 vikna og 12 vikna fresti.

Auk þess komu fram tölfræðilega og klínískt marktækt bætt lífsgæði og aukin hæð, sem og marktækt minni notkun barkstera miðað við það sem sást við upphaf rannsóknarinnar.

Sáraristilbólga hjá börnum (6 til 17 ára)

Öryggi og verkun infliximabs var metin í fjölsetra, slembaðri, opinni, klínískri rannsókn með samhliða hópum (rannsókn C0168T72) sem tók til 60 sjúklinga á aldrinum 6 til 17 ára (miðgildi aldurs 14,5 ára) með miðlungsvirka til mjög virka sáraristilbólgu (6 til 12 Mayo stig; undirstig í holspeglun ≥ 2) og ófullnægjandi svörun við hefðbundinni meðferð. Í upphafi fengu 53% sjúklinga ónæmismótandi lyfjameðferð (6-MP, AZA og/eða MTX) og 62% sjúklinga fengu barkstera. Heimilað var að hætta meðferð með ónæmismótandi lyfjum og barksterum eftir viku 0.

Allir sjúklingar fengu byrjunarmeðferð með 5 mg/kg af infliximabi í viku 0, 2 og 6. Sjúklingar sem svöruðu ekki meðferð með infliximabi í 8. viku ($n = 15$) fengu ekki frekari meðferð með lyfinu en var fylgt eftir með tilliti til öryggis. Í 8. viku var 45 sjúklingum slembiraðað og fengu þeir 5 mg/kg af infliximabi til viðhaldsmeðferðar. annaðhvort á 8 eða 12 vikna fresti.

Hlutfall sjúklinga sem sýndu klíniska svörun í 8. viku var 73,3% (44/60). Klínísk svörun í 8. viku var svipuð hjá þeim sem fengu samhliða meðferð með ónæmismótandi lyfjum í upphafi og þeim sem fengu ekki samhliða meðferð með ónæmismótandi lyfjum í upphafi. Í viku 8 náðu 33,3% (17/51) sjúklinga klínísku sjúkdómshléi samkvæmt staðli fyrir sáraristilbólgu hjá börnum (Paediatric Ulcerative Colitis Activity Index (PUCAI)).

Hlutfall sjúklinga í klínísku sjúkdómshléi í 54. viku samkvæmt PUCAI stigum var 38% (8/21) hjá hópnum sem fékk viðhaldsmeðferð á 8 vikna fresti og 18% (4/22) hjá hópnum sem fékk viðhaldsmeðferð á 12 vikna fresti. Hjá sjúklingum sem fengu barkstera í upphafi og fengu ekki barkstera í 54. viku var hlutfall sjúklinga í klínísku sjúkdómshléi 38,5% (5/13) hjá hópnum sem fékk viðhaldsmeðferð á 8 vikna fresti og 0% (0/13) hjá hópnum sem fékk viðhaldsmeðferð á 12. vikna fresti.

Í þessari rannsókn voru fleiri sjúklingar í 12 til 17 ára hópnum (45/60) en í 6 til 11 ára hópnum (15/60). Enda þótt of fáir sjúklingar séu í hvorum undirhóp til að hægt sé að draga óbyggjandi ályktanir varðandi áhrif aldurs, var hlutfall sjúklinga sem fengu stærri skammta eða hættu meðferð vegna ófullnægjandi verkunar hærra hjá yngri aldurshópnum.

Aðrar ábendingar handa börnum

Lyfjastofnun Evrópu hefur fallið frá kröfu um að lagðar verði fram niðurstöður úr rannsóknum á viðmiðunarlyfinu sem inniheldur infliximab hjá öllum undirhópum barna við iktsýki, liðagigt hjá börnum (juvenile idiopathic arthritis), sóraliðagigt, hryggigt, sóra og Crohns sjúkdómi (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

5.2 Lyfjahvörf

Eitt innrennsli í æð af 1, 3, 5, 10 eða 20 mg/kg af infliximabi gaf skammtaháða hækkun á hámarksstyrk í sermi (C_{max}) og flatarmáli undir blóðþéttiferli (AUC). Dreifingarrúmmál við jafnvægi (miðgildi V_d 3,0-4,1 lítrar) var óháð skammti og sýndi að infliximab dreifist aðallega um æðakerfið. Engin tímaháð lyfjahvörf sást. Ekki er vitað hvernig brotthvarfi infliximabs er háttáð. Ekki fannst óbreytt infliximab í þvagi. Enginn meiriháttar mismunur sem tengdist aldri eða líkamsþyngd kom fram á úthreinsun eða dreifingarrúmmáli lyfsins hjá sjúklingum með iktsýki. Lyfjahvörf infliximabs hafa ekki verið rannsökuð hjá eldri sjúklingum. Engar rannsóknir hafa farið fram á sjúklingum með nýrna- eða lifrarsjúkdóma.

Eftir einn 3, 5 eða 10 mg/kg skammt, var miðgildi C_{max} 77, 118 og 277 míkrogrömm/ml. Miðgildi helmingunartíma þessara skammta var á bilinu 8 til 9,5 dagar. Hjá flestum sjúklinganna var infliximab mælanlegt í sermi í að minnsta kosti 8 vikur eftir einn ráðlagðan 5 mg/kg skammt við Crohns sjúkdómi og viðhaldsskammtur var 3 mg/kg 8. hverja viku hjá sjúklingum með iktsýki.

Endurtekin meðferð með infliximabi (5 mg/kg í viku 0, 2 og 6 við fistilmyndandi Crohns sjúkdómi, 3 eða 10 mg/kg fjórðu eða 8. hverja viku við iktsýki) hafði í för með sér svolitla uppsöfnun infliximabs í sermi eftir annan skammtinn. Ekki sást frekari uppsöfnun sem var klínískt mikilvæg. Hjá flestum sjúklinganna með fistilmyndandi Crohns sjúkdóm var hægt að finna infliximab í sermi í 12 vikur (á bilinu 4-28 vikur).

Börn

Þýðisgreiningar á lyfjahvörfum, þar sem notaðar voru niðurstöður mælinga hjá sjúklingum á aldrinum 2 mánaða til 17 ára með sáraristilbólgu ($n = 60$), Crohns sjúkdóm ($n = 112$), barnaiktsýki ($n = 117$) og Kawasaki sjúkdóm ($n = 16$), bentu til þess að útsetning fyrir infliximabi væri ekki í línulegu samhengi við líkamsþyngd. Eftir gjöf infliximabs 5 mg/kg á 8 vikna fresti var áætlað miðgildi útsetningar fyrir infliximabi við jafnvægi (flatarmál undir blóðþéttiferli við jafnvægi, AUC_{ss}) hjá 6 ára til 17 ára börnum u.þ.b. 20% lægra en áætlað miðgildi útsetningar við jafnvægi hjá fullorðnum. Miðgildi AUC_{ss} hjá 2 ára til yngri en 6 ára börnum var áætlað u.þ.b. 40% lægra en hjá fullorðnum, enda þótt áætlað sé út frá takmörkuðum fjölda sjúklinga.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Infliximab krossverkar ekki við TNF_α í öðrum tegundum en mönnum og simpönsum. Þess vegna eru venjulegar forklínískar upplýsingar fyrir infliximab takmarkaðar. Eitrunarrannsóknir sem gerðar voru á músum með því að nota samsvarandi mótefni sem blokkar sérhæft virkni TNF_α hjá músum, sýndi

ekki fram á eiturverkun á móðurdýr, fóstureitranir eða vansköpunarvaldandi áhrif. Í rannsókn á frjósemi og almennri æxlunarstarfsemi fækkaði ungafullum músum eftir gjöf sambærilegs mótefnis. Ekki er vitað hvort það var vegna áhrifa á karlkyns og/eða kvenkyns mýs. Í 6 mánaða eitrunarrannsóknum á músum með endurteknum skömmtum, þar sem notað var sama mótefnis hliðstæða gegn TNF_{α} í músum, sáust kristalsútfellingar á augasteinshjúpnunum hjá nokkrum karlkyns rottum. Engar sértækar augnrannsóknir hafa farið fram á sjúklingum til að komast að mikilvægi þessarar uppgötvunar fyrir menn.

Langtíma rannsóknir hafa ekki farið fram til að meta hugsanleg krabbameinsvaldandi áhrif infliximabs. Ekki kom fram nein aukning æxla við rannsóknir á músum sem skorti TNF_{α} , þegar þær voru útsettar fyrir þekktum æxlismyndandi efnum og/eða æxlisörvandi efnum (promoters).

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Súkrósi
Pólýsorbit 80
Natríumdíhýdrógenfosfat mónóhýdrat
Dínatríumfosfat díhýdrat

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

6.3 Geymslupól

Fyrir blöndun

5 ár við 2°C – 8°C.

Inflectra má geyma við hitastig sem er að hámarki 25°C í eitt tímabil sem varir allt að 6 mánuði en ekki umfram upprunalega fyrningardagsetningu. Nýja fyrningardagsetningu skal rita á öskjuna. Eftir að Inflectra hefur verið tekið úr kæli má ekki setja það aftur í kæli.

Eftir blöndun og þynningu

Sýnt hefur verið fram á að efna- og eðlisfræðilegur notkunarstöðugleiki þynntrar lausnar sé allt að 60 dagar við 2°C - 8°C og í 24 klukkustundir til viðbótar við 25°C eftir að lausnin er tekin úr kæli. Frá örverufræðilegu sjónarmiði skal gefa innrennslislausnina strax, geymslutími og ástand fyrir notkun eru á ábyrgð notandans og myndu venjulega ekki vera lengri en 24 klukkustundir við 2°C - 8°C, nema blöndun/þynning hafi farið fram við stýrðar og gildaðar aðsæður við smitgát.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í kæli (2°C – 8°C).

Varðandi geymsluskilyrði við allt að 25°C fyrir blöndun lyfsins, sjá kafla 6.3.

Varðandi geymsluskilyrði eftir blöndun lyfsins, sjá kafla 6.3.

6.5 Gerð fláts og innihald

Hettuglas úr gleri af tegund I með (bútýl) gúmmítappa og álinnsigli með smelluhettu.

Pakkningastærðir með 1, 2, 3, 4, 5 hettuglösum.

Ekki er víst að allar pakkningarstærðir séu markaðsettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

1. Reikna þarf út skammtinn og fjölda Inflectra hettuglasa. Hvert Inflectra hettuglas inniheldur 100 mg af infliximabi. Reikna þarf út heildarrúmmál af Inflectra lausn sem þarf til.
2. Að viðhafðri smitgát skal blanda 10 ml af vatni fyrir stungulyf í hvert Inflectra hettuglas með sprautu sem er með 21 gauge (0,8 mm) eða minni nál. Hettuna þarf að fjarlægja af hettuglasinu og þurrka þarf stútinn með þurrku vætri í 70% alkóhóli. Sprautunálinni skal stinga í miðju gúmmítappa hettuglassins og beina skal vatninu meðfram hliðum þess. Hettuglasinu skal hringsnúa varlega til að koma örlítilli hreyfingu á lausnina til að duftið leysist upp. Forðast skal langvarandi og kraftmikinn hristing. EKKI MÁ HRISTA HETTUGLASIÐ. Froða getur myndast í lausninni við blöndun. Lausnin skal standa í 5 mínútur eftir blöndun. Lausnin á að vera litlaus eða ljósgul og ópallýsandi. Lausnin getur innihaldið hálfgegnisæjar agnir þar sem infliximab er prótein. Ekki má nota lausnina ef til staðar eru ógegnisæjar agnir, mislitun eða aðrar framandi agnir.
3. Þynna skal uppleysta Inflectra skammtinn í 250 ml með 9 mg/ml (0,9%) natríumklóríð innrennslislyfi, lausn. Ekki þynna uppleyst Inflectra með öðru þynningarefni. Þynningin er gerð með því að fjarlægja samsvarandi rúmmál af 9 mg/ml (0,9%) natríumklóríð innrennslislyfi, lausn og rúmmál hins uppleysta Inflectra skammts úr 250 ml flöskunni eða pokanum. Uppleysta Inflectra skammtinum sem á þarf að halda skal svo bæta hægt út í 250 ml flöskuna eða pokann og blanda varlega. Þegar rúmmál er meira en 250 ml, skal nota annaðhvort stærri innrennslispoka (t.d. 500 ml, 1.000 ml) eða marga 250 ml innrennslispoka til að tryggja að styrkur innrennslislausnarinnar verði ekki hærri en 4 mg/ml. Ef innrennslislausnin er geymd í kæli eftir blöndun og þynningu þarf að leyfa henni að ná jafnvægi við stofuhita að 25°C í 3 klst. áður en skref 4 (innrennsli) er hafið. Geymsla lengur en 24 klst. við 2°C-8°C á aðeins við um Inflectra í innrennslispokanum.
4. Innrennslið skal gefa á tíma sem er ekki styttri en ráðlagður innrennslistími (sjá kafla 4.2). Eingöngu skal nota innrennslissett með dauðhreinsaðri síu sem bindur prótein lítið (gatastærð 1,2 míkrometri eða minni). Þar sem ekkert rotvarnarefni er til staðar verður að byrja gjöf lyfsins eins fljótt og unnt er og innan þriggja klukkustunda frá blöndun. Ef það er ekki notað strax eru geymslutími og aðstæður fyrir notkun á ábyrgð notandans og myndu venjulega ekki vera lengri en 24 klukkustundir við 2 °C til 8 °C, nema blöndun/þynning hafi farið fram við stýrðar og gildaðar aðstæður við smitgát (sjá kafla 6.3 hér á undan). Afgangslausn skal ekki geyma til endurnota.
5. Skoða skal Inflectra með tilliti til agna eða mislitunar áður en það eru gefið. Ef sjást ógagnsæjar agnir, mislitun eða aðrar agnir, skal ekki nota lausnina.
6. Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Pfizer Europe MA EEIG
Boulevard de la Plaine 17
1050 Bruxelles
Belgía

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/13/854/001
EU/1/13/854/002
EU/1/13/854/003
EU/1/13/854/004
EU/1/13/854/005

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 10. september 2013
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 21. júní 2018

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <https://www.ema.europa.eu>.

Upplýsingar á íslensku eru á <https://www.serlyfjaskra.is>

VIÐAUKI II

- A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT**
- B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN**
- C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda líffræðilegra virkra efna

CELLTRION Inc.
23 Academy-ro,
Yeonsu-gu, Incheon, 22014
Suður-Kórea

CELLTRION Inc. (Plant II, CLT2)
20 Academy-ro 51 beon-gil,
Yeonsu-gu, Incheon, 22014
Suður-Kórea

Lonza Biologics Tuas Pte Ltd
35 Tuas South Avenue 6,
Singapore 637377,
Singapúr

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt

Hospira Zagreb d.o.o.
Prudnička cesta 60
10291 Prigorje Brdovečko
Króatía

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Ávísun lyfsins er háð sérstökum takmörkunum (sjá viðauka I: Samantekt á eiginleikum lyfs, kafla 4.2).

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

- **Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)**

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

- **Áætlun um áhættustjórnun**

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytinga á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágmörkun áhættu) næst.

- **Viðbótaraðgerðir til að lágmarka áhættu**

Fræðsluefnið samanstendur af áminningarkorti sjúklings sem sjúklingurinn heldur. Kortið miðar að því að bæði þjóna sem áminning um að skrá dagsetningar og niðurstöður tiltekinna prófana og auðvelda sjúklingi að deila sérstökum upplýsingum með heilbrigðisstarfsmönnum sem meðhöndla sjúklinginn um áframhaldandi meðferð með lyfinu.

Áminningarkort sjúklingsins skal innihalda eftirfarandi lykilatriði:

- Áminning til sjúklinga um að sýna áminningarkortið öllum heilbrigðisstarfsmönnum sem meðhöndla sjúklinginn, þ.m.t við neyðartilfelli og skilaboð til heilbrigðisstarfsmanna að sjúklingurinn noti Inflectra.
- Yfirlýsing um að skrá eigi vörumerkið og lotunúmerið.
- Ákvæði um að skrá tegund, dagsetningu og niðurstöðu berklaprófa.
- Að meðferð með Inflectra getur aukið hættuna á alvarlegum sýkingum/blóðsýkingum, tækifærissýkingum, berklum, endurvakningu lifrabólgu B og BCG gegnumbrotssýkingu hjá ungbörnum sem eru útsett fyrir infliximabi í móðurkviði eða með brjóstamjólki; og hvenær eigi að leita til heilbrigðisstarfsmanns.
- Samskiptaupplýsingar læknisins sem ávísar lyfinu.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

YTRI ASKJA

1. HEITI LYFS

Inflectra 100 mg stofn fyrir innrennslisþykkni, lausn
infiximab

2. VIRK(T) EFNI

Eitt hettuglas inniheldur 100 mg af infiximabi.
Eftir að lyfið hefur verið leyst upp inniheldur einn ml 10 mg af infiximabi.

3. HJÁLPAREFNI

Hjálparefni: súkrósi, pólýsorbit 80, natríumdíhýdrógenfosfat mónóhýdrat, dínatríumfosfat díhýdrat.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stofn fyrir innrennslisþykkni, lausn

1 hettuglas
2 hettuglös
3 hettuglös
4 hettuglös
5 hettuglös

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

Til notkunar í bláæð.

Blandið og þynnið fyrir notkun.

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP
Fyrnist, ef lyfið er ekki geymt í kæli _____

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli.

Má geyma við stofuhita (allt að 25°C) einu sinni í allt að 6 mánuði, en ekki umfram upprunalega fyrningardagsetningu.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

Pfizer Europe MA EEIG
Boulevard de la Plaine 17
1050 Bruxelles
Belgía

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/13/854/001 1 hettuglas
EU/1/13/854/002 2 hettuglös
EU/1/13/854/003 3 hettuglös
EU/1/13/854/004 4 hettuglös
EU/1/13/854/005 5 hettuglös

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN**15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR****16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI**

Fallist hefur verið á rök fyrir undanþágu frá kröfu um blindraletur.

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

MÍÐI Á HETTUGLAS

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Inflectra 100 mg stofn fyrir innrennslisþykkni, lausn
infliximab.
i.v.

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

Til notkunar í bláæð eftir að lyfið hefur verið leyst upp og þynnt.

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

100 mg

6. ANNÐ

Inflectra 100 mg stofn fyrir innrennslispykkni, lausn infiximab Áminningarkort sjúklings Kortið skal sýna öllum þeim læknum sem koma að meðferðinni. Þetta áminningarkort sjúklings inniheldur mikilvægar öryggisupplýsingar sem þú þarft að hafa í huga áður en þú færð lyfið Inflectra og meðan á meðferð stendur. Nafn sjúklings: Nafn læknis: Sími læknis: Þegar þú byrjar á nýju korti skaltu geyma þetta kort til hliðsjónar í 4 mánuði eftir síðasta skammtinn af Inflectra. Þú skalt lesa fylgiseðil Inflectra vandlega áður en þú byrjar að nota lyfið. Dagsetning þegar Inflectra meðferð hófst: Núverandi lyfjagjöf: Það er mikilvægt að þú og læknirinn þinn skrái sérlyfjaheiti og lotunúmer lyfsins sem þér er gefið. Sérlyfjaheiti: Lotunúmer: Þú skalt biðja lækinn um að skrá niður tegund og dagsetningu síðustu berklarannsóknar hér fyrir neðan: Próf: Próf: Dagsetning: Dagsetning: Niðurstaða: Niðurstaða: Þú skalt einnig hafa lista meðferðis yfir öll önnur lyf sem þú notar í hvert skipti sem þú leitar til heilbrigðisstarfsfólks. Listi yfir ofnæmi: Listi yfir önnur lyf:	Sýkingar Áður en meðferð með Inflectra hefst • Segðu læknum frá því ef þú ert með sýkingu, jafnvel þótt hún sé aðeins smávægileg • Það er mjög mikilvægt að þú segir læknum frá því ef þú hefur einhvern tímann fengið berkla eða ef þú hefur verið í náinni snertingu við einhvern sem hefur haft berkla. Læknirinn mun rannsaka hvort þú hafir berkla. Þú skalt biðja lækinn um að skrá tegund og dagsetningu síðustu berklarannsóknar á kortið. • Segðu læknum frá því ef þú ert með lifrabólgu B eða ef þú veist eða þig grunar að þú getir borið lifrabólgu B veiruna í þér. Meðan á meðferð með Inflectra stendur • Segðu læknum samstundis frá því ef þú hefur einkenni sýkingar. Einkennin geta verið hiti, þreyta, (þrálátur) hósti, mæði, þyngdartap, nætursviti, niðurgangur, sár, tannkvillar, sviðatilfinning við þvaglát eða flensulík einkenni. Meðganga, brjóstagjöf og bólusetningar • Ef þú fékkst Inflectra á meðgöngu eða hefur barn á brjósti er mikilvægt að þú upplýsir lækni barnsins um það áður en barnið fær einhverja bólusetningu. Barnið á ekki að fá bólusetningu með lifandi bóluefnum svo sem BCG (notað til að koma í veg fyrir berkla) í 12 mánuði frá fæðingu eða á meðan þú hefur barnið á brjósti, nema læknir barnsins ráðleggi annað. Hafðu kortið meðferðis í 4 mánuði eftir að þú fékkst síðast Inflectra skammt, eða við þungun, í 12 mánuði eftir fæðingu barnsins. Aukaverkanir geta komið fram löngu eftir að þú færð síðasta skammtinn af Inflectra.
--	--

B. FYLGISEÐILL

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Inflectra 100 mg stofn fyrir innrennslisþykkni, lausn Infliximab

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að taka lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Læknirinn mun einnig afhenda þér áminningarkort sem inniheldur mikilvægar upplýsingar sem þú þarft að vita áður en og á meðan meðferð með Inflectra stendur.
- Þegar byrjað er á nýju korti skal geyma þetta kort til hliðsjónar í 4 mánuði eftir síðasta skammtinn af Inflectra.
- Leitið til læknisins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar

1. Upplýsingar um Inflectra og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Inflectra
3. Hvernig gefa á Inflectra
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Inflectra
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Inflectra og við hverju það er notað

Inflectra inniheldur virka efnið infliximab sem er upprunið úr mönnum og músum. Infliximab er einstofna mótefni, próteintegund sem festist við tiltekið markefni í líkamanum sem kallast TNF (tumour necrosis factor) alfa.

Inflectra tilheyrir flokki lyfja sem kallast TNF-hemlar. Það er notað hjá fullorðnum gegn eftirfarandi bólgusjúkdómum:

- Iktsýki
- Sórliðagigt
- Hryggikt
- Sóra

Inflectra er einnig notað hjá fullorðnum og börnum 6 ára og eldri við:

- Crohns sjúkdómi
- Sáraristilbólgu

Inflectra verkar með því að festast eingöngu við TNF-alfa (tumour necrosis factor alpha) og hamla virkni þess. TNF-alfa tekur þátt í bólguferli líkamans þannig að með því að hamla því getur dregið úr bólgu í líkamanum.

Iktsýki

Iktsýki er bólgusjúkdómur í liðum. Ef þú ert með virka iktsýki, munt þú fyrst fá önnur lyf. Ef þessi lyf virka ekki nægilega vel mun þér verða gefið Inflectra samhliða lyfi sem kallast metotrexat til að:

- draga úr einkennum sjúkdómsins,
- hægja á skemmdum í liðum,
- bæta líkamlega færni þína.

Sóraliðagigt

Sóraliðagigt er bólgusjúkdómur í liðum og yfirleitt fylgir henni sóri. Ef þú ert með virka sóraliðagigt, munt þú fyrst fá önnur lyf. Ef þau virka ekki nægilega vel, mun þér verða gefið Inflectra til að:

- draga úr einkennum sjúkdómsins,
- hægja á skemmdum í liðum,
- bæta líkamlega færni þína.

Hryggikt

Hryggikt er bólgusjúkdómur í hryggnum. Ef þú ert með hryggikt, munt þú fyrst fá önnur lyf. Ef þau virka ekki nægilega vel, mun þér verða gefið Inflectra til að

- draga úr einkennum sjúkdómsins,
- bæta líkamlega færni þína.

Sóri

Sóri er bólgusjúkdómur í húð. Ef þú ert með miðlungs alvarlegan eða alvarlegan skellusóra, munt þú fyrst fá önnur lyf eða aðra meðferð, t.d. ljósameðferð. Ef þessi lyf eða meðferðir virka ekki nægilega vel, mun þér verða gefið Inflectra til að draga úr einkennum sjúkdómsins.

Sáraristilbólga

Sáraristilbólga er bólgusjúkdómur í þörmum. Ef þú ert með sáraristilbólgu, munt þú fyrst fá önnur lyf. Ef þau virka ekki nægilega vel, mun þér verða gefið Inflectra til meðferðar á sjúkdómnum.

Crohns sjúkdómur

Crohns sjúkdómur er bólgusjúkdómur í þörmum. Ef þú ert með Crohns sjúkdóm, munt þú fyrst fá önnur lyf. Ef þessi lyf virka ekki nægilega vel, mun þér verða gefið Inflectra til að:

- meðhöndla virkan Crohns sjúkdóm,
- draga úr fjölda óeðlilegra opnana í gegnum húð frá þörmum (fistlar) sem ekki hefur tekist að lækna með öðrum lyfjum eða skurðaðgerð.

2. Áður en byrjað er að nota Inflectra

Ekki má nota Inflectra ef:

- um er að ræða ofnæmi fyrir infliximabi eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6)
- þú ert með ofnæmi fyrir músapróteini
- þú ert með berkla eða aðra alvarlega sýkingu eins og lungnabólgu eða blóðsýkingu (alvarleg bakteríusýking í blóðinu)
- þú ert með miðlungs alvarlega eða alvarlega hjartabilun.

Þú mátt ekki nota Inflectra ef eitthvað af ofangreindu á við um þig. Ef þú ert í vafa skaltu ráðfæra þig við lækinn áður en þér er gefið Inflectra.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum áður en Inflectra er notað eða meðan á meðferð stendur, ef þú hefur:

Fengið meðferð með lyfi sem inniheldur infliximab áður

- Segðu læknum frá því ef þú hefur áður fengið meðferð með lyfjum sem innihalda infliximab og ert að hefja meðferð með Inflectra á ný.
- Ef lengra en 16 vikna hlé hefur verið gert á meðferð með infliximabi er meiri hætt á ofnæmisviðbrögðum þegar meðferð hefst aftur.

Sýkingar

- Segðu læknum frá því áður en þér er gefið Inflectra ef þú ert með sýkingu, jafnvel þótt hún sé smávægileg.
- Segðu læknum frá því áður en þér er gefið Inflectra ef þú hefur einhvern tíma búið á eða ferðast til svæða þar sem sýkingar sem kallast váfumygla (histoplasmosis), þekjumygla (coccidioidomycosis) eða sprotamygla (blastomycosis) eru algengar. Þessar sýkingar eru af völdum ákveðinna tegunda af sveppum sem geta sýkt lungun eða aðra líkamshluta.
- Þú ert í meiri hættu á að fá sýkingar meðan á meðferð með Inflectra stendur. Ef þú ert 65 ára eða eldri ertu í meiri hættu.
- Þessar sýkingar geta verið alvarlegar, þar á meðal berklar, sýkingar af völdum veira, sveppa, eða annarra lífvera í umhverfinu og blóðsýking sem getur verið lífshættuleg.
- Segðu læknum samstundis frá því ef þú færð einkenni sýkingar meðan á meðferð með Inflectra stendur. Einkennin geta verið hiti, hósti, flensulík einkenni, vanlíðan, rauð eða heit húð, sár eða tannvandamál. Læknirinn gæti ráðlagt að Inflectra meðferð verði hætt tímabundið.

Berklar

- Það er mjög mikilvægt að þú segir læknum frá því ef þú hefur einhvern tímann fengið berkla eða verið í návist við einhvern sem hefur haft berkla.
- Læknirinn mun rannsaka hvort þú hafir berkla. Greint hefur verið frá berklatilfellum hjá sjúklingum sem fá meðferð með infliximabi og jafnvel hjá sjúklingum sem hafa þegar verið meðhöndlaðir með lyfjum gegn berklum. Læknirinn mun skrá rannsóknirnar á áminningarkortið þitt.
- Ef læknirinn telur þig vera í hættu á að fá berkla getur verið að þú fái lyf gegn berklum áður en þér er gefið Inflectra.
- Segðu læknum samstundis frá því ef þú færð einkenni berkla meðan á meðferð með Inflectra stendur. Einkennin geta verið þrálátur hósti, þyngdartap, þreyta, hiti, nætursviti.

Lifrabólgu B veirusýking

- Segðu læknum frá því áður en þér er gefið Inflectra ef þú ert með eða hefur fengið lifrabólgu B veirusýkingu áður.
- Segðu læknum frá því ef þú telur þig vera í hættu á að smitast af lifrabólgu B veiru.
- Læknirinn á að rannsaka hvort þú sért með lifrabólgu B veiru.
- Meðferð með TNF-hemlum eins og Inflectra getur valdið endurvirkjun lifrabólgu B veirunnar hjá sjúklingum sem bera hana í sér og getur verið lífshættuleg í sumum tilvikum.
- Ef þú færð endurvirkjun lifrabólgu B getur verið að læknirinn þurfi að stöðva meðferðina og að hann þurfi að gefa þér lyf eins og virka meðferð gegn veirusýkingum ásamt stuðningsmeðferð.

Hjartasjúkdómar

- Segðu læknum frá því ef þú ert með hjartasjúkdóm, t.d. væga hjartabilun.
- Læknirinn mun fylgjast náið með hjartanu þínu.

- Segðu læknum frá því ef þú færð ný einkenni eða versnun einkenna hjartabilunar meðan á meðferð með Inflectra stendur. Einkennin geta verið mæði eða bjúgur á fótum.

Krabbamein og eitilæxli

- Segðu læknum frá því áður en þér er gefið Inflectra ef þú ert með eða hefur fengið eitilæxli (tegund krabbameins í blóði) eða annað krabbamein.
- Sjúklingar með alvarlega iktsýki, sem hafa haft sjúkdóminn í langan tíma, geta verið í meiri hættu á að fá eitilæxli.
- Börn og fullorðnir sem nota Inflectra geta verið í aukinni hættu á að fá eitilæxli eða annað krabbamein.
- Sumir sjúklingar sem hafa fengið TNF-hemla, þar með talið infliximab, hafa fengið sjaldgæfa tegund af T-frumu eitilæxli í lifur og milta (hepatosplenic T-cell lymphoma). Þessir sjúklingar voru flestir unglingstrákar eða ungir karlmenn og flestir voru annaðhvort með Crohns sjúkdóm eða sáraristilbólgu. Þessi tegund krabbameins leiddi yfirleitt til dauða. Næstum allir þessir sjúklingar höfðu einnig fengið lyf sem innihalda azatíoprín eða merkaptópúrín til viðbótar við TNF-hemla.
- Sumir sjúklingar sem hafa fengið meðferð með infliximabi hafa fengið ákveðnar tegundir af húðkrabbameini. Látið lækinn vita ef um er að ræða einhverjar breytingar í húð eða ef fram kemur óeðlilegur vöxtur í húð meðan á meðferð stendur eða eftir meðferð.
- Sumar konur með iktsýki sem hafa fengið meðferð með infliximabi hafa fengið leghálskrabbamein. Læknirinn getur ráðlagt konum sem fá Inflectra, þ. á m. þeim sem eru eldri en 60 ára, að fara reglulega í skimun fyrir leghálskrabbameini.

Lungnasjúkdómar eða stórreykingarfólk

- Segðu læknum frá því áður en þér er gefið Inflectra ef þú ert með lungnasjúkdóm sem kallast langvinn lungnateppa eða ef þú reykir mikið.
- Sjúklingar með langvinna lungnateppu og sjúklingar sem reykja mikið geta verið í aukinni hættu á að fá krabbamein meðan á Inflectra meðferð stendur.

Taugasjúkdómar

- Segðu læknum frá því áður en þér er gefið Inflectra ef þú ert með eða hefur áður haft sjúkdóm sem hefur áhrif á taugakerfið. T.d. mænusigg, heilkenni bráðrar fjöltaugabólgu (Guillain-Barré heilkenni), ef þú færð flog eða hefur verið greind/ur með sjóntaugarbólgu.
- Segðu læknum strax frá því ef þú færð einkenni taugasjúkdóms meðan á meðferð með Inflectra stendur. Einkenni geta verið breytingar á sjón, máttleysi í handleggjum eða fótleggjum, doði eða tilfinningaleysi einhvers staðar í líkamanum.

Óeðlileg op á húðinni

- Segðu læknum frá því ef þú ert með óeðlileg op á húðinni (fistla) áður en þér er gefið Inflectra.

Bólusetningar

- Segðu læknum frá því ef þú hefur nýlega verið bólusettt/ur eða ef fyrirhugað er að bólusetja þig á næstunni.
- Þú ættir að fá ráðlagðar bólusetningar áður en meðferð með Inflectra er hafin. Þú mátt fá sumar bólusetningar meðan á meðferð með Inflectra stendur en þú mátt ekki fá lifandi bóluefni (bóluefni sem innihalda lifandi en veiklaðan sýkingarvald) meðan þú notar Inflectra vegna þess að þau geta valdið sýkingum.
- Ef þú fékkst Inflectra meðan þú varst þunguð, getur barnið þitt líka verið í meiri hættu á að fá sýkingu ef það fær lifandi bóluefni fyrsta árið eftir fæðingu. Það er mikilvægt að þú látir lækni barnsins þíns og annað heilbrigðisstarfsfólk vita að þú notir Inflectra svo hægt sé að ákveða

hvenær barnið eigi að fá bóluefni, þ. á m. lifandi bóluefni svo sem BCG bóluefnið (notað til að koma í veg fyrir berkla).

- Ef þú hefur barn á brjósti er mikilvægt að upplýsa lækna barnsins og aðra heilbrigðisstarfsmenn um að þú hafir fengið Inflectra áður en barnið fær einhverja bólusetningu. Sjá frekari upplýsingar í kaflanum um meðgöngu og brjóstagið.

Sýkingavaldar ætlaðir til meðferðar

- Segðu læknum frá því ef þú hefur nýlega fengið meðferð með sýkingavaldi sem ætlaður er til meðferðar eða ef fyrirhugað er að þú fái meðferð með sýkingavaldi ætluðum til meðferðar á næstunni (svo sem BCG ídreypingarvökva fyrir þvagblöðru til meðferðar við krabbameini).

Aðgerðir eða tannaðgerðir

- Segðu læknum frá því ef þú ert á leiðinni í aðgerð eða aðgerð á tönnum.
- Segðu skurðlæknum eða tannlæknum að þú sért í meðferð með Inflectra og sýndu þeim áminningarkortið.

Lifransjúkdómar

- Dæmi eru um að sjúklingar sem fá infliximab hafi fengið alvarlega lifransjúkdóma.
- Segðu læknum samstundis frá ef þú færð einkenni lifransjúkdóma meðan á meðferð með Inflectra stendur. Einkennin geta verið að húð og augu gulna, þvag verður dökkbrúnt, þú færð verk eða þrota ofarlega til hægri á kvið, liðverki, húðútbrot eða hita.

Lág blóðgildi

- Dæmi eru um að hjá sjúklingum sem fá infliximab framleiði líkaminn ekki nægjanlegt magn af blóðfrumum sem hjálpa til við að vinna á sýkingum eða stöðva blæðingu.
- Segðu læknum samstundis frá ef þú færð einkenni lágra blóðgilda meðan á meðferð með Inflectra stendur. Einkennin geta verið þrálátur hiti, blæðing eða marblettir, litlir rauðir eða purpurauðir blettir af völdum blæðinga undir húð eða fölvi.

Ónæmiskerfi

- Sumir sjúklingar sem fá infliximab hafa fengið einkenni sjúkdóms í ónæmiskerfi sem kallast rauðir úlfar.
- Segðu læknum samstundis frá ef þú færð einkenni rauðra úlfa meðan á meðferð með Inflectra stendur. Einkennin geta verið liðverkir eða útbrot á kinnum eða handleggjum sem eru viðkvæm fyrir sólarljósi.

Börn og unglingar

Upplýsingarnar hér fyrir ofan eiga einnig við um börn og unglinga. Til viðbótar:

- Dæmi eru um að börn og unglingar sem hafa fengið TNF-hemla eins og infliximab hafi fengið krabbamein, m.a. sjaldgæfar tegundir, sem stundum hefur leitt til dauða.
- Fleiri börn sem fengu infliximab fengu sýkingar borið saman við fulloröna.
- Börn eiga að hafa fengið ráðlagðar bólusetningar áður en meðferð með Inflectra hefst. Börn mega fá sum bóluefni meðan á meðferð með Inflectra stendur en þau eiga ekki að fá lifandi bóluefni á meðan Inflectra er notað.

Inflectra skal eingöngu gefa börnum ef þau eru í meðferð við Crohns sjúkdómi eða sáraristilbólgu. Börnin verða að vera 6 ára eða eldri.

Ef þú ert ekki viss um hvort eitthvað af ofangreindu á við um þig skaltu ræða við lækinn áður en þér er gefið Inflectra.

Notkun annarra lyfja samhliða Inflectra

Sjúklingar með bólgusjúkdóma eru yfirleitt nú þegar að taka lyf við sjúkdómnum. Þessi lyf geta valdið aukaverkunum. Læknirinn mun ráðleggja þér hvaða lyf þú átt að halda áfram að taka á meðan þú notar Inflectra.

Látið lækinn vita ef þú notar eða hefur nýlega notað önnur lyf, þ.m.t. öll önnur lyf sem notuð eru til meðferðar við Crohns sjúkdóm, sáraristilbólgu, iktsýki, hryggikt, sóraliðagigt eða sóra eða lyf sem fengin eru án lyfseðils, eins og vítamín og náttúrulef.

Þú skalt sérstaklega láta lækinn vita ef þú tekur einhver eftirtalinna lyfja:

- Lyf sem hafa áhrif á ónæmiskerfið
- Kineret (sem inniheldur anakinra). Inflectra og Kineret skal ekki nota samtímis
- Orencia (sem inniheldur abatacept). Inflectra og Orencia skal ekki nota samtímis.

Meðan á meðferð með Inflectra stendur má ekki bólusetja þig með lifandi bóluefnum. Ef þú fékkst Inflectra á meðgöngu eða ef þú færð Inflectra meðan á brjóstagið stendur skaltu upplýsa lækni barnsins og aðra heilbrigðisstarfsmenn sem annast barnið þitt um að þú hafir fengið Inflectra áður en barnið fær einhverja bólusetningu.

Ef þú ert ekki viss um hvort eitthvað af ofantöldu á við um þig skaltu ræða við lækinn áður en þér er gefið Inflectra.

Meðganga, brjóstagið og frjósemi

- Við meðgöngu, brjóstagið, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. Inflectra á aðeins að nota á meðgöngu eða meðan á brjóstagið stendur ef lækinn telur að það sé nauðsynlegt fyrir þig.
- Þú skalt forðast að verða þunguð meðan á meðferð með Inflectra stendur og í 6 mánuði eftir að meðferð lýkur. Þú skalt ræða notkun getnaðarvarna á þessu tímabili við lækinn.
- Ef þú fékkst Inflectra meðan þú varst þunguð, getur barnið þitt verið í meiri hættu á að fá sýkingu.
- Það er mikilvægt að þú látir lækni barnsins þíns og annað heilbrigðisstarfsfólk vita að þú notir Inflectra áður en barnið þitt fær einhverja bólusetningu. Ef þú fékkst Inflectra á meðgöngu getur BCG bóluefni (notað til að koma í veg fyrir berkla) sem barn þitt fær innan 12 mánaða eftir fæðingu orsakað sýkingar með alvarlegum fylgikvillum, þ. á m. dauða. Ekki má gefa barninu lifandi bóluefni svo sem BCG bóluefnið í 12 mánuði frá fæðingu nema læknir barnsins ráðleggi annað. Sjá kaflann um bólusetningu fyrir frekari upplýsingar.
- Ef þú hefur barn á brjósti er mikilvægt að upplýsa lækna barnsins og aðra heilbrigðisstarfsmenn um að þú hafir fengið Inflectra áður en barnið fær einhverja bólusetningu. Ekki má að gefa barninu lifandi bóluefni meðan þú ert með barnið á brjósti nema læknir barnsins ráðleggi annað.
- Greint hefur verið frá alvarlegri fækkun hvítra blóðkorna hjá ungbörnum kvenna sem hafa fengið infliximab á meðgöngu. Hafðu tafarlaust samband við lækni barnsins ef barnið þitt fær síendurtekin hitaköst eða sýkingar.

Akstur og notkun véla

Ekki er talið líklegt að Inflectra hafi áhrif á hæfni til aksturs eða notkun tækja og véla. Ef þú finnur fyrir þreytu, sundli eða þér líður illa eftir að hafa fengið Inflectra, ættir þú hvorki að aka né stjórna tækjum og vélum.

Inflectra inniheldur natríum

Inflectra inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust. Hins vegar, áður en þér er gefið Inflectra, er því blandað saman við lausn sem inniheldur natríum. Talaðu við lækinn ef þú ert á natríumskertu mataræði.

3. Hvernig gefa á Inflectra

Hversu mikið Inflectra er gefið

- Læknirinn mun ákveða skammtastærð og hve oft þú átt að fá Inflectra. Það ræðst af sjúkdómnum, þyngd og hve vel þú svarar meðferð með Inflectra.
- Taflan hér fyrir neðan sýnir hve oft lyfið er venjulega gefið eftir fyrsta skammtinn.

2. skammtur	2 vikum eftir 1. skammt
3. skammtur	6 vikum eftir 1. skammt
Frekari skammtar	Á 6-8 vikna fresti, fer eftir sjúkdómnum

Iktsýki

Venjulegur skammtur er 3 mg fyrir hvert kg líkamsþyngdar.

Sóraliðagigt, hryggigigt (Bechterews sjúkdómur), sóri, sáraristilbólga og Crohns sjúkdómur

Venjulegur skammtur er 5 mg fyrir hvert kg líkamsþyngdar.

Hvernig Inflectra er gefið

- Læknir eða hjúkrunarfræðingur mun gefa þér Inflectra á sjúkrahúsi eða lækna stofu
- Læknirinn eða hjúkrunarfræðingurinn mun blanda innrennslislyfið
- Lyfið er gefið með innrennsli (dreypi) (á 2 klukkustundum) í bláæð, venjulega í handlegginn. Eftir þriðju meðferðina gæti læknirinn ákveðið að gefa þér Inflectra skammtinn á einni klukkustund.
- Fylgst verður með þér á meðan þér er gefið Inflectra og einnig í 1-2 klukkustundir eftir það.

Notkun handa börnum og unglingum

Handa börnum (6 ára eða eldri) sem fá meðferð við Crohns sjúkdómi eða sáraristilbólgu er ráðlagður skammtur sá sami og handa fullorðnum.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Þar sem lyfið er gefið af lækni eða hjúkrunarfræðingi er ólíklegt að þér sé gefið of mikið. Engar aukaverkanir eru þekktar eftir of stóran skammt af Inflectra.

Ef gleymist að nota Inflectra

Ef þú gleymir eða missir af Inflectra gjöf skaltu panta annan tíma um leið og þú getur.

Leitið til læknisins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum. Flestar aukaverkanirnar eru vægar eða miðlungs alvarlegar. Hins vegar geta sumir sjúklingar fengið alvarlegar aukaverkanir sem þarfnast meðhöndlunar. Aukaverkanir geta einnig komið fram eftir að meðferð með Inflectra er hætt.

Láttu lækninn strax vita ef þú verður var/vör við eftirfarandi:

- **Ofnæmiseinkenni** eins og bjúgur í andliti, vörum, munni eða hálsi sem getur valdið því að erfitt er að kyngja eða anda, húðútbrot, ofsakláði, bjúgur á höndum, fótum eða ökkum. Sum þessara einkenna geta verið alvarleg eða lífshættuleg. Ofnæmisviðbrögð geta komið fram innan við 2 klukkustundum frá lyfjagjöf eða síðar. Fleiri einkenni ofnæmisviðbragða geta komið fram allt að 12 dögum frá lyfjagjöf m.a. vöðvaverkir, hiti, verkir í liðum eða kjálka, óþægindi í hálsi eða höfuðverkur.
- **Einkenni hjartasjúkdóms** svo sem óþægindi fyrir brjósti, verkur í handlegg, verkur í maga, mæði, kvíði, vægur svimi, svimi, yfirlið, svitamyndun, ógleði, uppköst, flókt eða sláttur í brjósti, hraður eða hægur hjartsláttur og/eða bjúgur á fótum.
- **Einkenni sýkingar (þ.m.t. berklar)** svo sem hiti, þreytutilfinning, hósti sem getur verið þrálátur, mæði, flensulík einkenni, þyngdartap, nætursviti, niðurgangur, sár, uppsafnaður gröftur í meltingarvegi eða í kringum endaparm (ígerð), tannsjúkdómar eða sviðatilfinning við þvaglát.
- **Möguleg ummerki krabbameins** þ.m.t. en ekki takmarkað við þrota í eitlum, þyngdartap, hita, óvenjulega hnúta í húð, breytingar á fæðingarblettum eða húðlit eða óvenjulegar blæðingar úr leggöngum.
- **Einkenni lungnasjúkdóms** svo sem hósti, öndunarerfiðleikar eða þyngsli fyrir brjósti.
- **Einkenni taugasjúkdóms (þ.m.t. augnkvillar)** svo sem einkenni heilablóðfalls (skyndilegur doði eða máttleysi í andliti, handlegg eða fótlegg, einkum öðrum megin í líkamanum; skyndileg ringlun, erfiðleikar við að tala eða skilja, erfiðleikar við að sjá með öðru eða báðum augum, erfiðleikar með gang, sundl, jafnvægisleysi eða samhfæingarleysi eða slæmur höfuðverkur), flog, náladofi/doði einhvers staðar í líkamanum, máttleysi í höndum eða fótum, sjóntruflanir eins og tvísýni eða önnur sjónvandamál.
- **Einkenni lifrarsjúkdóms** (þ.m.t. lifrabólgu B sýking þegar þú hefur áður fengið lifrabólgu B) eins og gulnun húðar eða augna, dökkbrúnt þvag, verkur eða þroti í efri hluta kviðar, liðverkir, húðútbrot eða hiti.
- **Einkenni ónæmissjúkdóms** eins og liðverkir eða útbrot á vöngum eða handleggjum sem eru viðkvæm fyrir sólarljósi (rauðir úlfar) eða hósti, mæði, hiti eða húðútbrot (sarklíki).
- **Einkenni lágra blóðgilda** eins og þrálátur hiti, blæðing, marblettir, litlir rauðir eða purpurarauðir blettir vegna blæðinga undir húð eða fólvi.
- **Einkenni alvarlegra húðvandamála** eins og rauðleitir blettir sem líkjast skotskífu eða hringlaga flekkir oft með blöðrum fyrir miðju á bolnum, stór svæði með húðflögnun, sár í munni, hálsi, nefi, kynfærum og augum eða litlir graftarfulltir hnúðar sem geta breiðst út um allan líkamann. Hiti getur fylgt þessum viðbrögðum í húð.

Hafðu strax samband við lækninn ef þú finnur fyrir einhverju af ofantöldu.

Eftirfarandi aukaverkanir hafa komið fram við notkun Inflectra:

Mjög algengar: kunna að koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum

- Kviðverkur, ógleði
- Veirusýkingar t.d. herpes eða flensa
- Sýkingar í efri öndunarvegi svo sem skútabólga
- Höfuðverkur
- Aukaverkanir tengdar innrennslisgjöf
- Verkur.

Algengar: kunna að koma fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum

- Breytingar á starfsemi lifrar, aukning lifrarensíma (kemur fram í blóðprufum)
- Sýkingar í lungum eða brjósti t.d. berkjubólga eða lungnabólga
- Erfiðleikar eða sársauki við öndun, brjóstverkur
- Blæðingar í maga eða þörmum, niðurgangur, meltingartruflanir, brjóstsviði, hægðatregða
- Ofsakláði, kláðaútbrot eða húðþurrkur
- Jafnvægistruflanir eða sundl
- Hiti, aukin svitamyndun
- Blóðrásarkvillar, t.d. lágur eða hár blóðþrýstingur

- Marblettir, hitakóf eða blóðnasir, heit og rjóð húð
- Þreyta eða slappleiki
- Bakteríusýkingar t.d. blóðsýking, ígerð eða sýking í húð (húðnetjubólga)
- Sýking í húð af völdum svepps
- Blóðsjúkdómar, t.d. blóðleysi eða of fá hvít blóðkorn
- Eitlastækkarir
- Þunglyndi, erfðileikar með svefn
- Augnkvillar þ. á m. roði í augum og sýkingar
- Hraður hjartsláttur eða hjartsláttarónot
- Liðverkir, vöðvaverkir eða bakverkir
- Sýkingar í þvagfærum
- Sóri, húðvandamál t.d. exem og hárlos
- Einkenni á stungustað, t.d. verkur, bólga, roði eða kláði
- Kuldahrollur, vökvasöfnun undir húð sem orsakar þrota
- Dofi eða náladofi.

Sjaldgæfar: kunna að koma fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum

- Minnkað blóðflæði, þroti í æðum
- Uppsöfnun á blóði utan við æðar (margúll) eða mar
- Húðvandamál t.d. blöðrur, vörtur, óeðlilegur húðlitur eða mislitun húðar, þroti á vörum, þykkun húðar eða rauð, hreistrótt og flagnandi húð
- Alvarleg ofnæmisviðbrögð (t.d. bráðaofnæmi), ónæmissjúkdómur sem kallast rauðir úlfar, ofnæmisviðbrögð við framandi próteinum
- Sár gróa hægar
- Lifrar- eða gallblöðrubólga, lifrarskemmdir
- Gleymaska, skapstyggið, ringlun, taugaóstyrkur
- Augnvandamál, þ. á m. þokusýn eða sjónskerðing, þrútin augu, vogrís
- Nýtilkomin eða versnandi hjartabilun, hægur hjartsláttur
- Yfirlið
- Krampar, taugavandamál
- Gat á þörmum eða þarmastífla, kviðverkir eða krampar
- Brisbólga
- Sveppasýkingar, t.d. hvítsveppasýking eða sveppasýking í nöglum
- Lungnavandamál (t.d. bjúgur)
- Vökvasöfnun umhverfis lungu (í fleiðruholi)
- Þrenging í loftvegum lungna sem veldur öndunarerfiðleikum
- Bólga í himnu innan í lungum sem veldur stingandi verkjum sem versna við öndun (fleiðrubólga)
- Berklar
- Sýkingar í nýrum
- Fækkun blóðflagna, offjölgun hvítra blóðkorna
- Leggangasýkingar
- Niðurstöður úr blóðrannsóknunum sem sýna mótefni gegn eigin líkama
- Breyting á magni kólesteróls og fitu í blóði.

Mjög sjaldgæfar: kunna að koma fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum

- Krabbamein í blóði (eitilæxli)
- Blóðið flytur ekki nægjanlegt súrefni um líkamann, blóðrásarkvillar t.d. þrenging æða
- Heilahimnubólga
- Sýkingar vegna veiklaðs ónæmiskerfis
- Lifrarbólga B ef þú hefur áður verið með lifrarbólgu B
- Bólga í lifur af völdum ónæmiskerfis (sjálfsnæmislifrarbólga)
- Lifrarsjúkdómur sem veldur gulnun húðar og augna (gula)
- Óeðlilegur þroti eða vöxtur í vefjum

- Alvarleg ofnæmisviðbrögð sem geta leitt til meðvitundarleysis og gætu verið lífshættuleg (bráðafnæmislost)
- Bólga í smáum æðum (æðabólga)
- Ónæmissjúkdómar sem geta haft áhrif á lungu, húð og eitla (t.d. sarklíki)
- Uppsöfnun ónæmisfrumna af völdum ónæmissvars (hnúðótt útbrot)
- Sinnu- og geðbrigðaleysi
- Alvarleg húðvandamál svo sem drep í húðþekju, Stevens-Johnson heilkenni og bráð útbreidd grafrarútpot
- Önnur húðvandamál eins og regnbogaroðasótt, blöðrur og húðflögnun eða graftarkýli (kýlasótt)
- Alvarlegir taugasjúkdómar, t.d. þverrofsmænubólga, sjúkdómur sem líkist mænisiggi, sjóntaugarbólga, heilkenni bráðrar fjöltaugabólgu (Guillian-Barré heilkenni)
- Bólga í auga sem getur valdið sjónbreytingum þ.m.t. blindu
- Vökvasöfnun í gollurshúsi
- Alvarlegir lungnasjúkdómar (t.d. millivefslungnasjúkdómur)
- Sortuæxli (tegund húðkrabbameins)
- Leghálskrabbamein
- Lág blóðgildi, þ. á m. veruleg fækkun hvítra blóðkorna
- Litlir rauðir eða purpurarauðir blettir af völdum blæðinga undir húð
- Húðskæningsviðbrögð (rauð-purpuralituð húðútbrot með kláða og/ eða grá-hvítar þráðlaga línur í slímhimnum)
- Óeðlileg blóðgildi próteins sem kallast magnapáttur og er hluti ónæmiskerfisins.
- Þyngdaraukning (hjá flestum sjúklingum var þyngdaraukningin lítil).

Tíðni ekki þekkt: ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum

- Krabbamein hjá börnum og fullorðnum
- Sjaldgæft blóðkrabbamein sem leggst aðallega á unglingsdrenge eða unga karlmenn (T-frumu eitilæxli í lifur og milta)
- Lifrabíllun
- Bjálkakrabbamein (tegund húðkrabbameins (Merkel cell carcinoma))
- Kaposi-sarkmein, mjög sjaldgæft krabbamein tengt sýkingu af völdum manna-herpesveiru 8. Kaposi-sarkmein kemur oftast fram sem fjólubláar húðskemmdir.
- Versnun sjúkdóms sem kallast húð- og vöðvabólga (dermatomyositis) (kemur fram sem húðútbrot ásamt vöðvamáttleysi)
- Tímabundið sjóntap sem kemur fram meðan á innrennslisgjöf stendur eða innan 2 klukkustunda eftir innrennslisgjöf
- Hjartaáfall
- Heilablóðfall
- Sýking vegna lifandi bóluefnis af völdum veiklaðs ónæmiskerfis
- Fylgikvillar eftir aðgerð (þ.m.t. fylgikvillar með og án sýkinga).

Aðrar aukaverkanir sem geta komið fyrir hjá börnum og unglíngum

Aðrar aukaverkanir komu fyrir hjá börnum sem fengu infliximab við Crohns sjúkdómi borið saman við fullorðna sem fengu infliximab við Crohns sjúkdómi. Aukaverkanir, sem komu oftast fyrir hjá börnum, voru: of fá rauð blóðkorn í blóði (blóðleysi), blóð í hægðum, lítið heildarmagn hvítra blóðfrumna í blóði (hvítkornafæð), roði eða andlitsroði, veirusýkingar, lítið magn daufkyrninga sem eru hvítar blóðfrumur sem vinna gegn sýkingum (daufkyrningafæð), beinbrot, bakteríusýking og ofnæmisviðbrögð í öndunarvegi.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Inflectra

Heilbrigðisstarfsfólk mun venjulega geyma Inflectra á sjúkrahúsi eða lækna stofu. Ef þú þarft leiðbeiningar um geymslu eru þær eftirfarandi:

- Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
- Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum og öskjunni á eftir „EXP“. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.
- Geymið í kæli (2°C - 8°C).
- Lyfið má einnig geyma í upprunalegu öskjunni utan kælis við hitastig sem er að hámarki 25°C í eitt tímabil sem varir í allt að 6 mánuði en ekki umfram upprunalega fyrningardagsetningu. Eftir þetta má ekki setja lyfið aftur í kæli. Skrifa á nýja fyrningardagsetningu á öskjuna þ.m.t. dag/mánuð/ár. Fargið lyfinu ef það hefur ekki verið notað fyrir nýju fyrningardagsetninguna eða fyrningardagsetninguna sem prentuð er á öskjuna, miðað skal við fyrri fyrningardagsetninguna.
- Ráðlagt er að nota blandaða Inflectra lausn eins fljótt og auðið er (innan 3 klukkustunda). Ef lausnin er blönduð við smitgát, má hins vegar geyma hana í kæli við 2°C - 8°C í allt að 60 daga og í 24 klukkustundir til viðbótar við 25°C eftir að hún er tekin úr kælinum.
- Ekki skal nota lyfið ef lausnin er mislit eða inniheldur agnir.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Inflectra inniheldur

- Virka innihaldsefnið er infliximab. Hvert hettuglas inniheldur 100 mg af infliximabi. Eftir blöndun inniheldur hver ml 10 mg af infliximabi.
- Önnur innihaldsefni eru súkrósi, pólýsorbit 80, natríumdíhýdrógenfosfat monóhýdrat og dínatríumfosfat díhýdrat.

Lýsing á útliti Inflectra og pakkingastærðir

Inflectra er í glerhettuglasi sem inniheldur stofn fyrir innrennslisþykkni, lausn. Stofninn er hvítur.

Inflectra er í pakkingum með 1, 2, 3, 4 eða 5 hettuglösum. Ekki er víst að allar pakkingastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi

Pfizer Europe MA EEIG
Boulevard de la Plaine 17
1050 Bruxelles
Belgía

Framleiðandi

Hospira Zagreb d.o.o.
Prudnička cesta 60
10291 Prigorje Brdovečko
Króatía

Hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað ef óskað er upplýsinga um lyfið:

België/Belgique/Belgien
Luxembourg/Luxemburg
Pfizer NV/SA
Tél/Tel: +32 (0)2 554 62 11

Lietuva
Pfizer Luxembourg SARL filialas Lietuvoje
Tel: +370 5 251 4000

България

Пфайзер Люксембург САРЛ, Клон България
Тел.: +359 2 970 4333

Česká republika

Pfizer, spol. s r.o.
Tel: +420 283 004 111

Danmark

Pfizer ApS
Tlf: +45 44 20 11 00

Deutschland

PFIZER PHARMA GmbH
Tel: +49 (0)30 550055-51000

Eesti

Pfizer Luxembourg SARL Eesti filiaal
Tel: +372 666 7500

Ελλάδα

Pfizer Ελλάς Α.Ε.
Τηλ: +30 210 6785800

España

Pfizer, S.L.
Tel: +34 91 490 99 00

France

Pfizer
Tél: + 33 (0)1 58 07 34 40

Hrvatska

Pfizer Croatia d.o.o.
Tel: +385 1 3908 777

Ireland

Pfizer Healthcare Ireland Unlimited Company
Tel: +1800 633 363 (toll free)
Tel: +44 (0)1304 616161

Ísland

Icepharma hf.
Sími: +354 540 8000

Italia

Pfizer S.r.l.
Tel: +39 06 33 18 21

Magyarország

Pfizer Kft.
Tel.: + 36 1 488 37 00

Malta

Drugsales Ltd
Tel: +356 21419070/1/2

Nederland

Pfizer bv
Tel: +31 (0)800 63 34 636

Norge

Pfizer AS
Tlf: +47 67 52 61 00

Österreich

Pfizer Corporation Austria Ges.m.b.H.
Tel: +43 (0)1 521 15-0

Polska

Pfizer Polska Sp. z o.o.
Tel.: +48 22 335 61 00

Portugal

Laboratórios Pfizer, Lda.
Tel: +351 21 423 5500

România

Pfizer Romania S.R.L.
Tel: +40 (0) 21 207 28 00

Slovenija

Pfizer Luxembourg SARL
Pfizer, podružnica za svetovanje s področja
farmacevtske dejavnosti, Ljubljana
Tel: +386 (0)1 52 11 400

Slovenská republika

Pfizer Luxembourg SARL, organizačná zložka
Tel: +421 2 3355 5500

Suomi/Finland

Pfizer Oy
Puh/Tel: +358 (0)9 430 040

Sverige

Pfizer AB
Tel: +46 (0)8 550 520 00

Κύπρος

Pfizer Ελλάς A.E. (Cyprus Branch)

Τηλ: +357 22817690

Latvija

Pfizer Luxembourg SARL filiāle Latvijā

Tel: + 371 670 35 775

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður

Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <https://www.ema.europa.eu>.

Upplýsingar á íslensku eru á <https://www.serlyfjaskra.is>.

Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsmönnum:

Afhenda skal sjúklingum sem eru í meðferð með Inflectra áminningarkort sjúklings.

Meðhöndlun lyfsins – geymsluskilyrði

Geymið við 2°C – 8°C.

Inflectra má geyma við hitastig sem er að hámarki 25°C í eitt tímabil sem varir allt að 6 mánuði en ekki umfram upprunalega fyrningardagsetningu. Nýja fyrningardagsetningu skal rita á öskjuna. Eftir að Inflectra hefur verið tekið úr kæli má ekki setja það aftur í kæli.

Meðhöndlun lyfsins – blöndun, þynning og gjöf

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja, skal skrá greinilega sérheiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er.

1. Reikna þarf út skammtinn og fjölda Inflectra hettuglasa. Hvert Inflectra hettuglas inniheldur 100 mg af infliximabi. Reikna þarf út heildarrúmmál af Inflectra lausn sem þarf til.
2. Að viðhafðri smitgát skal blanda 10 ml af vatni fyrir stungulyf í hvert Inflectra hettuglas með sprautu sem er með 21 gauge (0,8 mm) eða minni nál. Hettuna þarf að fjarlægja af hettuglasinu og þurrka þarf stútin með þurrku vættri í 70% alkóhóli. Sprautunálinni skal stinga í miðju gúmmítappa hettuglassins og beina skal vatninu meðfram hliðum þess. Hettuglasinu skal hringsnúa varlega til að koma örlítilli hreyfingu á lausnina til að duftið leysist upp. Forðast skal langvarandi og kraftmikinn hristing. **EKKI MÁ HRISTA HETTUGLASIÐ.** Froða getur myndast í lausninni við blöndun. Lausnin skal standa í 5 mínútur eftir blöndun. Lausnin á að vera litlaus eða ljósgul og ópallýsandi. Lausnin getur innihaldið hálfgegnisæjar agnir þar sem infliximab er prótein. Ekki má nota lausnina ef til staðar eru ógegnisæjar agnir, mislitun eða aðrar framandi agnir.
3. Þynna skal uppleysta Inflectra skammtinn sem á þarf að halda í 250 ml með 9 mg/ml (0,9%) natríumklóríð innrennslislyfi, lausn. Ekki þynna uppleyst Inflectra með öðru þynningarefni. Þynningin er gerð með því að fjarlægja samsvarandi rúmmál af 9 mg/ml (0,9%) natríumklóríð innrennslislyfi, lausn og rúmmál hins uppleysta Inflectra skammts úr 250 ml flöskunni eða pokanum. Uppleysta Inflectra skammtinum sem á þarf að halda skal svo bæta hægt út í 250 ml flöskuna eða pokann og blanda varlega. Þegar rúmmál er meira en 250 ml, skal nota annaðhvort stærri innrennslispoka (t.d. 500 ml, 1.000 ml) eða marga 250 ml innrennslispoka til að tryggja að styrkur innrennslislausnarinnar verði ekki hærri en 4 mg/ml. Ef innrennslislausnin er geymd í kæli eftir blöndun og þynningu þarf að leyfa henni að ná jafnvægi við stofuhita að 25°C í 3 klst. áður en skref 4 (innrennsli) er hafið. Geymsla lengur en 24 klst. við 2°C - 8°C á aðeins við um Inflectra í innrennslispokanum.
4. Innrennslið skal gefa á tíma sem er ekki styttri en ráðlagður innrennslistími (sjá kafla 3). Eingöngu skal nota innrennslissett með dauðhreinsaðri síu sem bindur prótein lítið (gatastærð 1,2 míkrometri eða minni). Þar sem ekkert rotvarnarefni er til staðar verður að byrja gjöf lyfsins eins fljótt og unnt er og innan þriggja klukkustunda frá blöndun. Ef það er ekki notað strax eru geymslutími og aðstæður fyrir notkun á ábyrgð notandans og myndu venjulega ekki vera lengri en 24 klukkustundir við 2 °C - 8 °C, nema blöndun/þynning hafi farið fram við stýrðar og gildaðar aðstæður við smitgát. Afgangslausn skal ekki geyma til endurnota.
5. Skoða skal Inflectra með tilliti til agna eða mislitunar áður en það eru gefið. Ef sjást ógagnsæjar agnir, mislitun eða aðrar agnir, skal ekki nota lausnina.
6. Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.